



Orðræða þróunar og andóf gegn henni
Samanburður á birtingarmyndum þróunarorðræðu á Íslandi og erlendis

Helga Katrín Tryggvadóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í þróunarfræðum

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Orðræða þróunar og andóf gegn henni
Samanburður á birtingarmyndum þróunarorðræðu á Íslandi og erlendis

Helga Katrín Tryggvadóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í þróunarfræðum
Leiðbeinandi: Jónína Einarsdóttir, prófessor

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

Útdráttur

Hér verður farið yfir birtingarmyndir orðræðu þróunar, annars vegar í hinum svokölluðu þróunarlöndum og hins vegar á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar er að bera saman þróunarorðræðu í þriðja heiminum og í „þróðu“ landi og varpa með því ljósi á alþjóðleika hennar. Til þess verður notast við kenningar Foucault um *orðræðu* og *stjórnvísku*. Rætt verður um hugtakið þróun sem er afar umdeilt og sýnt fram á valdatengsl innan þróunarorðræðunnar. Í þeim tilgangi að sýna fram á þessi valdatengsl er notast við hugmyndir Abu-Lughod um andóf sem leið til að greina vald. Því snýr rannsóknin að því að kanna andóf gegn þróunarverkefnum, þá helst þeim sem byggja á uppbyggingu stóriðju. Viðhorf þeirra sem hafa stundað slíkt andóf var kannað. Notast var við eigindlega aðferðafræði og byggja niðurstöðurnar á viðtölum, óformlegum samræðum og þátttökuathugun. Viðtöl voru tekin við einstaklinga sem hafa starfað með grasrótahreyfingum sem berjast fyrir verndun náttúrunar og landréttindum fólks í þriðja heims löndum. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að orðræða þróunar sé að miklu leyti sambærileg á Íslandi og í þriðja heims löndum. Andóf gegn þróunarverkefnum tekur ennfremur á sig svipaðar birtingarmyndir hér á landi og erlendis. Hið sama gildir um viðbrögð ríkja og stjórnvalda við andófinu.

Abstract

In this essay the discourse of development and its representations are discussed, both in the so-called developing countries and in Iceland. The main goal of the research is to compare the discourse of development in the Third World with the discourse in a „developed“ country and thereby to show the international character of this discourse. I discuss the highly criticized concept of development as well as the power relations within the development discourse. To do so I use the ideas of Abu-Lughod, of resistance as a method to analyze power. Therefore the research deals with resistance against development projects, in particular industrialization projects. The viewpoints of people who have resisted such projects were explored. The research method was qualitative and the conclusion was based on semi-structured interviews, participation research and informal conversations. Individuals who have worked with grass-root movements that struggle for protecting the environment and for land rights in the Third World were interviewed. The main conclusions are that the discourse of development is to a large extent comparable in Iceland and abroad. The same applies to the response of governments and corporations to the resistance.

Formáli

Ritgerð þessi nefnist *Orðræða þróunar og andóf gegn henni: Samanburður á þróunarorðræðu á Íslandi og erlendis* og er sextíu eininga rannsóknaritgerð til meistaraþrófs í þróunarfræðum við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi var Jónína Einarsdóttir, prófessor í mannfræði.

Ég vil fyrst og fremst þakka viðmælendum mínum fyrir að gefa mér af tíma sínum og treysta mér fyrir hugmyndum sínum og skoðunum. Án þeirra hefði þetta verkefni ekki orðið að veruleika. Leiðbeinanda mínum, Jónínu Einarsdóttur, vil ég þakka margar góðar ábendingar. Einnig eiga vinkonur mínar, Anna Þórsdóttir og Áslaug Einarsdóttir, þakkir skildar fyrir gott samstarf og hugmyndavinnu. Sérstakar þakkir fá Nonni og nýfædd dóttir mín fyrir að gera mér kleift að vinna þetta verkefni.

Helga Katrín Tryggvadóttir

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Abstract.....	4
Formáli.....	5
Efnisyfirlit.....	6
1. Inngangur.....	8
2. Hugtakið þróun: Uppruni og saga.....	10
1. Hugtakið þróun.....	10
2. Saga og uppruni þróunar.....	13
3. Gagnrýni.....	17
1. Sjálfbær þróun.....	20
2. Aðrar leiðir til þróunar eða aðrar leiðir en þróun?	21
3. Þróun í ljósi kenninga Foucault.....	23
1. Orðræða þróunar.....	23
2. Stjórnvíska þróunar.....	26
1. Sérfræðipækking.....	29
3. Alþjóðleg stjórnvíska.....	31
1. Alþjóðlegar stofnanir.....	33
2. Frjáls félagasamtök.....	35
4. Þróun sem nývæðing, afnám fátæktar, kapítalismi.....	36
1. Þróun sem nývæðing.....	36
1. Þekking – glötun þekkingar.....	38
2. Íbúar þriðja heims landa.....	40
2. Þróun sem afnám fátæktar.....	41
3. Þróun sem kapítalísk iðnvæðing.....	44
1. Vald stórfyrirtækja.....	46
5. Andóf gegn orðræðu þróunar.....	49
1. Andóf gegn þróun.....	49
2. Hnattvæðing og hnattrænt andóf.....	50
3. Nýjar félagslegar hreyfingar.....	51
4. Nauðugur brottflutningur.....	53
5. Menning sem andóf.....	55
6. Náttúruvernd.....	57
7. Viðbrögð við andófi.....	59
6. Vettvangurinn.....	62
1. Þróunarorðræða á Íslandi.....	62
2. Þróun og þjóðernishyggja.....	63
3. Byggðapróun.....	64
4. Virkjanir og stóriðja.....	67
5. Andóf gegn þróun á Íslandi.....	68
7. Aðferðafræði	71
1. Vettvangur og þátttaka.....	72
2. Viðtöl og greining gagna.....	73
3. Siðferðileg álitamál	75
8. Niðurstöður.....	77

1. Hugmyndir um þróun.....	78
2. Þróun sem nývæðing.....	81
3. Þróun sem iðnvæðing.....	83
4. Þróun sem hagvöxtur.....	85
5. Sjálfbær þróun.....	87
6. Byggðastefna.....	88
7. Hvernig byrjaði andófið?.....	89
8. Baráttumál og hugmyndafræði.....	91
9. Hnatrænt eða staðbundið andóf.....	94
10. Fjölmiðlar.....	95
11. Viðbrögð við andófi.....	98
12. Viðbrögð við beinum aðgerðum.....	100
13. Samantekt.....	102
9. Umræður.....	103
1. Hugmyndir um þróun.....	103
2. Þróun sem nývæðing.....	105
3. Þróun sem iðnvæðing.....	106
4. Þróun sem hagvöxtur.....	109
5. Sjálfbær þróun.....	110
6. Andóf gegn þróun.....	111
7. Hnatrænt eða staðbundið andóf.....	112
8. Fjölmiðlar.....	113
9. Viðbrögð við andófi.....	114
10. Samantekt.....	115
10. Lokaorð.....	117
11. Heimildir.....	119

1. Inngangur

Hér mun ég fjalla um það hvernig orðræða þróunar birtist í þróunarlöndunum annars vegar og á Íslandi hins vegar. Eins mun ég kanna hvernig andóf gegn þróun, eða þeim þáttum sem henni eru fylgjandi, birtist hér á landi og erlendis. Þegar kemur að rannsóknum á þróun og notkun hugtaksins er nauðsynlegt að hafa í huga þau valdatengsl sem liggja að baki. Um er að ræða flókinn veruleika sem líta má á út frá fleiru en einu sjónarhorni. Þróun og framfarir hafa gjarnan yfir sér jákvætt yfirbragð en þrátt fyrir það eru þetta gríðarlega umdeild fyrirbæri og víða er stundað andóf gegn tilteknum verkefnum eða samfélagsbreytingum sem framkvæmd eru í nafni þróunar. Í þessari ritgerð hef ég kosið að kalla það *andóf gegn þróun*. Í anda Arturo Escobar (1995) og James Ferguson (1994) mun ég greina hugmyndina um þróun í ljósi kenninga Michel Foucault um *orðræðu* en samkvæmt henni stýrir orðræða hugsun okkar og endurskapar með því valdatengsl. Líkt og Lila Abu-Lughod (1990) talar um er andóf ein leið til þess að greina vald og mun ég því rannsaka andóf í þeim tilgangi að varpa ljósi á vald orðræðu þróunar.

Það sem stýrir vali mínu á viðfangsefni er löngun til þess að tengja saman atburði sem eru að gerast alls staðar í heiminum. Heiminum er gjarnan skipt í tvo flokka; þróuð lönd og vanþróuð. Ég hef áhuga á því að tengja þessa flokka saman og sýna fram á að munurinn milli þeirra er oft minni en við viljum vera láta. Til þess að útskýra þetta notast ég við kenningar Foucault um *stjórnvísu* og útfærslu James Ferguson og Akhil Gupta (2002) á henni, sem þeir nefna *alþjóðlega stjórnvísu*. Þessar kenningar varpa ljósi á þá alþjóðlegu strúktúra sem stýra orðræðu þróunar og framkvæmd hennar á heimsvísu og hvernig þeir hafa áhrif á almenning. Lögð verður áhersla á alþjóðleika þróunar og staðbundnar birtingarmyndir hennar.

Í ritgerðinni fjalla ég um mismunandi hugmyndir um þróun en það sem flestar þeirra eiga sameiginlegt er að gera ráð fyrir því að til sé ferli sem nefnist „þróun“ og að það ferli sé í eðli sínu jákvætt. Þetta hefur verið harðlega gagnrýnt af ýmsum fræðimönnum líkt og Escobar (1995) og Balakrishnan Rajagopal (2003). Þeir og fleiri hafa einnig gagnrýnt þá undirliggjandi skoðun að hið vestræna

módel sé æðra öllum öðrum og að allur heimurinn eigi að fylgja því. Það felur í sér að þróun byggi fyrst og fremst á því að þróa efnahagskerfi með áherslu á hagvöxt og iðnvæðingu. Í þessari ritgerð mun ég fjalla um tengsl þróunar og iðnvæðingar. Orðræða þróunar birtist oft í áherslu á efnahagsþróun með uppbyggingu í stóriðju og orkuiðnaði en hér á landi er orðræðan gjarnan tengd við byggðapróun.

Við vinnslu rannsóknarinnar notaðist ég við eigindlega aðferðafræði þar sem megináherslan var lögð á hálfstöðluð viðtöl og þátttökuathuganir, auk óformlegra samtala. Andóf gegn þróun er stundað af mismunandi hópum fólks en vegna áherslunnar á hagvöxt og iðnvæðingu eru náttúruverndarsinnar þar á meðal. Við vinnslu rannsóknarinnar tók ég tíu djúp viðtöl við fólk sem hafði starfað með, eða tengst, náttúruverndarhreyfingum á Íslandi. Einnig tók ég fjögur styttri viðtöl í Kaupmannahöfn við fólk sem starfað hafði með mismunandi grasrótahreyfingum. Þeirra baráttumál beindust fyrst og fremst að réttindum fólks til að halda landi sínu en þróunarverkefni á borð við vatnsaflsvirkjanir eru algeng ástæða þess að fólk neyðist til að yfirgefa land sitt. Vettvangur rannsóknarinnar er fyrst og fremst að finna á Íslandi en þó er einnig um að ræða samanburð við aðra staði í heiminum. Viðmælendur mínir eru upprunnir í sjö ólíkum löndum og einskorðast viðhorf þeirra því ekki eingöngu við íslenskan veruleika.

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á þau valdatengsl sem ráða ríkjum innan þróunarorðræðunnar, hvernig sú orðræða er mótuð og fjalla um samspil valds og andófs innan hennar. Rannsóknarspurningarnar ganga út frá því að kanna notkun hugtaksins þróun, hvernig þróun er stýrt og birtingarmyndir hennar. Einnig kanna ég hvernig þessi orðræða og framkvæmd hennar birtist á Íslandi, sem telst „þróað“ land, miðað við hvernig hún birtist í þeim löndum sem í daglegu tali eru nefnd „þróunarlönd.“ Meginþungi ritgerðarinnar liggur í því að kanna afstöðu þeirra sem mótmæla þróunarverkefnum af einhverju tagi, þá oftast stóriðjuverkefnum. Viðhorf þeirra til hugmyndarinnar um þróun voru könnuð, sem og framkvæmd baráttu þeirra gegn stóriðjuframkvæmdum og hún sett í samhengi við kenningar um andóf.

2. Hugtakið þróun: Uppruni og saga

1. Hugtakið þróun

Þróun er hugtak sem ber yfir sér jákvætt yfirbragð og merkir í hugum flestra eitthvað sem fer batnandi með tíma. Íslensk orðabókarskýring felur í sér að þróun sé „framvinda“ eða „atburðarás“, „framför“ og „ferli frá lægra stigi til æðra“ (Árni Böðvarsson, 1983). Á íslensku er sama hugtakið notað yfir tvo ólíka þætti; annars vegar þróun í líffræðilegum skilningi (e. evolution) um það hvernig lífverur þróast úr einni tegund í aðra, og hins vegar þróun í félagslegum, eða sagnfræðilegum, skilningi (e. development), sem felur í sér breytingar á samfélagsgerðum, menningu og efnahag. Fyrir 1930 var hugtakið þróun aðallega notað yfir eitthvað sem breyttist smám saman yfir tíma. Í samhengi við nýlendustefnuna breyttist notkun hugtaksins frá því að merkja ósjálfráðar eða sögulegar breytingar og fór að eiga við um efnahagslegar breytingar sem stýrt var af ríkisstjórnnum. Það var þó ekki fyrr en um eða eftir 1940 sem hugtakið var nær einvörðungu tengt við efnahagslega þróun „vanþróaðra svæða“ (Escobar, 1995).

Hugmyndir fólks um þróun eru afar mismunandi og vilja sumir meina að þróun eigi bara við um efnahagsþróun tiltekinna svæða, á meðan aðrir segja að þróun eigi við um frelsun mannskyns frá hungri, ólæsi og fátækt. Til að mynda sjá Richard Peet og Elaine Hartwick (2009: 1) hugtakið í mjög jákvæðu ljósi: „Þróun þýðir betra líf fyrir alla“ segja þau í inngangi bókarinnar *Theories of Development*. Í bókinni lýsa þau þróun á nokkuð draumkenndan og útópískan hátt. Þannig segja þau þróun byggja á hugmyndum um nývæðingu, með þeirri trú að tækni, vísindi, lýðræði og siðfræði myndu búa til betri heim fyrir alla. Þennan skilning á þróun segja þau fullkomlega ólíkan þeim skilningi sem felur einungis í sér hagvöxt. „Ef hagvöxtur eyðileggur umhverfið eða hefur slæm áhrif atvinnulífið, er ekki um þróun að ræða“ (Peet og Hartwick, 2009: 1-2).

Aðrir hafa gagnrýnt þróun á þeim forsendum að hún sé í raun mjög takmörkuð og eigi einungis við um það að hin svokölluðu þróunarlönd eigi að fylgja eftir vestrænu módeli til þróunar. Þar sé fyrst og fremst litið á þróun sem efnahagslega. Sé tilgangur þróunar að afnema fátækt hljóti þróun fyrst og fremst að eiga við um

hagvöxt. Í þessum skilningi þróunar er hún álitin vera línulegt ferli þar sem hugmyndin er að þróunarlöndin séu stödd aftar en Vesturlönd, og þurfi að þróa efnahag sinn til þess að „ná“ þeim (Escobar, 1995; Porter og Sheppard, 1998). Tariq Banuri (1990a) bendir á að það sem kenningar innan þróunarfræða eigi sameiginlegt, allt frá marxisma til klassískrar hagfræði, er að líta á þróun sem línulega, þar sem Vesturlönd séu komin lengra á braut framfara en þróunarlönd. Þetta viðhorf má til að mynda sjá í hugmyndum hagfræðingsins Jeffrey Sachs (2005) sem líkir efnahagslegri þróun landa við stiga, þar sem löndum er raðað mishátt og um milljarður manns sem lifi við sárustu fátæktina nái ekki einu sinni upp í neðstu tröppuna. Edward Said (1978) setti hins vegar fram kenningu um að ímyndir þriðja heimsins séu í raun sköpunarverk Vesturlanda en hann segir að tengsl vestursins og austursins séu „tengsl valda, yfirráða og forræðis.“ Þannig væru hugmyndir um þróunarlönd, á borð við stigamyndlíkingu Sachs, í raun skapaðar í meðförum vestrænnar orðræðu.

Hugmyndin um þróun sem línulegt ferli náði mjög hratt fótfestu í opinberri orðræðu og stefnumótun á heimsvísu. Ef til vill var ástæða þess að hluta til að finna í því að hugmyndin féll bæði í geð þeim sem fylgjandi voru kapítalískri þróun og gagnrýnendum kapítalisma. Þróun í þessum skilningi kom heim og saman við kenningar Marx um díalektíska efnishyggju, þar sem samfélög gengju í gegn um mismunandi stig efnahagslegrar þróunar sem á endanum leiddu til kommúnisma. Þessi hugmyndafræði féll því vel að sögugreiningu Hegels sem Marx byggði kenningar sínar á, þar sem þróun var skoðuð í því ljósi að andstæðir þættir leiddu ávallt til framfara (Rajagopal, 2003). Vegna þess hversu umdeild þessi hugmynd um línulega þróun er hafa margir sett spurningarmerki við það að nota þróun sem leið til að skilgreina meirihluta landa heimsins; sem *þróunarlönd*. Samkvæmt Rajagopal (2003) er hugmyndin um þróun svo máttug að allt sem ekki tengist Vesturlöndum er stýrt af henni, ekki síst samheitið *þróunarlönd*, sem felur í sér að þessi lönd eru einvörðungu séð í ljósi þróunar. Við þetta bætast ímyndir í fjölmiðlum og víðar sem endurspeglar þessa hugmynd, þar sem fátækrahverfi og vannærð börn eru sýnd í forgrunni (Rajagopal, 2003).

Margir hafa gagnrýnt hugtakið þróunarlönd, þar sem það felur í sér þá hugmynd að lönd verði að þróast og ná því sem „þróuð“ lönd hafa nú þegar náð. Önnur nöfn hafa verið notuð til þess að fjalla um þau lönd sem í daglegu tali eru

kennd við þróun, má þar nefna orðin *lágtekjulönd*, *suðrið* eða *þriðji heimurinn*. Öll hafa þau þó verið gagnrýnd fyrir að vera gildishlaðin og hafa fengið á sig neikvæða merkingu. Lágtekjulönd felur í sér flokkun eftir tekjum landa, og er að nokkru leyti ónákvæmur samnefnari fyrir þau lönd sem teljast til þróunarlanda. Suðrið hefur öðlast gildishlaðna merkingu sem minnir á fátækt og hungur. Einnig má benda á að franskri heimspekingurinn Montesquieu átti þátt í að breyta ímynd norðurs og suðurs þannig að norðrið fékk á sig jákvæða eiginleika en suðrið, ásamt austrinu, neikvæða (Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir, 2007; Íris Ellenberger, 2007). Þrátt fyrir að þriðja heims ríki hafi líka yfir sér yfirbragð fátæktar mun ég hér fylgja fordæmi þeirra höfundna sem ég byggi verkefni mitt að miklu leyti á og eiga uppruna sinn að rekja til þriðja heims landa, en þeir fjalla í verkum sínum um þriðja heims lönd (Escobar, 1995; Rajagopal, 2003; Padel og Das, 2010). Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir (2007) benda á hugtakið *þriðji heimurinn* eigi rætur sínar að rekja til frönsku byltingarinnar og feli í sér skírskotun til „baráttunnar fyrir réttlátari heimi“ sem eigi vel við ríki þriðja heimsins. Hugtakið rekur rætur sínar aftur til misréttis á tímum frönsku byltingarinnar þar sem samfélagið var flokkað í þrjár stéttir og mynduðu aðalsmenn og klerkar fyrstu stéttina en þeirri þriðju tilheyrðu bændur, menntamenn, borgarar og iðnverkamenn. Síðar var hugtakið tekið upp í tengslum við kalda stríðið þar sem Vesturlönd töldust til fyrsta heimsins, Sovétríkin og Austur-Evrópa til annars heims landa og fyrrum nýlenduveldin, sem að mestu reyndu að standa utan átaka kalda stríðsins, töldust til þriðja heimsins (Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir, 2007).

Hugmyndin um þróun hefur náð svo mikilli fótfestu að hún hefur jafnvel verið skrifuð inn í mannréttindi. Árið 1986 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna *réttinn til þróunar* (e. declaration on the right to development). Hann á við um: „óframseljanleg mannréttindi þar sem hver einstaklingur og hver þjóð hefur rétt á að taka þátt í, leggja af mörkum til og njóta efnahagslegrar, félagslegrar, menningarlegrar og pólitískrar þróunar, þar sem hægt er að öðlast að fullu öll réttindi og grundvallarfrelsi“¹ (Rajagopal, 2003: 220). Samkvæmt Rajagopal höfðu sum þriðja heims ríki þrýst á mikilvægi þróunar fram yfir

1 e. „The right to development means: 'an inalienable human right by virtue of which every human person and all peoples are entitled to participate in, contribute to, and enjoy economic, social, cultural and political development, in which all rights and fundamental freedoms can be fully realized'.“

mikilvægi mannréttinda, þ.e að efnahagsleg þróun; minnkun fátæktar, hækkun lífskjara og minna atvinnuleysi, ætti að hafa forgang yfir borgaraleg réttindi fólks. Þetta felur í sér að ríkisstjórnir eigi að hafa möguleika á því að stuðla að efnahagsþróun án þess að vera sakaðar um að brjóta á mannréttindum fólks með aðgerðum sínum. Skilningurinn á hugtakinu *réttur til þróunar* virðist þó mismunandi eftir því hver setur skilgreininguna fram. Eins og Rajagopal bendir á þá má skilja þetta hugtak sem útvíkkun mannréttindahugtaksins, frá því að eiga einungis við um einstaklinga í það að ná yfir samfélög eða hópa. Því veitir þetta hugtak grasrótahreyfingum möguleikann á því að notast við mannréttindahugtakið til að mótmæla ofbeldi gegn samfélögum sínum. Hins vegar geti rétturinn til þróunar einnig meint; „réttinn til mikils hagvaxtar án tillits til fórnarkostnaðar fyrir umhverfi og samfélag [...] rétt ríkja til að menga ár, neyða fólk til brottflutnings og til að skapa þróunarflóttamenn“² (Rajagopal, 2003: 219–20). Sé hins vegar notast við þann skilning á hugtakinu réttur til þróunar, að það eigi við rétt samfélaga til að ákvarða sína eigin þróun, getur það hugsanlega þýtt að samfélög hafi rétt til þess að hafna þróun. Rajagopal (2003: 221) telur að „þetta gæti haft þau áhrif að hin kapítalíska undirstaða alþjóðlegrar stjórnskipunar myndi sundrast, þar sem hún byggir á því að viðhalda hagnaði með arðráni auðlinda og því að skipta út hefðbundnum lífsháttum fyrir nútímalífshætti.“³

2. Saga og uppruni þróunar

Þótt oft sé talað um Marshall áætlunina sem upphaf þróunaraðstoðar og ræðu Harry Trumans árið 1949 sem mikilvæga byrjun í því ferli, má í raun rekja hugmyndafræði hennar aftur til nýlendanna. Þróun var arftaki nýlendustefnunnar, og tók við af henni upp úr 1950, um leið og nýlendurnar öðluðust sjálfstæði og byrjuðu að byggja upp þjóðskipulag sitt. Hugmyndafræðina á bak við þróun má þó rekja enn aftar, eða til trúboðanna. Það voru því ekki ríkisstjórnir sem hófu veitingu þróunaraðstoðar, heldur sjálfstæð samtök, ekki síst trúboðasamtök. Mörg samtök sjálfboðaliða sem vinna að þróunaraðstoð voru komin til sögunnar löngu á

2 e. „the right to development means the right to expand their economies rapidly, irrespective of environmental or social costs [...] a right of states to pollute rivers, displace people, and create development refugees.“

3 e. „this would have had the consequence of fundamentally disrupting the capitalist basis of the international order, which relies on rapid exploitation of resources for profit by replacing traditional practices with modern ones.“

undan opinberum þróunarstofnunum. Má þar nefna CARE, Oxfam, Christian Aid og Save the Children (Riddell, 2007; Rajagopal, 2003). Hugmyndin um efnahagslega þróun samfélaga er einnig upprunnin í kenningum Marx, sem gerði ráð fyrir því að þróun framleiðsluþátta ylli breyttum samfélagsgerðum. Þannig hafi samfélög manna þróast frá frumkommúnisma til kapítalísks iðnaðarsamfélags (Peet og Hartwick, 2009).

Umræðan um þróun um miðja síðustu öld var ekki ýtt úr vör af iðnríkjunum eingöngu, heldur kom frumkvæðið að henni ekki síður frá löndum Rómönsku-Ameríku og Asíu. Til að byrja með sneri hún aðallega að uppbyggingu á innviðum landanna (Riddell, 2007). Rajagopal (2003) bendir þó á að hugmyndin um þróun hafi hentað fyrrum nýlendþjóðum, sem vildu ólmar byggja upp þjóðríki í anda Vesturlanda eftir að hafa fengið sjálfstæði. Það hafi þó helst verið elítur þessara landa, oft menntaðar í nýlenduvelgunum, sem hafi viljað fylgja vestrænni fyrirmynd. Þetta kom þó ekki í veg fyrir að innan ríkjanna ríktu oft miklar deilur, og jafnvel átök, um hvort fara skyldi leið vestrænnar þróunar. Rökin fyrir þróunaraðstoð voru ekki aðeins þau að auka lífsgæði fólks, heldur einnig að stuðla að friði og öryggi og meðal annars koma í veg fyrir uppreisnir í þriðja heiminum (Riddell 2007; Rajagopal, 2003).

Samkvæmt Rajagopal (2003) byggir þróun að miklu leyti á hugmyndinni um *nývæðingu* (e. modernism) þar sem trú á vestæn vísindi og þekkingu voru höfð að leiðarljósi. Trúin á nývæðingu var mjög ráðandi á þeim tíma sem hugmyndin um þróun kom fyrst fram; um og eftir seinni heimstyrjöld þegar nýlendurnar öðluðust sjálfstæði sitt. Caroline Robb (2004) talar um að fram til 1960 hafi þróunaraðstoð að mestu verið veitt án skilyrða en með tilkomu kalda stríðsins var hún í auknum mæli tengd hagsmunum Bandaríkjanna eða Sovétríkjanna. Á þessum tíma var litið svo á að efnahagsvöxtur og iðnvæðing myndu útrýma „vanþróun“ (e. underdevelopment). Iðnvæðing átti að leysa landbúnað af hólmi og hagvöxtur átti að seytla niður til fátækra. Í byrjun áttunda áratugar síðustu aldar fór það þó að vera mörgum ljóst að hagvöxtur einn og sér var ekki nægilegur til að draga úr fátækt.

Því kom fram stefna sem byggði á hagvexti og endurdreifingu (e. redistribution with growth). Á þessum tíma var fjárhagsaðstoð helst veitt í þeim tilgangi að opna

markaði fyrir vestræn fyrirtæki og þróunarverkefni tóku oft lítið tillit til aðstæðna í landinu (Robb, 2004). Um miðjan áttunda áratuginn beitti Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, sér fyrir því að þróunaraðstoð stefndi að því að veita öllum helstu nauðsynjar (e. basic needs approach). Árið 1973 lýsti yfirmaður Alþjóðabankans, Robert McNamara, yfir stuðningi við nauðsynjastefnuna og að minnkun fátæktar væri aðalmarkmið bankans. Bankinn fór því að lána meira til dreifðari byggða, stefna sem kölluð hefur verið *sambætt byggðapróunarstefna* (e. Integrated Rural Development Projects). Gallinn var hins vegar skilningsleysi bankans á veruleika dreifðari byggða og áhersla á óhentuga uppbyggingu innviða. Þessum verkefnum mistókst að ná til hinna fátækustu og lítill skilningur á dreifbýlislífi leiddi til nýrrar stefnu, *hraðrar úttektar á dreifbýli* (e. Rapid Rural Appraisal) sem átti að taka mið af röddum fólksins sjálfs sem fengi aukið vægi í skipulagningu verkefnanna (Robb, 2004).

Í kjölfar lánsfjárræppunnar í mörgum löndum Rómönsku-Ameríku í byrjun níunda áratugar síðustu aldar fór Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að veita fjármagni til þróunarlandanna í formi skilyrtra lána, en skilyrðin hafa verið nefnd einu nafni *kerfisbundin aðlögun* (e. structural adjustment). Kerfisbundin aðlögun fól í sér að ekki var lengur lánað til sérstakra verkefna, heldur voru lánin veitt til að rétta af fjárhag ríkja. Að sama skapi fylgdu þeim áföst skilyrði um heildar stefnumótun ríkjanna í fjármálum. Skilyrðin voru talin leið til þess að þrýsta á þriðja heims ríki að fylgja eftir frjálshyggjukeningum hagfræðinnar. Leiðin boðaði því minni afskipti ríkisins af efnahagnum með niðurskurði á fjárframlögum til heilbrigðis og menntakerfa, fljótandi gjaldmiðli, einkavæðingu og niðurfellingu á tollum, innflutningshöftum og niðurgreiðslu matvæla. Þetta var álitid koma fjárhag landanna á réttan kjöl og draga úr halla á ríkisrekstri (Robb, 2004; Bøås og McNeill, 2003). Kerfisbundinni aðlögun hefur verið mótmælt allt frá upphafi víða í þriðja heims löndum, til að mynda í Egyptalandi, Marokkó, Dóminíska lýðveldinu og Zambíu. Þessi mótmæli stöfuðu fyrst og fremst af því að niðurskurðurinn fólst í því að niðurgreiðslu matvæla var hætt en því fylgdu gríðarlegar hækkanir á matvælaverði (Boughton, 2001). Gagnrýni á stefnuna kom meðal annars frá femínistum og UNICEF þar sem niðurskurður í heilbrigðis- og menntakerfum bitnaði einna helst á börnum og konum. Þessi gagnrýni náði þó ekki eyrum Alþjóðabankans (Pearson, 2005). Á níunda áratugnum bar á vonleysi í

þróunaraðstoð. Kerfið reyndist opið fyrir spillingu, umbæturnar komust ekki til skila og þróunaraðstoð virtist gera ríki veikari fyrir lánaþreppum. Fátækt hafði aukist víðast hvar og urðu afleiðingar hennar alvarlegri en áður, þar sem borga þurfti fyrir ýmsa þjónustu sem ríkið hafði áður veitt (Robb, 2004).

Hinn svokallaði Washington sáttmáli, sem settur var fram árið 1989 af John Williamson byggði á svipuðum forsendum og kerfisbundin aðlögun. Hann var kynntur til sögunnar sem sú leið í efnahagsþróun sem aðilar í alþjóða fjármálastofnunum væru á eitt sáttir um að væri sú rétta í efnahagsþróun Suður-Ameríku. Síðar var farið að líta á stefnumörkun Washington sáttmálans sem stefnu í þróunarmálum almennt hjá Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (Robb, 2004; Williamson, 2005). Upp úr 1990 var hætt að veita lán með skilyrðum sem fólu í sér kerfisbundna aðlögun. Meiri áhersla var lögð á afnám fátæktar og að verkefni væru skipulögð af löndunum sjálfum. Skýrsla á vegum Alþjóðabankans áratug síðar fól í sér að þróunaraðstoð skilaði því sem til væri ætlast; auknu öryggi, auknum efnahagslegum möguleikum og stuðlaði að valdeflingu (Riddell, 2007). Á þessum tíma kom þó einnig fram sterk gagnrýni á völd yfirþjóðlegra og þverþjóðlegra aflu, þ.e á alþjóðlegu fjármálastofnanirnar og völd stórfyrirtækja þar sem ákvarðanir sem teknar væru á þessu yfirþjóðlega sviði hefðu áhrif á líf milljarða fólks víða um heiminn (Robb, 2004).

Engin stefna hefur í raun leyst af Washington sáttmálann sem ráðandi stefna í þróunarsamvinnu en Sam Hickey (2008) bendir þó á að hann hafi með tímanum þróast yfir í það sem kalla mætti „tæmandi frjálshyggju“ (e. inclusive liberalism) þar sem áherslan hafi verið lögð á minnkun fátæktar og góða stjórnsýslu. Í ljósi efnahagskreppunnar sem hófst árið 2008 er afar óvíst hvaða stefnu þróunarsamvinna taki á næstu árum. Ríki heims hafa undanfarið lagt höfuðáhersluna á að bjarga eigin efnahag, á meðan alþjóðlegu fjármálastofnanirnar hafa gert tilraunir til að endurlífga fjármálakerfi heimsins. Efasemdir um hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar hafa sprottið fram í kjölfar efnahagskreppunnar og munu þróunarfræði trúlega eyða næstu mánuðum og árum í að „tína nothæfa bita upp úr rústunum“⁴ eins og Rachel Silvey orðar það (2010: 829).

4 e. „development scholarship will be required to pick through the debris.“

3. Gagnrýni

Fjöldmargir einstaklingar innan og utan akademíunnar og þróunarstofnanna hafa gagnrýnt þróun eins og hún hefur verið framkvæmd í gegn um tíðina. Þessi gagnrýni hefur komið úr ýmsum áttum, allt frá hugmyndum byggðum á kenningum Marx og Foucault, kenningum feminista, sem og frá fólki innan þróunarlandanna sem byggir gagnrýni sína á eigin upplifun á framkvæmd þróunar. Ólíkt þeim kenningum í þróunafræði sem hafa verið ráðandi í gegn um tíðina þar sem sagan er ekki tekin inn í reikninginn byggja þessar gagnrýnu nálganir að miklu leyti á sögulegum þáttum og því hvernig samskiptum Vesturlanda við lönd þriðja heimsins hefur verið háttað (Peet og Hartwick, 2009).

Ferguson (1994) bendir á að í umræðu um þróun sé talað um hina „vanþróðu“ eins og þeir hafi lifað í tómarúmi til okkar daga, en það dragi upp ranga mynd, því í raun sé um aldagömul tengsl milli „þróunarlanda“ og Vesturlanda að ræða, sem ekki síst sé að finna í heimsvaldastefnu Vesturlanda. Heimsvaldastefna (e. imperialism) fól í sér arðrán Evrópubúa á verðmætum og vinnuafli annarra heimshluta og því að neyða upp á þá ósanngjarna viðskiptahætti. Marxistar hafa gjarnan litið á heimsvaldastefnu Vesturlanda sem afleiðingar kapítalisma, þar sem hann byggist á sífelldri stækkun markaða, þrýstingi frá samkeppnisaðilum um lágt verð og meðfylgjandi nauðsyn fyrir ódýr hráefni og stöðuga neyslu. Kapítalískt kerfi krefst stanslauss hagvaxtar og því þarf kerfið að leggja undir sig stöðugt stærra landsvæði (Peet og Hartwick, 2009; Porter og Sheppard, 1998).

Hin svokallaða tengslakenning (e. dependency theory) byggir að nokkru leyti á marxískum grunni. Margir þeirra fræðimanna sem aðhylltust tengslakenninguna komu frá ríkjum Suður-Ameríku og því byggir hún að miklu leyti á aðstæðum þar. Þessi kenning gerir ráð fyrir því að lönd skiptist í jaðarsvæði (e. periphery) og kjarna (e. center). Í tengslakenningu eru það tengsl jaðarsvæðanna (þriðja heims ríkja) við kjarnasvæði (Evrópu) sem eru álitin valda vanþróun, en að vanþróun sé ekki eitthvað upprunalegt ástand landanna (Porter og Sheppard, 1998). Einn af þekktustu kenningarsmiðum tengslakenninga var hagfræðingurinn Andre Gunder Frank en hann taldi vanþróun stafa af sögulegum þáttum, sem voru þeir sömu og ollu þróun kapítalisms. Samkvæmt þessari kenningu stýrist efnahagskerfi jaðarsvæðanna af efnahagslegum þörfum kjarnans, en ekki af þörfum fólks á

jaðarsvæðunum (Peet og Hartwick, 2009). Rajagopal (2003) gagnrýnir tengslakenningu fyrir að viðurkenna hugmyndina um þróun sem ferli í átt að vestrænni nývæðingu, sem dragi mjög úr róttækni kenningarinnar. Hún hafi því, þrátt fyrir að gagnrýna viðskiptaforsendur milli þriðja heims ríkja og Vesturlanda, haft til að bera „hugarfar nýlenduveldanna“ um nauðsyn þess að endurmennta óupplýstan fjöldann.

Hagfræðingurinn Arghiri Emmanuel þróaði tengslakenninguna lengra og taldi að yfirráð kjarnasvæðanna yfir jaðrinum fælist ekki bara í því að fjármagnshreyfingar væru „frjálsar,“ heldur einnig í því að hreyfingum vinnuafls væri hamlað, en með því væri hægt að viðhalda lágum launum á jaðarsvæðunum (Peet og Hartwick, 2009). Þetta er í samræmi við athuganir Lauru Carlsen (2008) um að fríverslunarsamningur Norður-Ameríku geri ráð fyrir frjálsum flutningi fjármagns milli svæðanna, en á sama tíma sé flutningi fólks frá Mexíkó til Bandaríkjanna hamlað, undir yfirskini öryggisráðstafana. Andre Gunder Frank taldi þróun aðeins geta átt sér stað þegar tengsl jaðarsvæðanna við heimskapítalismann hefðu verið rofin. Því var lausnin álitin vera að gera jaðarsvæðin óháð kjarnanum, sem var oft gert með því að vernda innlenda framleiðslu. Ef til vill má einnig gagnrýna tengslakenninguna fyrir að gera ráð fyrir sömu aðstæðum á öllum jaðarsvæðum og á því að enginn munur sé á misskiptingu innan þeirra (Peet og Hartwick, 2009; Porter og Sheppard, 1998).

Heimskerfiskenningar höggva að mörgu leyti í sama knérunn og tengslakenningarnar. Heimskerfiskenningarnar fjalla um hvernig allur heimurinn er samtengdur við kapítalískt kerfi, á meðan tengslakenningarnar horfa til tiltekinnar svæða. Áherslan í heimskerfiskenningunum er því á *kerfið* sem heild (Porter og Sheppard, 1998). Í þeim er einnig gert ráð fyrir að lönd skiptist í kjarna og jaðar, en þar að auki falli sum lönd í flokkinn „hálf-jaðarsvæði“ (e. semiperiphery). Helsti kenningarsmiður heimskerfiskenninga var Immanuel Wallerstein, en hann gerði ráð fyrir því að heimurinn væri samtengdur í eitt kerfi með sameiginlegri skiptingu vinnuafls. Þessi samtengdi heimsmarkaður byggði á ódýru vinnuafli á jaðarsvæðunum. Hann benti einnig á vald eigenda framleiðslutækjanna sem, ólíkt ríkisvaldinu, væri stöðugt. Ríkisvaldið væri aftur á móti óstöðugt vald (Peet og Hartwick, 2009). Samir Amin þróaði svipaða kenningu og Wallerstein á sama tíma. Hann benti meðal annars á það hvernig pólitískt vald hefur áhrif á

efnahagslega misskiptingu milli heimshluta og viðheldur þeim mynstrum sem kerfið byggir á, með sérhæfingu landa og viðskiptum þeirra á milli (Porter og Sheppard, 1998).

Sem svar við þeirri gagnrýni sem þróun hefur hlotið hafa nýjar nálganir verið settar fram af þróunarstofnunum, og hefur þeim verið ætlað að bæta vankanta þróunar. Sumar þessara nálgana hafa þó hlotið vissa gagnrýni fyrir að vera nýtt heiti á sama fyrirbærinu og leið til þess að innlima gagnrýnina inn í þróunarorðræðuna. Þeir sem gengið hafa harðast fram í gagnrýni sinni á fyrirbærið telja að þróun beri ekki í sér möguleikann á raunverulegum breytingum. Því sé nauðsynlegt að hugsa út fyrir ramma þróunarhugmyndarinnar í þeim tilgangi að leysa þau vandamál sem þróunarorðræðan fjallar um (Edelman og Haugerud, 2005). Þrátt fyrir að stór hluti gagnrýnnar sem komið hefur fram hafi ekki haft áhrif á framkvæmd þróunar hefur hluti hennar þó haft einhver áhrif í stefnumótun þróunarstofnana. Slíkar hugmyndir byggja meðal annars á því að eignarhald þróunarverkefna sé ekki bara í höndum þeirra sem veita fjármagnið heldur einnig ríkisstjórna landanna sjálfra (Rogerson, Hewitt og Waldenberg, 2004). Hugtakið þátttökunálgun (e. participation) var kynnt inn í orðræðu þróunarsamvinnu sem leið til þess að veita viðtakendum þróunaraðstoðar meira vald yfir þróunarverkefnum. Með þátttökunálgun er reynt að breyta þróunaraðstoð frá því að stefnumótun sé framkvæmd „ofan frá og niður“ í það að vera mótuð „neðan frá og upp.“ Í eðli sínu snýst þátttökunálgun um það að veita viðtakendum þróunaraðstoðar hlutdeild í valdi yfir þróunaraðstoðinni, sem áður var aðallega í höndum þróunarstofnanna og frjálsra félagasamtaka. Í stað þess að tala um viðtakendur og veitendur þróunaraðstoðar er í þátttökunálgun talað um „hagsmunaaðila“ (Nelson og Wright, 1995; Brock og Pettit, 2007). Af þessum sökum hefur því verið haldið fram að þátttökunálgun ein og sér leiði sjálfkrafa af sér valdeflingu en Maia Green (2000) bendir á að með því sé gert ráð fyrir því að þátttakendur lifi í tómarúmi, aðskildir frá félagslegum, sögulegum og pólitískum raunveruleika. Þetta skapi ennfremur ímynd af þiggjendum þróunaraðstoðar sem óvirkum viðföngum sem aðeins bíði eftir frelsandi afskiptum þróunarstofnanna. Því sé þessi leið í raun ekki valdeflandi heldur þvert á móti, og viðhaldi vandamálum með því að viðurkenna ekki efnahagsleg og samfélagsleg höft sem viðhalda fátækt í dreifbýli Afríku, Asíu og Rómönsku Ameríku (Green, 2000).

1. Sjálfbær þróun

Samkvæmt Rajagopal (2003) hafa þróun og náttúruvernd löngum verið álitin ósamrýmanleg og hefur einhver af hörðustu gagnrýninni á þróun komið frá náttúruverndarsinum. Árið 1972 var haldin ráðstefna í Stokkhólmi þar sem ályktun var lögð fram um að hagvöxtur gæti aldrei orðið óendanlegur vegna þess að aulindir jarðar væru ekki ótakmarkaðar. Þróun, framförum og hagvexti fylgja ýmis umhverfis- og vistfræðileg vandamál sem bitna harðast á fátæku fólki í þriðja heims löndum, og þá sér í lagi þá sem búa í dreifbýli og byggja lífsafkomu sína á landsins gæðum (Rajagopal, 2003; Banerjee, 1999). Til þess að takast á við þau umhverfisvandamál sem stöfuðu af ótakmörkuðum hagvexti var reynt að samræma þessi tvö ólíku viðfangsefni, þróun og náttúruvernd, með hugmyndinni um sjálfbæra þróun. Sjálfbær þróun hefur verið skilgreind á mismunandi vegu en grunnhugmyndin á bak við hana er að stuðla að þróun án þess að ganga um of á umhverfið (Banerjee, 1999). „Sjálfbær þróun er þróun sem mætir þörfum nútímans án þess að setja í hættu möguleika komandi kynslóða á að mæta sínum eigin þörfum“⁵ segir í skýrslu Brundtland-nefndarinnar (WCED, 1987).

Ýmsir hafa bent á að mótsögnin á bak við sjálfbæra þróun sé áherslan á hagvöxt samhliða umhverfisvernd. Rajagopal bendir á að þrátt fyrir að hugmyndin um sjálfbæra þróun gangi út á að samræma þessa þætti hafi henni aldrei tekist það í reynd. Tilraun var þó gerð til þess í Brundtland skýrslunni frá 1987 þar sem umhverfisvandamál voru álitin stafa af ágangi fátækra á umhverfið. Helsta leiðin til að berjast gegn umhverfisspjöllum væri því að berjast gegn fátækt. Nauðsynleg forsenda þess að hægt væri að afnema fátækt var tiltölulega mikill hagvöxtur (Rajagopal, 2003). Samkvæmt Escobar (1995) fjallaði Brundtland skýrslan lítið um slæm áhrif hagvaxtar á umhverfið en því meiri áhersla var lögð á hvaða áhrif hnignun umhverfisins hefði á hagvöxt. Einnig hefur Everett (1997) bent á það að sjálfbær þróun sé fremur óljóst hugtak en það hafi verið notað til þess að veita vissum verkefnum brautargengi og á sama tíma ætlað að friða þá sem hafa áhyggjur af umhverfisáhrifum þeirra, jafnvel í þeim beina tilgangi að fela pólitíska og efnahagslega hagsmuni að baki verkefnanna. Nauðsyn þess að þróun sé sjálfbær er víðast hvar undirstrikað í stefnumótun og almennri umfjöllun. Þegar hins vegar er kannað nánar ofan í kjölinn hvað við er átt með þessari sjálfbæru

5 e. „Sustainable development is development that meets the needs of the present without compromising the ability of future generations to meet their own needs.“

Þróun þá er það oft á tíðum fremur óljóst. Everett bendir á að sjálfbær þróun sé einungis enn ein leiðin til þess að stjórna íbúum þróunarlandanna. Takmarkið sé fremur að viðhalda hagvexti en raunveruleg umhverfisvernd (Everett, 1997). Felix Padel og Samarendra Das (2010) segja hugtakið sjálfbær þróun vera misnotað í umræðunni, þar sem það sé meðal annars notað af námufyrirtækjum sem í eðli sínu stundi ósjálfbæran iðnað.

2. Aðrar leiðir *til* þróunar eða aðrar leiðir *en* þróun?

Fá af viðfangsefnum félagsvísinda eru einfaldlega svört eða hvít, og fá hafa eins marga tóna af gráu eins og þróun. Eins og Escobar (2005 [1992]: 341) bendir á þá hefur verið erfitt að tala um þróun, mótmæli eða byltingu með sama öryggi og áður:

Þar til nýlega [...] fjallaði þróun mestmegnis um fjármagn, tækni og menntun og rétta stefnumótun og skipulag til að ná að sameina þessa þætti með góðum árangri. Andóf, á hinn bóginn, var álitíð fyrst og fremst snúast um stéttabaráttu og beinast gegn heimsvaldastefnu. Nú til dags eru þessi skil orðin ógreinileg og jafnvel heimsvaldastefna og stéttavitund hafa orðið fyrir óteljandi málamiðlunum.⁶

Þrátt fyrir gríðarlega gagnrýni á þróun undanfarin ár virðist lítið hafa breyst þó af og til sé umbótum komið á innan þróunarstofnanna. Lítið kemur þó fram um hvað eigi að koma í stað þróunar. Escobar (2005 [1992]) veltir því upp hvort ekki sé rétt að skapa nýja nálgun þar sem ekki þurfi endilega að fylgja eftir nútímavæðingu Vesturlanda. Þetta sé því nálgun sem felur í sér aðrar leiðir *en* þróun, í stað annarra leiða *til* þróunar. Það myndi fela í sér aukið sjálfræði lítilla samfélaga, og virðingu fyrir menningu þeirra og þekkingu. Einnig þyrfti að standa vörð um grasrótargreyfingar og veita fólki möguleika á að feta sínar eigin brautir í skipulagningu samfélags síns og efnahags. Hugmyndir fólks um þessar breytingar eru mjög mismunandi og má til að mynda greina þrjár „orðræður“ í andófi íbúa Rómönsku-Ameríku. Sú fyrsta er hugmyndin um að uppfylla grunnþarfir fólks

6 e. „Until recently, [...] development was chiefly a matter of capital, technology, and education and the appropriate policy and planning mechanisms to combine these elements successfully. Resistance, on the other hand, was primarily a class issue, and a question of imperialism. Nowadays this distinction has been muddled, and even imperialism and class are thought to be the object of innumerable mediations.“

með hugmyndina um jafnrétti í fyrirrúmi. Önnur þeirra er hugmyndin um fjölbreytileika, þar sem menningarlegur munur er virtur og sjálfsákvörðunarréttur samfélaga er hafður að leiðarljósi. Sú þriðja er andóf gegn þróun, þar sem leitað er leiða til að gjörbreyta nútíma, kapítalísku skipulagi en þess í stað unnið að því að skipuleggja samfélög og efnahag á annan hátt en nú er gert (Escobar, 2005 [1992]). Rajagopal (2003) tekur undir þetta og segir það nauðsynlegt að hafna þeirri vestrænu ályktun að fólk sé ófært um að stjórna sér sjálf. Ferguson (1994) telur það einnig vænlegra til árangurs að hætta að tala um þróun sem eina alltumlykjandi heild sem stjórnað er frá Washington í gegn um Bretton Woods stofnanirnar. Hann segir þróunarorðræðuna útiloka flestar tilraunir til breytinga sem eru ekki samþykktar eða upprunnar hjá ríkinu, hvort sem það er vestrænt ríki eða þróunarríki. Hann segir að taka þurfi tillit til mismunandi aðstæðna hverju sinni og fjölbreytileiki fólks þurfi að vera virtur þar sem „fólkið“ sé ekki einsleitur hópur. Því sé lausnin ekki fólgin í svari við einni spurningu: „Hvað á að gera?“ heldur hundruðum spurninga um hvað mismunandi hópar fólks geti gert.

3. Þróun í ljósi kenninga Foucault

1. Orðræða þróunar

Ýmsar kenningar hafa skoðað þróun út frá hugtaki Michel Foucault um orðræðu. Rannsóknir á orðræðu fela í sér spurningar á borð við: Hvernig er sannleikur skapaður? Og: Hver skilgreinir sannleik? Kenningar sem skoða orðræðu þróunar líta sérstaklega til þess hvernig hugmyndin um þróun hefur verið sköpuð út frá vestrænum hugmyndum um íbúa þróunarlandanna (Inda, 2005; Escobar, 1995). Samkvæmt Pierre Bourdieu (1977 [1972]) felur hugmyndin um orðræðu í raun í sér samruna þekkingar og valds. Um er að ræða kerfi þekkingar sem hefur öðlast viðurkenningu samfélagsins sem heildar, eða í það minnsta ráðandi valdaafli innan þess. Orðræða skilyrðir einnig þekkingu, sem birtist í því að við hugsum ekki venjulega út fyrir þá orðræðu sem við erum vön. Það hamlar þekkingarleit og viðurkenningu nýrrar þekkingar, ekki síst ef hún er róttæk og mjög ólík því sem við eigum að venjast. Bourdieu talar um að sú orðræða sem við hugsum út frá geri það að verkum að við ritskoðum okkur ósjálfrátt. Andstæður myndist því á milli þess sem hægt er að staðhæfa (og því hugsa) og milli þess sem tekið er sem vísu (Bourdieu, 1977 [1972]; McNay, 1992). Karl Marx og Friedrich Engels (1983 [1932]) settu upphaflega fram kenningar um það að hugmyndir ríkjandi stéttar séu þær hugmyndir sem eru ríkjandi á hverju söguskeiði. Með því er átt við að sú stétt sem er ríkjandi efnislegt afl samfélagsins á hverjum tíma sé samtímis ríkjandi andlegt afl þess. Þessi kenning var þróuð áfram í meðförum Antonio Gramsci (1971 [1951]), sem notaði hugtakið *forræði*, eða hegemonía, yfir slíkt ferli. Með því hefur valdastéttin ekki bara í höndum sér vald yfir vinnu fólks, heldur hefur hún einnig vald yfir framsetningu menningar.

Sama valdaójafnvægi á framsetningu má finna milli mismunandi heimshluta, eða milli hins iðnvædda og kapítalíska norðurs/vesturs og fátækari landa þriðja heimsins. Said (1978) hefur gagnrýnt það hvernig mynd er dregin upp af íbúum Austurlanda af ráðandi orðræðu Vesturlanda. Í meðförum Vesturlandabúa, og vestrænna fræðimanna fyrr og nú, hafi verið dregin upp mynd af austrinu sem byggir að hluta til á ímyndun. Rétt eins og vestrið, sé austrið hugmynd, sköpuð í

meðförum manna, en ekki landfræðileg staðreynd. Þessa hugmynd má yfirfæra yfir á umræðu um „þriðja heiminn“ eða „þróunarlönd,“ sem rétt eins og „austrið“ séu fundin upp. Arturo Escobar (1995) fjallar einmitt um þetta, en hann hefur litið til þess hvernig orðræða þróunar var sköpuð af Vesturlandabúum. Hann segir þá orðræðu vera fátt annað en enduspeglun á fordómum Vesturlandanna gagnvart íbúum þriðja heimsins, þar sem myndin sem sé dregin upp af þeim lýsi þeim sem vanþróuðum og fátækum afturhaldsseggjum. Escobar vill meina að nálgun sem byggir á að greina orðræðu þróunar sé gjörólík öðrum nálgunum til greiningar á þróun. Flestar aðrar nálganir og jafnvel hinar róttækustu af þeim eru þrátt fyrir allt ófærar um að hugsa út fyrir ramma þróunar og eru því ekki sérstaklega róttækar, að mati Escobar. Hann segir þær ólíku stefnur sem hafa verið ráðandi í þróun undanfarna áratugi allar falla innan sama sviðs og stefna að sama markmiði; iðnvæðingu, nútímavæðingu í landbúnaði, borgarvæðingu og hagvexti. Escobar (2005 [1992]) heldur því fram að orðræða þróunar birtist í því hversu erfitt það sé að fara út fyrir þessa hugmyndafræði. Orðræða þróunar sé því búin að yfirtaka raunveruleikann. Rajagopal (2003) talar um að innan orðræðu þróunar rúmast bæði hugmyndafræði mannúðarstefnu og efnahagslegir hagsmunir, sem gæti skýrt það hversu valdamikil orðræða þróunar er.

Samkvæmt Ferguson (1994) verða andstæð rök við það sem telst til ráðandi orðræðu þöggðu niður vegna þeirra valdatengsla sem alls staðar umliggja og stýra orðræðunni. Hann tekur Alþjóðabankann sem dæmi um þessi valdatengsl. Innan hans er það er ekki svo að starfsmenn eða rannsakendur geti ekki stundað rannsóknir eða komist að niðurstöðum sem stangist á við stefnu bankans, en slíkum rannsóknum er ekki tranað fram og verða því ekki hluti af ráðandi orðræðu bankans. Ferguson leggur að jöfnu hvernig Foucault talar um að afbrotafræði, sem þjóni hinu ráðandi samfélagi, við það hvernig sérfræðipækking þróunar-orðræðunnar þjóni ráðandi heimsskipan. Í afbrotafræði hafi verið sköpuð sérstök orðræða þar sem allt sem ekki þjóni ríkjandi þjóðskipulagi sé gert óeðlilegt og afbrigðilegt. Á sama hátt skapi þróunarorðræðan samfélagið sem henni er ætlað að lýsa. Í *The Anti-politics Machine* lýsir Ferguson því hvernig skýrsluhöfundar á vegum Alþjóðabankans draga upp afar villandi og bjagaða mynd af stöðu Lesotho til að láta landið líta út fyrir að vera „vanþróaðra“ en það var í raun. Með því réttlæti skýrsluhöfundar inngríp þróunarstofnanna í landinu (Ferguson, 1994).

Þegar þróun er skoðuð í ljósi orðræðuhugtaksins leiðir sú skoðun í ljós að þróun og vanþróun séu hugtök sem sköpuð eru af vestrænni orðræðu og að þau nýtist til þess að viðhalda yfirráðum Vesturlanda yfir þróunarlöndunum (Escobar, 1995). Þessi hugmynd hefur verið gagnrýnt fyrir það að gera lítið úr þeirri fátækt og, oft á tíðum, slæmu aðstæðum sem fólk í þróunarlöndunum á við að etja (Peet og Hartwick: 2009). Í ljósi þessarar gagnrýni má þó benda á það að hugtökin þróun og vanþróun hafa ekki alveg hliðstæða merkingu við hugtökin ríkidæmi og fátækt. Það að gagnrýna hugtakið þróun þarf því ekki að fara saman við það að vilja ekki afnema fátækt, heldur er orsökum fátæktar fremur leitað í valdamismun. Benda má á að Lappé, Collins og Rosset (1998 [1986]), sem eru höfundar bókarinnar *World Hunger: Twelve Myths*, héldu því fram að fátækt væri einungis einkenni valdaleysis og þar sem þróunarverkefni hafi ekki í hyggju að breyta valdaójöfnuði séu þau dæmd til að mistakast.

Hugmyndin um orðræðu felur í sér að það er enginn sérstakur gerandi, heldur sé orðræða sköpuð og mótuð af mismunandi einstaklingum. Þetta gerendaleyfi hefur Margaret Everett (1997) gagnrýnt þar sem með því að smætta þessi öfl niður í orðræðu líti þau út fyrir að samanstanda ekki af fólki. Með þessu sé gert lítið úr hagsmuna-baráttu raunverulegs fólks sem standi á bak við þau. Hún segir að það séu beinir hagsmunir þróunarstofnanna að stunda vissa tegund þróunar, þ.e. þróun sem byggji á frjálsu markaðshagkerfi. Þessi tegund þróunar komi sér einnig vel fyrir meðlimi elítunnar á hverjum stað fyrir sig og því styðji hún slíka þróun og taki þátt í orðræðu hennar. Everett bendir hins vegar á að oft sé lítið talað um þessa staðbundnu hagsmunaárekstra og andófið gegn þróunarverkefnum sem bæði beinist gegn alþjóðlegum stofnunum og elítunni á hverjum stað. Þess í stað sé dregin upp mynd af hinu staðbundna í baráttu við hið hnattræna.

Ferguson (1994) bendir hins vegar á að innan orðræðu þróunar sé enginn einn gerandi heldur margir, áherslan er lögð á að skapa kerfi sérfræðipækkingar, sem öðlist mikið vald í sjálfu sér. Dæmi um þessa sérfræðipækkingu er að lögð er svo mikil áhersla á tölfræði til að greina ástand efnahags og árangur í þróunarsamvinnu að jafnvel sé gengið svo langt að búin sé til tölfræði út frá takmörkuðum gögnum, ef hún er ekki til staðar. Í rannsókn Ferguson á orðræðu þróunar í Lesotho komst hann að því að tölur frá Alþjóðabankanum væru ekki einfaldlega rangar, heldur hefðu þær viljandi verið afbakaðar í þeim tilgangi að

samræmast þeim forsendum sem bankinn hafði gefið sér. Ferguson sýnir því fram á hvernig meint hlutleysi þróunarverkefna er í raun óskilyt hlutleysi, heldur felur í sér mjög pólitíska afstöðu. Þrátt fyrir það hefur orðræða um þróun náð þeirri stöðu að vera álitin hlutlaus, eða laus við pólitík. Það tengir hann hugmyndinni um stjórnvísu: „mikilvægur þáttur í hugmyndafræðinni um ‘þróun’ er lögmál sem nefnist ‘stjórnvíska’; hugmyndin um að samfélög, hagkerfi og ríkisstofnanir bregðist við áætlunum á fyrirsjáanlegan hátt“⁷ (Ferguson, 1994: 194).

2. Stjórnvíska þróunar

Foucault (1991 [1978]) talar um að stjórnun efnahags megi rekja til stjórnunar fjölskyldunnar af heimilisföður. Með því að setja á laggirnar efnahag fyrir allt ríkið, og þar með á alla íbúa ríkisins, hafi verið komið á kerfi yfirráða og eftirlits, ekki ósvipað og yfirráð heimilisföður yfir fjölskyldu sinni. Til þessa megi rekja stjórnunarhætti nútíma þjóðríkja. Sá sem ætlar sér að stjórna efnahag og ríki verður að hafa í huga almannaheill (e. common good), en Foucault útskýrir almannaheill sem hlýðni við lög (og þar með við yfirvöld). Í stað þess þó að stjórna einungis með lögum, þar sem lögini fela ávallt í sér möguleika á að svipta fólk frelsi (og jafnvel lífi) reynir stjórnandinn þess í stað að beita vissum aðferðum til að þurfa ekki að beita lögnum. Þetta er það sem Foucault kallar stjórnvísu. Stjórnvíska var skilgreind af Foucault sem *stjórnun hegðunar* (e. the conduct of conduct) og á það við um vef hugmynda og aðgerða, hvort sem er úthugsaðra eða tilviljanakenndra, sem leitast við að stýra og móta hegðun hópa og einstaklinga. Þessi stýring er ekki *bein*, en með því er átt að hún beinist ekki beint gegn líkómum okkar, heldur er henni ætlað að hafa áhrif á hegðun okkar og, þar með, hugsun (Foucault, 1991 [1978]; Ina, 2005). Peter Redfield (2005) segir að þrátt fyrir að virðast hlutlaus feli stjórnun ávallt í sér beitingu valds. Nútímavald (e. modern power) sækist eftir því að búa til aðstæður sem stýra hegðun okkar. Stjórnvíska felur í sér að skapað er rými og aðstæður sem stýra líkómum okkar óbeint. David Scott (2005) heldur því fram að í samhengi við nýlendustefnuna feli stjórnvíska í sér kerfisbundna endurskilgreiningu og umbreytingu á nýlendunum í þeim tilgangi að skapa aðstæður sem valda vissri hegðun.

⁷ e. „a key construct in the 'development' problematic is a principle called 'governmentality' – the idea that societies, economies, and government bureaucracies respond in a more or less reflexive, straight forward way to policies and plans.“

Samkvæmt Ferguson (1994) bendir Foucault á að vald ríkisins sé töluvert flóknara en við hugsum oft um það, þar sem ríkið sé í raun hvorki handhafi valds né uppspretta þess. Í stað þess að vera hlutur eða fyrirbæri sem hefur eða framkvæmir vald, getur verið hagstæðara að hugsa um ríkið sem þá staðsetningu sem samhæfir og margfaldar valdatengsl. Scott (2005) talar um að innan almennra hugmynda um stjórnun, sem fyrirbæri sem eigi upphaf sitt og endi hjá ríkinu, sé gert ráð fyrir því að ríkið sé valdamikið en fólk valdalítið eða valdalaust. Þetta viðhorf til ríkisins rúmast bæði innan marxisma og frjálshyggju. Í greiningu Foucault á nútímavæddu valdi greinist vald aftur á móti í tvo flokka; annars vegar yfirvaldið, hið miðstýrða ríkisbákn, og hins vegar einstaklingsbundið vald sem stefnir að „normaliseringu.“ Eins og Silvey (2010) bendir á er rétt að athuga í þessu samhengi að ekki er rétt að skoða ríkið sem eina, óhagganlega heild í tengslum við framkvæmd þróunar. Nauðsynlegt er að skoða sögulega baráttu og félagsleg valdatengsl sem felast óhjákvæmilega innan ramma ríkisins.

Samkvæmt Jonathan Xavier Inda (2005) á stjórnvíska því ekki bara við um stjórnun ríkisstjórna heldur einnig stýringu frá ýmsum áhrifamönnum, skriffrinum, háskólaþólki, prestum, læknum o.s.frv. Rajagopal (2005) vekur athygli á að hvernig stjórnun er framkvæmd feli einnig í sér skrifræðisvald, þar sem ýmsar aðferðir séu notaðar til þess að hafa eftirlit með, móta og stýra hegðun fólks. Þetta skrifræðisvald sést vel í valdamuni milli þeirra sem hafa kunnáttu og vald til að notfæra sér hana, og þeirra sem ekki hafa slíka kunnáttu á takteinum. Samkvæmt Padel og Das (2010) ríkir vantraust meðal frumbyggja⁸ í fjallahéruðum Indlands í garð pappíra, þar sem pappírarar séu iðulega notaðir gegn þeim. Þeir kalla þetta *pappírsvald*, þar sem fátæku og jafnvel ólæsu fólki er mætt af herskara lögfræðinga, stjórnsýslufræðinga, lögreglu og annarra aðila á vegum stjórnvalda, bankamanna og fjárfesta, sem ásælast lönd þeirra undir stóriðju. Allir þessir aðilar koma með pappíra sem þeir eiga að skrifa undir en skilja sjaldnast. Því undirstrikar þessi áhersla enn valdamuninn á milli þeirra.

Foucault (1980) talar um að sköpun stjórnvískunnar sé nátengd kapítalískum framleiðsluháttum og aðlögun mannfjöldans að efnahag þjóðríkisins með

8 Hugtakið frumbyggjar er notað hér sem þýðing á enska orðinu „indigenous.“ Þó það merki í raun upphaflega íbúa tiltekins svæði er það aðallega notað sem pólitískt hugtak af þeim hópum sem kjósa að skilgreina sig sem frumbyggja. Þá á það við etniskan hóp sem að einhverju leyti viðheldur menningararfi sínum og telst vera minnihlutahópur.

tilheyrandi fjármagnshreyfingum. Með iðnvæðingu, verksmiðjuframleiðslu og sköpun kapítalískra framleiðsluhátta kom fram þörf fyrir líkama sem voru líkamlega hraustir en um leið auðsveipir. Áherslan var á að ná hámarksafköstum úr líkómum fólks en halda þeim samt undir stjórn (Foucault, 1980). Escobar (1995) bendir á að fólk hafi ekki sóst neitt sérstaklega eftir því að fara að vinna í verksmiðjum þegar þær komu fyrst fram á sjónarsviðið. Því hafi verið nauðsynlegt fyrir samfélagið að stýra fólki í verksmiðjurnar með því að byggja upp aga og „normaliseringu“ verksmiðjuvinnunnar. Auk þess að bola smábændum burt af jörðum sínum, og skapa með því stétt verkamanna var þessi normalisering framkvæmd með agatækni samfélagsins. Afurð þessa ferlis er hinn svokallaði *Homo oeconomicus* (Escobar, 1995). Nicholas Rose (1996) talar um að á sama tíma hafi þessari gerð verkamanna og fjölskyldum þeirra stjórnað með aukinni neysluhyggju og síauknum fjölda auglýsinga og afþreyingarefnis. Vissum uppeldisaðferðum er ennfremur beitt í þeim tilgangi að skapa launavinnu og neyslu. Aðskildir hlutar stjórnvisskunnar hafa litla sem enga vitneskju hver um annan, rétt eins og raunin er innan alþjóðlegra stórfyrirtækja. Eins og Padel og Das (2010) tala um gerir verkaskipting vinnuafis og mikil fjarlægð þess hvert frá öðru það að verkum að verkamaður á einum stað getur verið algjörlega laus við alla vitneskju um aðstæður og kjör fólks sem hugsanlega vinnur hjá sama fyrirtæki en hinum megin á hnettinum.

Eins og áður sagði er eftirlit ein leið til þess að fá okkur til að haga okkur eins og ætlast er til. Bæði Redfield (2005) og Lisa Rofel (2001) hafa fjallað um kenningu Michel Foucault um alsæi (e. gaze) í þessu samhengi. Sú kenning felur í sér greiningu á þessu eftirliti og hvernig það nýtist til að stýra fólki. Kenningin um alsæi felur í sér að innan alltumlykjandi eftirlits, hvort sem það eftirlit komi frá ríki eða samfélaginu, förum við ósjálfrátt að stýrast samkvæmt því sem við teljum aðra ætlast til af okkur. Í nútímasamfélagi er eftirlit að verða sífellt meira alltumlykjandi. Þessi hugmynd felur í sér að sá sem framkvæmir eftirlitið hefur ávallt meira vald en sá sem horft er á. *Alsjaín* (e. panopticon) byggir á hönnun Jeremy Bentham á fangelsi þar sem arkitektúr þess var til þess fallinn að fangarnir voru alltaf undir eftirliti og er hún því hið fullkomna fyrirbæri til stjórnunar og eftirlits. Það að vera sífellt undir eftirliti á að fá fangann til að haga sér á þann hátt sem hann telur að ætlast sé til af honum. Valdið sem búið er til með þessu móti

brýtur ekki niður heldur viðheldur framleiðslu og býr til reglumiðaða og framleiðandi íbúa (Redfield, 2005; Rofel, 2001). Nú til dags er alsjáin ekki lengur bygging úr steypu heldur er hana að finna í síauknum fjölda eftirlitsmyndavéla og gervihnatta. Escobar (1995) fjallar um að þetta alsæi sé einnig til staðar innan þróunarorðræðunnar, þar sem það hlutgeri bæði náttúru og fólk, og umbreyti þeim í fyrirbæri.

1. Sérfræðiþekking

Regluverkið eða kerfið sem er búið til og skapar daglegt líf okkar samanstandur bæði af þáttum sem álitnir eru pólitískir og öðrum þáttum sem, þrátt fyrir að hafa mjög mótandi áhrif á líf okkar, eru álitnir ópólitískir. Samkvæmt Rose (1996) eru sérfræðiþekking og tæknilegar lausnir til þess fallnar að láta okkur halda að til sé einhver hlutlaus og ópólitískur sannleikur. En líkt og Foucault (1977) hefur bent á, er í allri þekkingu falið vald og sérfræðiþekking er þar engin undantekning. Með aukinni sérfræðiþekkingu og tæknilegum úrlausnaratriðum er látið sem ekki sé um pólitísk mál að ræða þó svo sé í raun (Barry, Osborne og Rose, 1996; Rose, 1996). Ferguson (1994) lýsir því hvernig þróunarverkefni, sem venjulega er ekki ætlað að vera pólitísk, eru það samt sem áður og styrki oft á tíðum stjórnvöld í sessi eða komi á auknu skrifræði. Slíkum verkefnum sé ætlað að koma á samfélagsbreytingum sem oft séu afar róttækar. Það, að þau séu „ópolítísk“, er réttlætt með vísun í sérfræðiþekkingu. Að skilja að sérfræðiþekkingu og pólitík veldur því að hulu er kastað yfir hin raunverulegu hugmyndafræðilegu átök sem búa að baki og látið er líta út fyrir að um hlutlausa þekkingu sé að ræða. Oft myndast gjá milli þess sem almenningur vill og þess sem sérfræðingarnir leggja til. En þar sem sérfræðingarnir hafa valdameira afl á bak við sig hafa þeir oft á tíðum meiri áhrif en almenningsálitið hefur. Eins og bent hefur verið á af Tara Schwegler (2008) líta meðlimir elítunnar gjarnan á sig sem handhafa hins eina rétta sannleika og finnst þar af leiðandi þeir ekki þurfa að hlusta á almenningsálitið. Francis Cody (2009) segir að það séu ekki bara sérfræðingar sem taka undir og endurskapa þróunarorðræðuna, heldur eru það ekki síður ýmsir aðilar innan samfélagsins, og þá ekki síst innan efri stétta þess.

Hugmyndina um stjórnvísu má einnig sjá í greiningu Scott (2005) á nýlenduhyggjunni. Hann gerir greinarmun á tveimur tímabilum hennar, annars

vegar heimsvaldastefnu (e. imperialism), og hins vegar nýlendustefnu (e. colonialism). Heimsvaldastefnan snerist fyrst og fremst um viðskiptahagsmuni heimsveldanna og til þess var nægilegt að innfæddir hlýddu því sem til var ætlast. Nýlendustefnan snerist hins vegar um aukna stjórnun á þegnum nýlenduvelldanna og var áhersla lögð á að bæta lífsgæði þeirra. Þetta þýddi breytingu á stjórnun þeirra með það að markmiði að skapa, í gegn um nýja þekkingu, tækni og stofnanir, þegna sem af eigin vilja hefðu hug á iðnvæðingu, reglufestu og einstaklingsbundnum árangri (Scott, 2005; Inda, 2005). Þeir sem voru undir valdi nýlenduvelldanna höfðu ekkert val um það hvaða stefnu nýlendurnar tóku. Scott (2005) bendir á að þrátt fyrir að nýr pólitískur „leikur“ hafi verið kynntur til sögunnar þar sem hinir innfæddu fengu aukið vald til að hafa eitthvað að segja um sín málefni, fengu þeir ekkert um það að segja hvaða leikur væri leikinn, eða hvernig pólitískar ákvarðanir væru teknar. Með öðrum orðum höfðu þeir ekkert vald yfir strúktúr samfélagsins – þeir gátu tekið þátt eða ekki, en tækju þeir ekki þátt í kerfi nýlenduherranna höfðu þeir um leið afsalað sér með því möguleikanum á að teljast pólitískir gerendur.

Stjórnun efnahags er gott dæmi um það hvernig afstæðar kenningar hafa öðlast stöðu sérfræðiþekkingar. Það má glögglega sjá í efnahagsstjórnun víðast hvar í heiminum undanfarin ár þar sem reynt er að láta líta út fyrir að mjög pólitísk málefni séu hlutlaus og að stjórnun efnahagskerfa sé einungis tæknilegt atriði. Með því að hylja pólitíkina er lítið gert úr félagslegum afleiðingum vissra þróunarverkefna og kerfisbundnu misrétti manna á milli. Að gera fátækt að tæknilegu vandamáli sem eingöngu krefst tæknilegra lausna heldur því opnum möguleikanum á að viðhalda núverandi kerfi í stað þess að stunda gagnrýni á kerfið (Foucault, 1991[1978]; Ferguson, 1994; Schwegler, 2008). Þróunarstofnanir hafa á undanförunum árum stýrt löndum óbeint með tilstilli sérfræðiþekkingar og þeirra yfirburða sem sérfræðingar innan þeirra eru álitnir hafa á sviði efnahagsmála. Hickey (2008) heldur því fram að áherslan á „góða stjórnarhætti“ (e. good governance) hafi færst inn í þróunarorðræðuna og endurvakið hugmyndina um að þróun eigi líka að horfa á pólitíska þætti og stjórnarfar. Heilu sviðin innan þróunarstofnana séu í kjölfarið farin að fjalla um stjórnarhætti. Skilgreining á því hvað telst til góðra stjórnarháttanna er hins vegar alfarið í höndum stóru þróunarstofnananna. Áherslan á góða stjórnarhætti hefur

fært hlutverk ríkisins yfir í að vera eingöngu framkvæmdaraðili þróunar, í stað þess að vera vettvangur ólíkra hugmynda um hvaða leið skuli farin til þróunar (Hickey, 2008). Morten Bøås og Desmond McNeill (2003) benda á að alþjóðabankinn geti ekki hlutast til um hvernig valdi er beitt, og því notar hann hugtök á borð við „góða stjórnarhætti“ en það á við „heilbrigðan rekstur“ þegar kemur að þróun og stjórnsýslu, „núttímavæðingu“ opinberrar stjórnsýslu og einkavæðingu. Þar sem alþjóða þróunarstofnanirnar líta ekki á sig sem pólitískar segja þær þessi atriði vera tæknilegs eðlis og að pólitík eigi ekki heima í ákvarðanatöku þeirra. Það er dæmi um hvernig sérfræðipækking stjórnvisskunnar er notuð í þeim tilgangi að hylja hugmyndafræðileg átök. Á bak við þessi hugtök felst einnig sú hugmynd að pólitík snúist eingöngu um átök milli hagsmunaaðila en ekki um hugmyndafræði eða hugsjónir (Bøås og McNeill, 2003). Sem dæmi um það hvernig þróunaraðstoð er smættuð algerlega niður í tæknilegt atriði má nefna skýrslu frá Alþjóðabankanum eftir Craig Burnside og David Dollar (2000) þar sem þeir reiknuðu út að þróunaraðstoð hefði engin áhrif nema stjórnsýsla viðkomandi ríkis væri góð en samkvæmt þeim var góð stjórnsýsla sú sem bar í för með sér mikinn hagvöxt og lága verðbólgu. Hvað var góð stjórnsýsla mældu þeir svo í hagvexti og verðbólgu, þannig að niðurstaðan varð sú að þróunaraðstoð hefði ekki áhrif nema þar sem hagvöxtur væri mikill og verðbólga lág. Þessi skýrsla náði mikilli útbreiðslu og varð mjög áhrifamikil innan orðræðu þróunar. Í henni má einnig sjá vald sérfræðipækkingarinnar, þar sem skýrsluhöfundum tekst að skilgreina hvað er gott og slæmt eingöngu samkvæmt sínum eigin forsendum. Það er ekki svo að ólík sjónarmið komi aldrei fram, en ef þau stangast á við ráðandi orðræðu þá er sem þau falli gjarnan í skuggann.

3. Alþjóðleg stjórnvíska

Fræðimenn á borð við Inda (2005) og Ferguson og Gupta (2002) hafa bent á að rannsóknir á stjórnvísku hafi þar til nýlega fyrst og fremst beinst að því að skoða hlutverk þjóðríkisins í stjórnun einstaklinga, en minni áhersla hafi verið lögð á það hvernig ýmsir ferlar hnattvæðingarinnar hafa haft áhrif á stýringu þjóðríkja og með því stjórnun fólks í þessum ríkjum. Það hefur þó aukist að rannsökuð séu áhrif ríkisvaldsins á mótun lítilla samfélaga. Í kjölfar hugmynda Foucault um stjórnvísku hafa Ferguson og Gupta (2002) þróað hugtakið lengra þannig að það

nái utan um veruleikann í hnattvæddum heimi. Þeir tala því um alþjóðlega stjórnvísu (e. transnational governmentality). Er þar um að ræða samspil þjóðríkja, alþjóðastofnana, markaðarins og alþjóðlegra samninga, auk hins borgaralega samfélags (e. civil society) sem á við alls kyns frjáls félagasamtök (NGO), góðgerðarsamtök og trúarleg samtök, ásamt grasrótahreyfingum.

Ferguson og Gupta (2002) benda á að efnahagsleg stjórnun margra þriðja heims ríkja, sér í lagi í Afríku, sé að miklu leyti komin í hendur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vegna skilyrtra lána. Þrátt fyrir það er ríkisstjórnun þessara ríkja kennt um þegar formgerðaraðlögun tekst illa til og eru það einnig þær sem er skipt út í kjölfarið, aðeins til þess að nýja stjórnin lendi í sambærilegum vanda. Þeir segja að „stefnumótun sem er í raun búin til og komið á af algjörlega ókjörnum og óabyrgum alþjóðlegum bankamönnum, er látin líta út fyrir að vera lýðræðislega kosin með meirihlutafylgi“⁹ (Ferguson og Gupta, 2002: 119). Markaðsvæðingin hefur mótað ríkisvaldið á liðnum árum og bæði styrkt vissa þætti ríkisvaldsins og veikt aðra. Sér í lagi hefur hún haft áhrif á þriðja heims ríki, þar sem þau hafa sjaldnast mikil völd til að stýra efnahagslegum þáttum. Stjórnvöld þeirra hafa í raun lítinn möguleika á að þjóna vilja þegna sinna, þar sem mikið af valdi þeirra hefur verið látið af hendi til alþjóðlegra stofnana, félagasamtaka og markaðarins (Ong, 2005; Rajagopal, 2003).

Ferguson (1994) heldur því fram að stjórnvíska sé lykilatriði í þróunarstarfi þar sem litið sé á ríki og þróunarstofnanir sem hlutlaus tæki til þess að koma áætlunum í verk og stýra hagvexti. Hann bendir ennfremur á að margir þeirra sem vinni í þróunarsamvinnu hafi löngun til þess að stjórna mannfjöldanum. Það sé ekki illa meint en felur í sér þörf fyrir það að stýra fólki því það sé „þeim fyrir bestu.“ Auk þess sýni reynslan það að aukin stjórnun hafi iðulega ekki þau áhrif sem upphafsmenn hennar ætluðu, sér í lagi í þróunarsamvinnu. Ferguson og Gupta (2002) segja að markaðsvæðingin sem hefur birst í þróunarstarfi undanfarna áratugi hafi gert ráð fyrir minnkuðu hlutverki ríkisins. Það hefur þó sjaldnast birst í minni stjórnun mannfjöldans, heldur hefur stjórnuninni einungis verið dreift til fleiri aðila, sem eru hluti valdhafa, þrátt fyrir að teljast ekki til ríkisvaldsins. Þeir benda ennfremur á að þessar stofnanir séu allt eins mikið staðsettar „fyrir ofan“

9 e. „policies that are in fact made and imposed by wholly unelected and unaccountable international bankers may be presented as democratically chosen by popular assent.“

fólkið eins og ríkisvaldið er. Frjáls félagasamtök eru einnig hluti af þessari „alþjóðlegu stjórnvísu,“ því þau eru oftast en ekki uppfyll af hugmyndafræði ráðandi þróunarorðæðu og eru mjög vestrænar í uppbyggingu (Ferguson og Gupta, 2002; Cody, 2009).

1. Alþjóðlegar stofnanir

Athyglisvert er að skoða það að í rannsóknum í þróunarfræðum hefur lítil áhersla verið lögð á að skoða valdamestu þættina; Bretton Woods stofnanirnar (Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn) og Alþjóðaviðskiptamála-stofnunina þrátt fyrir að þessar stofnanir eigi það sammerkt að hafa haft einhver víðtækustu áhrif á núverandi heimsmynd okkar sem um getur (Edelman og Haugerud, 2005). Ferguson (1994) segir að ástæðu þessa sé ef til vill að finna í því að þessar stofnanir eru ráðandi í sköpun orðræðunnar, og sé maður innlimaður inn í hana er erfitt að festa á henni fingur. Því virðist það sem er hluti af orðræðunni vera sjálfsagt og óumdeilanlegt.

Rajagopal (2003) bendir á það hvernig tilkoma alþjóðlegra stofnana kom í staðinn fyrir nýlendukerfið og stjórnun Vesturlanda yfir nýlendunum. Með tilkomu alþjóðlegra stofnanna tókst nýlenduvelðunum að færa stjórnun nýlendanna yfir á sérfræðisviðið, til andlitslausra skrifanna, og frá þeim sjálfum. Tilskipunarkerfi (e. mandate system) Þjóðabandalagsins er, að mati Rajagopal, það stofnanakerfi sem brúaði bilið milli nýlendustefnunnar og alþjóðlegrar stjórnvísu. Alþjóðastofnanir urðu fljótt að skrifinskuveldi sem byggði á sérfræðipekkingu og áttu mikinn þátt í að skapa og viðhalda orðræðu þróunar. Rajagopal heldur því fram að sköpun alþjóðastofnana hafi verið eina leiðin fyrir nýlenduvelðin að halda nýlendum sínum opnum fyrir viðskipti og hagnýtingu á auðlindum og vinnuafli á sama tíma og andóf gegn nýlendukerfinu hafði tekist að kippa fótunum undan því. Nýlenduvelðin höfðu því enn vald yfir nýlendunum, nú í gegn um áhrifamátt sinn innan alþjóðastofnanna í stað beinna yfirráða eins og áður.

Líkt og Escobar (1995) bendir á eru alþjóðlegar stofnanir ekki til staðar í einhverju félagslegu tómi eins og oft mætti ætla af umræðu um þær. Þess í stað er skipulag þeirra nátengt utanaðkomandi félagslegum tengslum, þar sem ríkisstjórnir, stofnanir, stórfyrirtæki og samfélög þriðja heimsins hafa áhrif á, og

eru undir áhrifum af þessum stofnunum. Að sama skapi ná áhrif þeirra langt út fyrir efnahagssviðið og eru gríðarlega mikil í krafti stærðar þeirra, þekkingarvalds og fjármagns. Það á einna helst við um Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (Escobar, 1995; Rajagopal, 2003). Tengsl alþjóðlegra stofnanna við aðra aðila má meðal annars sjá í því hvernig þau hafa í gegn um tíðina úthlutað fjármagni til þróunarverkefna. Þróunarverkefni hafa þá verið fjármöggnuð með lánum frá Alþjóðabankanum, sem gerir útboð á þeim. Verkefni hljóta oft stórfyrirtæki sem hagnast gríðarlega vegna þeirra. Samkvæmt Escobar (1995) er þetta ein af aðferðum Alþjóðabankans til að viðhalda forræði sínu í þróunarorðræðunni. Hann opni ný svæði fyrir fjárfestum með því að bæta samgöngur, rafmagnsframleiðslu og samskipti, bjóði út verkefni sem eykur útbreiðslu alþjóðlegra stórfyrirtækja, geri löndin háð alþjóðlegum mörkuðum með áherslu sinni á framleiðslu fyrir útflutning, neiti að lána „óvinveittum stjórnvöldum“ og stuðli að því að heimamenn missi stjórn yfir auðlindum sínum með áherslu á verkefni sem hagnast ekki heimamönnum heldur stórfyrirtækjum og elítum landanna. Rajagopal (2003) bendir á að alþjóðlegu fjármagnsstofnanirnar séu hvorki eingöngu velviljaðar þróunarstofnanir, né afl í þjónustu kapítalismans. Innan þeirra felast um margt ólík sjónarhorn sem stundum stangast hvert á við annað. Í raun er því um að ræða vettvang ólíkra hugmyndafræðilegra átaka.

Samkvæmt Ferguson (1994) felst ákveðin mótsögn í starfi þróunarstofnana; sú að þeim er ætlað að vera ópólítískar á sama tíma og þeim er ætlað að vinna gríðarlega pólítískt starf sem felur í sér miklar og hraðar samfélagsbreytingar. Rajagopal (2003) segir að þrátt fyrir þetta séu þróunarstofnanirnar mjög pólítískar í raun, og fara lánveitingar þeirra til einstakra landa eftir því hvernig stjórnarfarið er í þeim löndum, og eins fara þær í mismunandi verkefni í löndunum, til að mynda fremur í orkuöflunar- og samgönguverkefni heldur en í verkefni tengd landbúnaði og velferðarkerfi. Lánveitingarnar byggðust á hugmyndafræði bankans um að þróun væri fyrst og fremst efnahagsleg; kapítalísk nútímavæðing, en ekki félagsleg. Þessa stefnu má meðal annars sjá í því að á tímum kalda stríðsins var talið nauðsynlegt að eyða fé í velferðarkerfi, ekki síst til þess að koma í veg fyrir að óánægja hinna fátæku myndi leiða til byltingar. Þetta mótaði starf alþjóðlegra stofnanna, og þá sér í lagi Alþjóðabankans.

2. Frjáls félagasamtök

Ferguson og Gupta (2002) benda á það að innan hins borgaralega samfélags (e. civil society) sé einnig að finna þætti sem eru hluti af þessari „alþjóðlegu stjórnvísku.“ Oftar en ekki eru frjáls félagasamtök uppfull af hugmyndafræði sérfræðiþekkingarinnar. Í samhengi við frjáls félagasamtök má benda á að þessi fyrirbæri eru ekki endilega valdaminni eða staðsett neðan við ríkið, heldur eru þau einn þáttur í hinni alþjóðlegu stjórnvísku. Þessi alþjóðlega stjórnvíska er ekki endilega „með eða á móti“ ríkinu, heldur vinnur hún á sama sviði. Þannig eru mörg þessara alþjóðlegu samtaka uppbyggð þannig að hvort sem þau vinna með eða á móti stjórnvöldum í hverju landi fyrir sig, þá eiga mörg þeirra það sameiginlegt að vera hluti af hinu markaðsmiðaða módeli stjórnvískunnar sem hefur verið ráðandi undanfarin ár (Ferguson og Gupta, 2002). Hér á landi hefur einnig orðið vart við aukna markaðshyggju í tengslum við frjáls félagasamtök en algengt er orðið að ríkið geri þjónustusamninga við frjáls félagasamtök um að þau sinni vissum verkefnum (Steinunn Hrafnadóttir, 2008). Í raun má bera saman hugmyndina um stjórnvísku og þá stefnu sem hefur verið ríkjandi í þróunarorðræðu undanfarinna ára, um valdefli (e. empowerment). Valdefli, sem og stjórnvíska, leggja áherslu á ábyrgð einstaklingsins yfir eigin lífi og frelsi hans upp að vissu marki, en allt tryggilega innan ramma kerfisins. Sharma (2006) bendir á það hvernig þessi þróunarorðræða sé samtengd hugmyndum um nýfrjálshyggju þar sem áherslan sé á frelsi einstaklinga og rétt þeirra til frumkvæðis en engin áhersla lögð á félagslegt réttlæti eða valdefli hópa.

Samkvæmt John Gledhill (2005 [2001]) hafa ýmsir séð möguleika í því að hið borgaralega samfélag myndi eins konar mótvægi við markaðinn og vald stórfyrirtækja. Það hefur af sumum verið álitin „þriðja leiðin“ að þróun. Sú leið byggir á einhvers konar mildaðri markaðshugsjón með mikilli áherslu á mátt frjálsra félagasamtaka og frelsi einstaklingsins. Rökin fyrir háum fjárframlögum til frjálsra félagasamtaka eru einna helst þau að slík samtök eigi auðveldara með að ná til fólksins og séu sveigjanlegri en stórar stofnanir og ríki. Mesta fjármagnið sem veitt er til frjálsra félagasamtaka kemur frá Bandaríkjunum, en það felur einnig í sér að því er eingöngu veitt til samtaka sem falla vel að bandarískri hugmyndafræði, hugmyndaheimi frjálshyggjunnar og klassískrar hagfræði (Gledhill, 2005 [2001]; Howell og Pearce, 2003; Tvedt, 1998).

4. Þróun sem nývæðing, afnám fátæktar, kapítalismi

1. Þróun sem nývæðing

Hér hefur áður verið minnst á að hugmyndin um þróun feli í sér að hún sé línulegt ferli þar sem „þróunarlöndin“ þurfi að „ná“ Vesturlöndum. Þessi hugmynd gengur í raun út á trúna á nývæðingu (e modernisation). Escobar (1995: 44) heldur því fram að þróun hafi verið „ofan frá og niður, þjóðhverf og tæknimiðuð nálgun, sem kom fram við fólk og menningu sem óhlutbundin hugtök, tölur sem færa mætti upp og niður í grafi 'framfara'.“¹⁰ Hugmyndin um þróun sem nývæðingu byggir að miklu leyti á áherslunni á tæknivæddar lausnir á öllum vandamálum, en sú áhersla er nátengd hugmyndum Foucault um sérfræðipækkingu sem leið til stjórnunar. Samkvæmt Escobar var tækni álitin leiðin til þess að auka uppskeru og bæta lífskjör fólks í þriðja heims ríkjum. Ferguson (1994) bendir á að á einhvern hátt hafi „þróun sem nútímavæðing“ og „þróun sem afnám fátæktar“ runnið saman í eitt, þó það þurfi ekki nauðsynlega að fara saman. Innan orðræðu þróunar virðist það samt sem áður sem þessum tveim hugtökum sé oftast en ekki splæst saman.

Marc Edelman og Angelique Haugerud (2005) benda á að hugmyndin um nývæðingu hafi í raun þróast frá kenningu Max Webers um að samfélög þróist frá lokuðum sameignarsamfélögum í opin samfélög sem byggð væru upp á einstaklingsmiðuðum athöfnum og hugmyndum. Fylgjendur Webers tóku hugmyndina upp á sína arma og gagnrýndu þau samfélög sem vegna hefðbundinna skoðanna og hefða neituðu að taka upp nýja tækni og efnahag. Á meðal þessara fylgjenda var félagsfræðingurinn Bert Hoselitz sem skrifaði árið 1952 að hugmyndakerfi myndu þó taka breytingum eftir því sem efnahagurinn þróaðist meira og gagnrýndi þá hugmynd að slík þróun myndi endilega fylgja í fótspor bandarískrar þróunar. Kenningar Walt Rostow um stig efnahagsþróunar eru einnig hluti af nývæðingarkenningunni en í þeim gerir hann ráð fyrir að öll samfélög gangi í gegn um sömu stig efnahagsþróunar. Fyrir þessa kenningu hlaut hann töluverða gagnrýni á sínum tíma en þó eiga kenningar hans enn fylgismenn, mestmegnis utan mannfræðinnar. Edelman og Haugerud (2005) vekja athygli á

10 e. „a top-down, ethnocentric and technocratic approach, which treated people and cultures as abstract concepts, statistical figures to be moved up and down the chart of 'progress'.“

Því að þessar kenningar líti oft á menningu sem andstöðu við breytingar.

Rofel (2001) bendir á að hugmyndin um nývæðingu hafi náð mikilli fótfestu víða. Þjóðríki séu farin að nýta sér orðræðu markaðarins, og tala um nauðsyn þess að skapa samfélagsskipan þar sem „afköst,“ „framleiðni“ og „notagildi“ eru miðlæg. Rofel gerði rannsókn sína í silkiverksmiðju í Kína og bendir hún á hvernig nývæðing og kapítalískir framleiðsluhættir hafi tekið yfir stjórn verksmiðjunnar. Á tímum menningarbyltingarinnar hafi fólk verið hvatt til að taka sér pásur í vinnutímanum til að styrkja pólitíska meðvitund sína, sem álitin var það mikilvægasta sem framleitt væri í verksmiðjum. Nú er verksmiðjunum hins vegar stjórnað af sérfræðingum og athafnafrelsi verkamannanna hefur minnkað. Aðaláherslan er lögð á hagnað og er honum náð fram með aukinni stýringu á verkamönnunum, nákvæmum mælingum á lengd kaffitíma, framleiðni og því hvernig verksmiðjan er hönnuð. Ýtt er undir einstaklingshyggju og aga í stað þess að upphæfja heildina eins og áður var og er talað um að agi hafi glatast á tímum menningarbyltingarinnar. Með þessu sé reynt að ná fram vissri grundvallar-breytingu í hugsunarhætti fólks. Rofel bendir þó á að eldri starfsmenn silkiverksmiðjunnar hafi ekki verið tilbúnir til þess að aðlaga sig hinum nýja hugsunarhætti að öllu leyti og stundað visst viðnám gegn breytingunum, til að mynda að taka langar reykingapásur fyrir framan verkstjóran (Rofel, 2002). Nútímavæðingin felur í sér þróun samkvæmt vestrænni fyrirmynd, þar sem borgir eru hannaðar til að skapa „skynsamlegt“ borgarlíf og gríðarlegt eftirlit er haft með borgurunum (Ferguson og Gupta, 2002).

Hugmyndin um þróun sem nývæðingu lifir enn góðu lífi eins og sjá má í útskýringum Joseph Stiglitz, fyrrum aðalhafgræðings Alþjóðabankans, þar sem hann útskýrði „alhliða þróunar uppbyggingu“ (e. comprehensive development framework) sem nálgun í þróunarmálum sem líti á þróun sem umbreytingu (e. development as a transformative movement) þar sem hefðbundin samskipti, hefðbundinn hugsunarháttur, hefðbundnar leiðir til menntunar og heilsugæslu, og hefðbundnir framleiðsluhættir myndu umbreytast yfir í „nú tímalegri hætti“ (Rajagopal, 2003: 150). Rajagopal (2003) bendir aftur á móti á að út frá þessu sjónarhorni er ekki efast um að þessi umbreyting frá hefðbundnum lífsháttum til nútímalífshátta eigi sér alltaf réttlætingu, né er efast um að hið nútímalega sé ávallt betra en hið hefðbundna. Því er ekki rými í þessari hugmyndafræði fyrir

þann möguleika að fólk geti verið mótfallið nútímalegum lífsháttum á upplýstan hátt. Hann segir að „þess í stað er álitíð að andóf gegn breytingum stafi af skorti á upplýsingum, eða skorti á því að fólk eigi nógu mikið undir í verkefninu“¹¹ (Rajagopal, 2003: 150). Samkvæmt Banuri (1990a) hefur hugmyndafræði nývæðingarinnar átt undir högg að sækja, meðal annars vegna þess hve illa hefur tekist að bæta líf skjör hinna fátæku í þróunarlöndunum um leið og auðlegð hefur aukist hjá hinum ríkari, vegna aukins atvinnuleysi þrátt fyrir að aukna framleiðslu og þar fram eftir götunum. Hann segir aukna andstöðu við nútímavæðingu eiga sér stað víða um heim, og þá meðal annars á grundvelli trúarbragða, s.s. íslam. Banuri bendir á að innan andstöðunnar við nývæðingu ríki líka andstaða við marxisma, þar sem hann byggir að miklu leyti á hugmyndinni um línulega þróun og nútímavæðingu.

1. Þekking – glötun þekkingar

Eins og sjá má hér að ofan felur þróun sem nývæðing í sér hugmyndina um að hugsunarháttur, menning og þekking fólks þurfi að breytast til þess að skapa þróun. Þessa hugmynd má sjá í umfjöllun Scott (2005) um nýlendur og hvernig þær kröfðust breytinga á háttalagi og þekkingu innfæddra íbúa nýlendanna, þar sem höfuðáhersla var lögð á að skapa „skynsaman“ (e. rational) almenning. Með því móti gat nýlendustjórnin grafið undan valdi innfæddra íbúa, sem var meðal annars gert með notkun fjölmiðla sem undirstrikuðu nauðsyn góðrar stjórnsýslu, en hún hvíldi á herðum skynsamra íbúa. Með aukinni skynsemi myndu undirstöður hefðbundinnar þekkingar breyta og einungis ein gerð þekkingar (skynsemi) vera viðurkennd, en ekki aðrar. Í samfélagi skynsemi væri þátttaka byggð á þessari þekkingu og hversu vel viðkomandi hefði meðtekið hana, en að sama skapi hversu vel viðkomandi gæti bent á óskynsemi hefðbundinnar þekkingar. Því var eina leiðin fyrir fólk að taka þátt í ákvörðunum samfélagsins að hafa til að bera skynsemi og viðurkenna þá þekkingu sem nýlenduherrarnir höfðu kynnt til sögunnar. Neiti maður að spila leikinn eftir þeirra höfði væri maður útilokaður. Þannig náðu nýlenduveldin að innleiða nýja gerð þekkingar inn í þau samfélög sem þau réðu yfir.

Arjun Appadurai (1990) bendir á það hvernig markaðsvæðing hefur í för með

11 e. „Instead, it is assumed that the resistance to change is because of information deficit, or lack of adequate stake.“

sér umbreytingar á þekkingu fólks. Þrátt fyrir að ný þekking breiðist út með þessum hætti hefur hún líka í för með sér glötun þekkingar. Hann tiltekur sem dæmi að á Indlandi sé kunnáttan á því að nota ekki mótordrífna brunna við það að glatast, og eins það að nota vatnsílát úr leðri í staðinn fyrir málm. Þessi innleiðing á nýjum háttum sé ekki alltaf af hinu góða, auk þess sem það sé galli fyrir marga að vera háður mörkuðum. Banuri (1990b) bendir einnig á að það sé grundvallarbreyting að ætla sér að breyta þekkingu, eða hugarfari fólks. Framandi þekking sé ef til vill samþykkt tímabundið á erfiðum tímabilum en mun sjaldnar á tímum þar sem lífið gengur sinn vanagang. Mikilvægi þess að viðurkenna þekkingu sem sameiginlega fólki er honum einnig ofarlega í huga, í stað þess að horfa á hana sem miðstýrt afl.

Samkvæmt Ferguson (1994) lætur þróunarorðræðan fólk líta út fyrir að vera hamlað af „afturhaldshugsun“ og litið er svo á að hefðbundnir lífshættir og menning fólks sé „hindrun á vegi breytinga.“ Því séu skoðanir og gildi fólks ekki í samræmi við kröfur nútíma efnhags, hvort sem um er að ræða að fólk vilji ekki breyta eignarrétti á landi eða selja hluta af húsdýrum sínum. Emma Crewe og Elizabeth Harrison (2005 [1998]) segja að oft séu heimamenn álitnir lengi að aðlagast nýrri tækni, og er það meðal annars talið stafa af „menningarlegum hömlum.“ Þessar hömlur eru svo álitnar tilkomnar annars vegar vegna vanþekkingar og hins vegar vegna menningarlegra hefða. Í slíkri umræðu eru venjulega dregnar upp andstæður milli „hefðbundins“ og „nú tímalegs“ hugsunarháttar en lítil áhersla er lögð á að reyna að skilja hvers vegna vissar hefðir eru til staðar og hvaða gagn samfélagið hefur af þeim (Crewe og Harrison, 2005 [1998]). Eins og Anja Nygren (1999) bendir á líta rannsakendur oft á þekkingu heimamanna á tvo vegu; annars vegar er henni lyft upp á stall sem óspilltri og með yfirburði yfir vestrænni þekkingu þegar kemur að varðveitingu umhverfis og vistkerfa, og hins vegar sé litið á hana sem afturhaldssama og hamlandi fyrir þróun. Báðar þessar nálganir eiga það sameiginlegt að líta á vestræna þekkingu og þekkingu heimamanna sem andstæður, en lítið gert ráð fyrir því að fólk blandi saman báðum þekkingarformum og móti úr því þekkingu sem samræmist þeirra raunveruleika.

Að sögn Edelman og Haugerud (2005) er það vel þekkt innan þróunarverkefna að erlendir tæknifræðingar horfi fram hjá eða hunsu innlenda nýsköpun eða

hönnun. Þess í stað séu þeir fullvissir um að erlendir verkfræðingar eða hönnuðir þurfi að fylla upp í þar sem þekkingu heimamanna þrýtur. Að því loknu vinna þeir með mannfræðingum í þeim tilgangi að komast fram hjá hinum meinta órökrétta hugsunarhætti heimamanna í þeim tilgangi að fá þá til að meðtaka utanaðkomandi tækninýjungar. Dæmi um þessa hugmynd má sjá í umræðu Sachs (2005: 289) um að farsímar og internetið séu til þess fallin að binda enda á „upplýsinga hungursneyð“ þá sem dreifðari byggðir Afríku og Asíu hefðu þurft að kljást við. Þetta viðhorf – að slíkur skortur hafi verið á upplýsingum að hægt sé að líkja því við hungursneyð – endurspeglar gamlar hugmyndir um íbúa Afríku þar sem þeir voru gjarnan skilgreindir eftir því sem þeir höfðu ekki, fremur en eftir því sem þeir höfðu. Þannig var þeim lýst sem ólæsum, óklæddum og án raunverulegra heimila, án miðstýrðs stjórnkerfis og án laga og regla. Rætur þessara hugmynda er að finna í nýlendukapphlaupinu, þar sem þær ýttu undir réttlætingu þess (Kristín Loftsdóttir, 2007: 265).

2. Íbúar þriðja heims landa

Eitt af einkennum nýlendustefnunnar er framandgerving fólks, þar sem íbúar nýlendanna voru skilgreindir sem óæðri en hvítir íbúar Vesturlanda. Með því voru búin til skýr skil á milli þeirra sem völdin höfðu og hinna undirokuðu (Scott, 2005). Hér að ofan var rætt um að uppruna hugmyndarinnar um þróun mætti rekja til trúboðanna, sem skiptu íbúum heimsins í kristna og heiðingja. Síðar breyttist þessi tvíhyggja yfir í hugtökin siðmenntaðir - frumstæðir, þar sem þeir sem höfðu efnahagslegt vald höfðu yfirhöndina. Að lokum breyttist þessi hugmyndafræði yfir í að fela í sér mismun á milli þróaðra og vanþróaðra (Riddell, 2007; Rajagopal, 2003). Samkvæmt Rajagopal (2003) hefur hugmyndin um að sumir kynþættir séu æðri öðrum lifað áfram innan hugmyndarinnar um þróun. Hvernig litið er á heimamenn má meðal annars sjá í orðalagi þróunarverkefna. Eitt slíkt dæmi er að finna í mati á frammistöðu þriðja heims landa í þróunarsamvinnu. Eins og lýst er í grein Jónínu Einarsdóttur (2007) er til dæmis talað um „tregðu“ landa til að leggja fé í vissa málaflokka, „skort á pólitískum vilja“ og endurspeglar orðalagið jafnvel hugmyndafræði nýlenduhyggjunnar þar sem skil voru gerð milli „siðvæðra“ og „frumstæðra“ samfélaga. Escobar (1995) tekur í sama streng og segir hann að feðraveldi og þjóðhverfa hafi mótað orðræðu þróunar, þar sem litið var svo á að

Íbúar þriðja heims ríkja þyrftu að nútímavæðast, sem þýddi í raun að taka upp lífshætti hvítra Vesturlandabúa. Padel og Das (2010) tala um að sumir séu farnir að sjá þekkingu frumbyggja sem mikilvæga og yfirgripsmikla, þá sérstaklega þekkingu þeirra á náttúrunni. Hins vegar stendur sú þekking stundum í beinni andstöðu við það sem „okkur“ hefur verið kennt og því reynist mörgum erfitt að meðtaka hana.

2. Þróun sem afnám fátæktar

Eins og sjá má hér að ofan er vandasamt að skilgreina þróun, og fer skilningurinn á hugtakinu í raun eftir því hvernig fólk skilur hugtakið vanþróun. Sé vanþróun skilin sem einföld sameignarsamfélög þá á hugtakið þróun við um nývæðingu, það er umbreytingu hefðbundinna samfélaga yfir í tæknivædd, sérhæfð og fjölmenn samfélög sem byggja á einkaeignarrétti. Með öðrum orðum; að þau fylgi vestrænni fyrirmynd. Sumir kjósa hins vegar að líta á vanþróun fyrst og fremst sem fátækt og fátæktartengd vandamál. Ef notast er við þá skilgreiningu er lausnina á henni að finna í hagvexti (Rajagopal, 2003). Skilgreining fátæktar veldur vandræðum og byggir á því að á milli fátækra og annarra séu einhver skil sem endurspeglar í fátæktarmörkum, skil milli ríkra og fátækra; „okkar“ og „hinna.“ Vandamálið sem þróun skilgreinir þá er hvað eigi að gera til að afnema fátækt, með öðrum orðum; hvað hinir ríku eigi að „gera við hina fátæku“ (Hickey, 2008: 353).

Árið 1948 ákvað Alþjóðabankinn að taka upp leið til að bera saman fátækt milli landa og var notast við að reikna út landsframleiðslu á mann. Við það kom í ljós að um 2/3 af íbúum heims bjuggu við fátækt þar sem þeir lifðu á minna en 100 dollurum á ári. Sjálfsþurftarbændur, sem ekki fengu greitt fyrir framleiðslu sína, nema umframframleiðslu sem seld var á mörkuðum, voru ekki teknir með inn í reikninginn og voru þeir því sjálfkrafa álitnir fátækir (Escobar, 1995: 23; Rajagopal, 2003: 108). Escobar heldur því fram að sár fátækt á þeim stóra skala sem við þekkjum nú til dags hafi einungis komið fram á sjónarsviðið eftir að markaðshagkerfið náði útbreiðslu. Það hafi valdið niðurbroti smárra samfélaga og komið í veg fyrir aðgengi milljóna að landi, vatni og öðrum auðlindum. Hann kennir því kapítalísmanum um fátæktina: „Með styrkingu kapítalísma varð

kerfisbundin sköpun fátæktar óhjákvæmileg¹² (Escobar, 1995: 22). Hann bendir enn fremur á það að lönd sem hafi áður verið sjálfum sér nóg í matvælaframleiðslu, eða jafnvel útflytjendur á matvælum, hafi orðið háð öðrum með innflutning á matvælum eftir að þróunarstefnur lögðu áherslu á nauðsyn þess að lönd myndu sérhæfa matvælaframleiðslu sína til að auka útflutning. Með þessu jókst hungur og varð víðfemara (Escobar, 1995).

Samkvæmt Sumanjeet Singh (2009) er matvælaöryggi nauðsynlegt til að útrýma hungri, á meðan kapítalískir framleiðsluhættir í landbúnaði hafi í raun valdið hækkandi matvælaaverði og þar af leiðandi matarskorti. Lausnirnar séu flóknar en felist meðal annars í því að landbúnaður losni undan fákeppni nokkurra risafyrirtækja í landbúnaði (e. agro-business). Núverandi matarskortur stafar af tveimur þáttum, annars vegar raunverulegum skorti, en einnig gríðarlegri hækkun matvælaaverðs. Sú hækkun stafar meðal annars af hærri framleiðslukostnaði, m.a. vegna hærri verðs á olíu og áburði en sá landbúnaður sem stundaður er nú til dags er gríðarlega háður olíu og tilbúnum áburði. Einnig stafar hækkunin af aukningu á ræktun plantna fyrir framleiðslu lífefnaeldsneytis sem tekur upp gríðarlegt ræktarland. Skuldinni er gjarnan skellt á fátæka og þeim kennt um að fjölga sér of hratt en eins og Singh bendir á þá hefur Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna reiknað út að nægur matur sé til í heiminum til að fæða alla íbúa hans 1.5 sinnum eftirspurnina núna. Vandamálið er því ekki skortur á mat heldur hvernig honum er dreift (Singh, 2009: 26-28).

Hickey (2008) heldur því fram að skilgreiningar fátæktar sem byggja á niðurlægjandi hugmyndum um fátæka valdi því að verkefni sem stefna að afnámi fátæktar snúi fyrst og fremst að því að auka stýringu yfir þeim, í þeim tilgangi að gera þá að auðsveipum og framleiðandi íbúum (Hickey, 2008). Dæmi um slíka nálgun má sjá í umfjöllun Sachs (2005: 291) um hvernig afnema megi fátækt, en hann segir að þróunaraðstoð erlendis frá eigi að nota í að fjárfesta í innviðum landa og mannaúði, sem efli fátæka til að „framleiða meira af eigin frumkvæði.“ Escobar (1995) fjallar um þetta sem fátæktarpólitík (e. the politics of poverty), sem snúist ekki bara um að breyta samfélaginu með því að skapa neytendur, heldur um að hlutgera hina fátæku þannig að þeir verði einungis viðföng þekkingar og stýringar. Rajagopal (2003) bendir á það að ekki hafi alltaf verið

12 e. „With the consolidation of capitalism, systemic pauperization became inevitable.“

litið á fátækt með því neikvæða hugarfari sem gert er nú til dags. Á miðöldum hafi fátækt sem val verið höfð í háum metum, meðal annars meðal munka í Evrópu. Á Indlandi hafi einnig verið litið á fátækt sem dyggð. Nú til dags sé hins vegar litið á skort á neikvæðan hátt, og með því er einungis verið að skilgreina fátæka eftir því hvað þeim vantar, en ekki hvað þeir hafa; svo sem menningu, hefðir, land, frelsi eða hugsjónir. Brátt fór þessi hugmynd að eiga við um meira en bara efnislegan skort og fór að eiga við um menningarlega, félagslega og sálfræðilega fátækt líka.

Samkvæmt Ferguson (1994) er mikilvægt að spyrja réttu spurninganna þegar litið er á fátækt. Í stað þess að spyrja hvers vegna tiltekið land sé fátækt, sem leiðir af sér svarið að það sé ekki nægilegur hagvöxtur, sé réttara að spyrja hvers vegna íbúar þessa tiltekna lands séu fátækir. Það leiðir oft af sér annars konar svar þar sem sögð er dapurleg saga landmissis, yfirráða, nauðugra brottflutninga og afneitunar á réttindum fólks. Ef kosið er að líta ekki á fátækt sem pólitíska stöðu, heldur líta á hana einungis sem tæknilegt vandamál sem á séu tæknilegar lausnir, er verið að gera lítið úr pólitísku eðli þróunar og hún látin líta út fyrir að vera hlutlaus og tæknimiðuð. Með því minnka möguleikar fólks á að gagnrýna hana. Í verkefnum sem snúa að því að afnema fátækt er lítið gert til að breyta undirliggjandi valdatengslum og jafnvel fullkomlega horft fram hjá þeim (Ferguson, 1994). Slíkt viðhorf má sjá í ummælum Stiglitz (2002) þar sem hann mærir frumkvæði Alþjóðabankans til að hafa fátæka með í ráðum, með því að kanna viðhorf þeirra sjálfra til stöðu sinnar. Þar nefnir hann að fátækir finni fyrir valdaleysistilfinningu, líkt og þeir hafi ekki rödd eða stjórn yfir eigin örlögum. Þess í stað sé þeim skakað til af öflum sem þeir ráði ekki við. Athyglisvert er að hann talar bara um þetta sem *tilfinningu*, en ekki sem raunveruleika fátækra. Þetta viðhorf bendir til þess að þeir geti auðveldlega breytt stöðu sinni, ef þeir aðeins losi sig við þessa tilfinningu. Hickey (2008) talar um að í stað þess að styðja félagslegar hreyfingar sem berjast fyrir breytingum hafi þróunarorðræðan lagt höfuðáherslu á valdeflingu kvenna og undirmálshópa með smálánum. Vandinn eykst enn þegar fátækt fellur saman við aðrar skilgreiningar sem manneskjan fellur undir, svo sem stétt, kyn eða etnískan hóp. Þó tilhneiging sé til að líta á fátæka sem einn hóp þá er veruleikinn annar og hagsmunir mismunandi hópa fátækra fara ekki alltaf saman. Samkvæmt Hickey (2008) lét háttsettur starfsmaður hjá Sameinuðu þjóðunum í ljós þá skoðun að þær leiðir sem

þróunarstofnunar færu til að afnema fátækt væru einmitt vinsælar vegna þess að þær miði að því að afnema fátækt án þess að raunverulega breyta neinu (Hickey).

3. Þróun sem kapítalísk iðnvæðing

Hugmyndin um þróun sem afnám fátæktar hefur verið mjög ráðandi í umræðunni frá upphafi þróunarorðræðunnar og hefur löngum verið deilt um hvort lausnina sé að finna í áherslu á hagvöxt eingöngu eða hagvöxt ásamt endurdreifingu. Allt frá upphafi hefur verið litið svo á að efnahagsvöxtur og iðnvæðing myndu útrýma „vanþróun“ (e. underdevelopment). Iðnvæðing átti að leysa landbúnað af hólmi og hagvöxtur átti að dreitla niður til fátækra (Robb, 2004). Padel og Das segja að oft sé litið svo á að iðnvæðing og framfarir séu eitt og hið sama: „Það að kalla vestræn lönd „þróuð“ og Indland „þróunarland“ er hugmyndafræðileg fullyrðing byggð á þeirri trú, sem rekur ættir sínar til Evrópu, að iðnvæðing sé það sama og framfarir“¹³ (Padel og Das, 2010: xxv). Í skilningi þess að þróun sé afnám fátæktar hafa komið fram mismunandi kenningar um hvernig hún skuli stunduð en þær byggja þó flestar á mjög hagfræðilegri sýn á þróun. Gróflega má skipta þessum nálgunum í tvennt; annars vegar kenningar sem byggja á klassískri hagfræði og leggja mikla áherslu á frjálsan markað, og hins vegar kenningar sem byggja á hugmyndum John Maynard Keynes og leggja áherslu á að ríkið verði að koma að þróun. Áhersla beggja er þó lögð á hagvöxt en hann byggir á stöðugri framleiðslu (Porter og Sheppard, 1998; Peet og Hartwick, 2009).

Undanfarna áratugi hefur nýfrjálshyggja verið ráðandi stefna innan þróunarfræða en nýfrjálshyggjan byggir á kenningum klassískrar og nýklassískrar hagfræði um hinn frjálsa markað. Kenningar um frjálsan markað spruttu upp úr vissum hugmyndafræðilegum grunni í kjölfar iðnvæðingarinnar (Edelman og Haugerud, 2005). Á liðnum árum hefur sú stefna verið ríkjandi að opna markaði þróunarlandanna fyrir verslun og viðskiptum. Það felur í sér minnkuð afskipti ríkisins af viðskiptum og afnám innflutningshafta. Þessi stefna hefur verið hart rekin af Alþjóðabankanum, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðaviðskiptamálastofnuninni hin síðari ár en hún þýðir að lönd eru mun samtengdari en þau voru áður og breytingar á efnahagsaðstæðum í einu landi hafa því mikil áhrif í öðrum

13 e. „Calling Western countries 'developed' and India a 'developing' country is an ideological statement of the belief that grew up in Europe, that industrialization equals progress.“

löndum (ICFTU, 2002; UNDP, 2005). Árið 2005 sendi Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna frá sér skýrslu þar sem fram kom að „hugmyndin um að opnir markaðir séu í sjálfu sér jákvæðir fyrir bæði hagvöxt og þróun er nú viðurkennd nánast alls staðar“¹⁴ (UNDP, 2005: 119). Samkvæmt Philip Porter og Eric Sheppard (1998) gerir nýfrjálshyggja ráð fyrir því að sömu lögmál um efnahagslega þróun gildi í þróunarlöndunum og á Vesturlöndum. Ennfremur segja þeir nýfrjálshyggjan smætta þróunarhugtakið niður í efnahagslega þróun og álitur efnahagslega þróun og aukinn hagvöxt eina markmið þróunar.

Í þróunarhagfræði (e. development economics), sem er ein þeirra kenninga sem byggja að grunni til á hugmyndum Keynes, er því haldið fram að ef ríkið styddi iðnvæðingu í vissum sviðum atvinnulífsins myndi það draga að erlendar fjárfestingar sem kæmi efnahagslífinu af stað (Peet og Hartwick, 2009). Þróunaraðstoð tók mjög mið af þessum kenningum um miðja síðustu öld, en þá var talið að ef iðnaður og innviðir þróunarlandanna væru byggð upp myndi það leiða til aukinnar þróunar þeirra (Thorbecke, 2000). Þetta viðhorf er að finna sér leið á ný inn í stefnumótun í þróunarmálum, en eins og kemur fram í grein McGord, Sachs og Woo (2005) er talið nauðsynlegur þáttur í því að þúsaldarmarkmiðin náist að borgir byggi upp innviði og bæti þjónustu til þess að draga að erlent fjármagn. Escobar (1995) bendir á að í upphafi hafi fyrst og fremst verið litið á þróun sem iðnvæðingu. Iðnvæðing var talin vera eina leiðin fyrir fátæk lönd til að snúa við því óréttlæti sem fólst í því að vera framleiðendur hrávöru, þar sem lágt verð fékkst fyrir hana, á meðan iðnríkin græddu mun meira á því að fullvinna vöruna. Því var iðnvæðing álitin „lykillinn að þróun.“ Einnig þurfti þróun að vera kapítalísk til þess að draga að utanaðkomandi fjármagn. Til þess hafi þurft að halda niðri bæði þjóðerniskennd, sem og verkafólki og smábændum (Escobar, 1995). Padel og Das (2010) halda því fram að oft gæti tortryggni meðal íbúa Indlands sem vilja ekki námuvinnslu og iðnaðarframleiðslu, til „hefðbundinna“ þróunarverkefna, s.s uppbyggingar vegaframkvæmda. Sú tortryggni stafir fyrst og fremst af biturri reynslu þar sem þróunarverkefni séu notuð í þeim tilgangi að keyra iðnvæðingarform áfram. Þróun er ætlað að minnka fátækt, en ef þróun er skilin sem iðnvæðing hefur hún víða aukið fátækt. Fólki sem hefur verið hrakið burt af landi sínu vegna iðnvæðingarverkefna lendir oft í sárri

14 e. „The idea that openness to trade is inherently good for both growth and human development now enjoys almost universal support.“

örbirgð. Padel og Das telja að „í grundvallaratriðum er „þróun“ orðin að grímu fyrir gríðarlega alvarlegar tegundir af efnahagslegu arðráni og spillingu á svæðum frumbyggja á Indlandi“¹⁵ (2010: 13).

Eins og fram kom hér að ofan var þróun frá upphafi nátengd nýlendustefnunni, og af ýmsum álitin framhald hennar. Til að útskýra nýlendustefnuna hafa kenningar Marx um eðli kapítalísma verið notaðar en þær gerðu ráð fyrir því að kapítalisminn ylli því að iðnvædd ríki neyddust til að leggja undir sig sífellt stærri landsvæði, að öðrum kosti myndi hið kapítalíska kerfi hrynja (Porter og Sheppard, 1998). Samkvæmt kenningum Marx hefur í kapítalísku framleiðsluhagkerfi verið búin til stétt þeirra sem eiga fjármagn, land og framleiðslutæki annars vegar, og stétt hinna landlausu hins vegar. Þar sem þeir sem ekki hafa aðgang að landi eru í hættu að svelta noti þeir ekki þau úrræði sem þeir hafi, sem er vinnuafli þeirra, neyðast þeir til að selja kapítalistunum vinnu sína (Peet og Hartwick, 2009).

Rajagopal (2003) talar um að hnattrænn kapítalismi snúist meðal annars um að vernda markaði og réttindi neytenda. Hann hefur eftir Frederic Lugard, nýlendstjóra Breta í Nígeríu og seinna fulltrúi hjá Þjóðabandalaginu, að í nútíma lýðræðisríkjum þar sem íbúarnir krefðust þess að hafa atvinnu væri ekki hægt að koma til móts við þá kröfu án markaða og hráefna frá hitabeltislöndum. Þetta viðhorf var í raun í mótsögn við þá ímynd margra í Evrópu á þeim tíma, að nýting á hráefnum nýlendanna væri einungis fyrir hagsmunum ríkra kapítalista en hefði ekkert að gera með evrópskan almenning. Þess í stað væri nýlendustefnan nauðsynleg til þess að viðhalda atvinnu og efnahagslegri velmegun í Evrópu. Rajagopal bendir á það að kapítalisminn, og með honum grundvöllur alþjóðlegrar stjórnskipunar eins og hún er í dag, byggji á gjörnýtingu auðlinda, en það byggir einnig á því að skipta út hefðbundnum lífsháttum fyrir nútíma lífnaðarhætti.

1. Vald stórfyrirtækja

Á undanförunum áratugum hafa alþjóðlegar fjármálastofnanir og fleiri aðilar lagt mikla áherslu á frjálst fjármagnsflæði, hagvöxt og óheft viðskipti. Að sögn Tony Barnett og Alan Whiteside (2006) hafa stórfyrirtæki öðlast sífellt meiri völd í kjölfar þessarar stefnu. Mörg stórfyrirtæki séu með meiri veltu en meðalstór lönd

15 e. „Basically 'development' has become a mask for extremely gross form of exploitation and corruption in Adivasi areas of India.“

og vald þeirra er að sama skapi mikið. Amnesty International (2000) gaf út skýrslu þar sem fram kom að 100 stærstu alþjóðlegu fyrirtækin réðu yfir þriðjungi erlendra fjárfestinga og 70% af alþjóðaviðskiptum. Samkvæmt Daniel Kaufmann (2004) hafa fyrirtæki nútímans oft á tíðum mikil áhrif á stefnu stjórnvalda. Leiðir stórfyrirtækja og einkaaðila til að hafa áhrif á lagasetningu og opinbera stefnumótun einkennast annars vegar af lobbíisma, sem telst lögmæt aðferð fyrir einkaaðila að hafa áhrif á stefnumótun, og hins vegar af „yfirtöku“ (e. state capture) þar sem fyrirtæki hafa vald yfir opinberri stefnumótun og lagasetningu. Naomi Klein (2007) talar um það áhrifavald sem stórfyrirtæki hafa til þess að viðhalda núverandi kerfi, en það vald stafar bæði af gríðarlegu fjármagnsflæði og af nánnum tengslum þeirra við meðlimi ríkisstjórna. Eins verður að athuga að nú til dags er það sífellt algengara að alþjóðleg fyrirtæki séu orðin að pappírsfyrirtækjum sem kaupa framleiðsluna af undirverktökum. Það gerir það að verkum að fyrirtækið á afar auðvelt með að færa sig um set og skipta um framleiðsluaðila. Ótti margra ríkisstjórna við „fjármagnsflóttu,“ eða „öfugt fjármagnsflæði“ hefur einnig þau áhrif að þær vilja ekki styggja fjárfesta og fyrirtæki sem hóta því að flytja sig um set verði þeim settar frekari skorður en þau vilji samþykkja. Samkvæmt Richard B. Freeman (2003) getur fjármagnsflótti komið af stað niðursveiflu sem óhjákvæmilega veldur atvinnuleysi og óstöðugleika en það er eitthvað sem flestar ríkisstjórnir vilja forðast.

Dawn Rothe og Christopher Mullins (2009) benda á að í mörgum tilfellum þar sem um alvarleg mannréttindabrot, morð og ofsóknir er um að ræða, sé sökina að finna hjá fleirum en einum aðila. Í sumum tilfellum sé um að ræða ofsóknir af hálfu ríkja, í öðrum af hálfu alþjóðlegra aðila, svo sem fyrirtækja. Oft sé hins vegar horft fram hjá því að glæpir sem framdir eru af málaliðum eða skæruliðahópum geti verið á ábyrgð ríkja og alþjóðlegra stórfyrirtækja. David Friedrichs (2007) heldur því fram að glæpir í kjölfar hnattvæðingarinnar en það á við um glæpi sem valda fólki miklum skaða og eru afleiðingar af þróun og útpenslu fjármagns. Slíkir glæpir einskorðast ekki við einhvern einn flokk, s.s glæpi sem framdir eru af ríkinu, hvítflibbaglæpi eða glæpi stórfyrirtækja, heldur feli þeir í sér samvinnu milli alþjóðlegra fjármálastofnanna, alþjóðlegra fyrirtækja, ríkisstjórna eða pólitíkusa sem taka þátt í skaðlegum athöfnum sem brjóta alþjóðleg lög eða mannréttindasamþykktir. Þrátt fyrir að almennt sé álitid að

stjórnvöld brjóti helst á mannréttindum fólks þá bendir Alyson Brysk (2005) á að það sé að færast í aukana að einkaaðilar verði uppvísir að mannréttindabrotum. Í sumum tilfellum má segja að mannréttindabrot af hálfu einkaaðila séu orðin kerfisbundin og hluti af félagslegum veruleika fólks. Slík mannréttindabrot fara frá því að banna fólki að koma saman til að skipuleggja réttindabaráttu, og út í það að alþjóðleg stórfyrirtæki kosti vígamenn til drápa á verkalyðsleiðtogum.

5. Andóf gegn orðræðu þróunar

1. Andóf gegn þróun

Eins og hér hefur verið lýst líta ekki allir á sömu þróun sem æskilega. Michael Taussig (1980) heldur því fram að það sé oft erfitt fyrir „okkur“ sem lifum í kapítalískum samfélögum að skilja afstöðu fólks úr ókapítalískum samfélögum. Hann segir að smábændur í Suður-Ameríku hafi litið á ýmsar gjörðir vestrænna samfélaga sem ónáttúrulegar eða jafnvel sem af hinu illa. Taussig bendir á að þau okkar sem komum úr kapítalískri menningu eigum það til að gleyma því að menning okkar er ekki „náttúruleg“ heldur staðsett í vissum sögulegum og félagslegum raunveruleika. Escobar (2005 [1992]) gagnrýnir algildar kenningar á borð við marxisma og nýfrjálshyggju fyrir það að leita einungis eftir þeirra eigin staðhæfingum í gögnum sem koma frá þriðja heiminum. Með þessari orðræðu sé bæði vegið að því að fólk geti stýrt sinni eigin hegðun og tekið sjálfstæðar ákvarðanir. Þannig er verið að styrkja í sessi menningarleg yfirráð Vesturlanda yfir þriðja heims löndum. Samkvæmt honum má komast að því hvernig fólk upplifir innleiðingu vestrænna háttá með því að gefa gaum að andófinu sem stundað er gegn þeim. Rajagopal (2003) heldur því fram að grasrótahreyfingar hafi áttað sig á því að það sé ekki skortur á þróun sem valdi fátækt, ofbeldi og eyðileggingu náttúru, heldur einmitt hið gagnstæða; að framkvæmd þróunar valdi þessu. Andóf gegn orðræðu þróunar skýrist meðal annars af því hversu langt hefur verið gengið í mörgum tilfellum, í þeim tilgangi að koma þróun í gegn. Escobar (1995) segir að á stundum hafi vald þróunarorðræðunnar verið svo öflugt að nánast allt hafi verið lagt að veði á altari hennar. Þróunarorðræðan hafi verið álitin „svo mikilvæg að fyrsta og þriðja heims elítur sættu sig við að hún kostaði gríðarlega fátækt, sölu á auðlindum þriðja heimsins til hæstbjóðanda, niðurbrot náttúrulegs og manngerðs vistkerfis þeirra, dráp og pyntingar, fordæmingu frumbyggja“¹⁶ (Escobar, 1995: 53).

16 e. „so important that First and Third World elites accepted the price of massive impoverishment, of selling Third World resources to the most convenient bidder, of degrading their physical and human ecologies, of killing and torturing, of condemning their indigenous populations.“

2. Hnattvæðing og hnattrænt andóf

Hnattvæðing felur í sér fleiri en eina merkingu en fyrir margra merkir hún fyrst og fremst frjálsan markað, þar sem fjármagn flýtur óheft milli landa og allir heimshlutar eru tengdir í gegn um eitt efnahagskerfi (Edelman og Haugerud, 2005). Hinar merkingar hugtaksins eiga við um aukin tengsl milli svæða vegna aukinnar samskiptatækni og auðveldari flutninga milli landa. Sumir mannfræðingar horfa fyrst og fremst á hnattvæðingu sem menningarlegt flæði og hunsu hina efnahagslegu hlið hnattvæðingarinnar. Hnattvæðing sem slík hefur átt sér stað áður, í formi mikilla flutninga fólks og fjármagns. Hins vegar einkennist hnattvæðing nútímans öðru fremur af frelsi til fjármagnsflutninga, en ekki endilega af frjálsari flutningum fólks (Hannerz, 2010).

Oft er lítið svo á að þróun sé hnattræn en andóf gegn henni sé staðbundið. Everett (1997) bendir á að það sé oft ekki talað mikið um andófið sem á sér stað gegn þróun og þar af leiðandi virðist svo vera að einungis sé um einhver utanaðkomandi valdaöfl að ræða sem ákveði hvernig þróun eigi að eiga sér stað og á hvaða hátt. Með þessu sé gert lítið úr þeirri hagsmunabaráttu raunverulegs fólks sem standi á bak við þau, að það séu beinir hagsmunir þróunarstofnanna að stunda vissa tegund þróunar, þ.e. þróun sem byggir á frjálsu markaðshagkerfi. Þessi tegund þróunar kemur sér einnig vel fyrir meðlimi elítunnar á hverjum stað fyrir sig og því styður hún slíka þróun. Everett bendir hins vegar á að oft sé lítið talað um þessa staðbundnu hagsmunaárekstra og andófið gegn þróunarverkefnum sem bæði beinist gegn alþjóðlegum stofnunum og elítunni á hverjum stað. Þess í stað sé dregin upp mynd af hinu staðbundna í baráttu við hið hnattræna.

En rétt eins og þróun getur verið staðbundin getur andóf verið hnattrænt, og öfugt. David Graeber (2004) bendir á að á undanförunum árum og áratugum hafi hörð gagnrýni beinst að hinum alþjóðlegu þróunar- og fjármagnsstofnunum. Þeirri gagnrýni er einna helst beint að Bretton Woods stofnununum en þessar stofnanir veita mesta fjármagninu til þróunaraðstoðar. Mikil gagnrýni hefur einnig beinst gegn Alþjóðaviðskiptastofnuninni sem er að vísu ekki þróunarstofnun en þó hefur stefna hennar mikil áhrif á heimsviðskipti og um leið á efnahag þróunarlandanna. Andófið gegn Bretton Woods stofnununum byggir á því að afneita *vissri tegund* þróunar, þar sem aðal áherslan er lögð á hagvöxt og frjálst fjármagnsflæði. Það er

ekki þar með sagt að fólk vilji ekki njóta menntunar eða heilsugæslu, en oft á tíðum stendur því ekki þannig þróun í boði, heldur einungis innleiðing kapítalískra framleiðsluhátta (Graeber, 2004).

Á tíunda áratugnum komu fram hreyfingar sem sameinuðu baráttumál ýmissa hópa, sér í lagi sameinuðust þessar hreyfingar gegn stefnu fyrrnefndra stofnanna og því sem þær stóðu fyrir. Ein fyrstu stóru mótmælin undir þessum formerkjum voru skipulögð af People's Global Action (PGA) í Seattle 1999, þegar fundur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar stóð yfir. PGA eru lausbeisluð regnhlífasamtök ýmissa grasrótahreyfinga, bæði frá þriðja heims löndum og Vesturlöndum. Margar baráttuaðferðir þessara alþjóðlegru fjöldahreyfinga koma frá þriðja heims löndum, sem og leiðir þeirra til ákvarðanatöku (Graeber, 2005 [2001]). Af grasrótahreyfingum heimamanna eru þær þekktustu trúlega *Zapatista* hreyfingin í Mexíkó, *Sem Terra*, hreyfing landlausra í Brasilíu og *Vía Campesina*, hreyfing smábænda og landsbyggðarkvenna víðs vegar um heiminn. Þessar hreyfingar sem stunda andóf gegn markaðsvæðingu og valdi alþjóðlegra stofnana byggja á sameiningu og samstöðu, auk nafnleysis, sem segja má að endurspegli það að upphafning einstaklingsins sé ekki álitin mikilvægur þáttur. Þessar hreyfingar leggja áherslu á réttindi fólks til landsvæðis og réttindi smábænda og sjálfþurftarbænda í stað þess að stunda þróun með hagvöxt að leiðarljósi (Desmerais, 2003; Gledhill, 2005 [2001]).

3. Nýjar félagslegar hreyfingar

Escobar (2005 [1992]) heldur því fram að spurningum um daglegt líf, lýðræði, hlutverk ríkisins og endurskilgreiningu þróunar verði einna helst svarað með því að líta til baráttumála grasrótahreyfinga. Í því samhengi má líta til hinna svokölluðu „nýju“ félagslegu hreyfinga (New Social Movements). Hákan Thörn (2009) skilgreinir grasrótahreyfingu sem sameiginlega aðgerð sem miði að því að umbreyta samfélagsskipaninni. Einkenni hinna „nýju“ félagslegu hreyfingar sé að þær vinni bæði utan og innan kerfisins og beiti ýmsum aðferðum í baráttu sinni, ekki síst beinum aðgerðum og borgaralegri óhlýðni. Hjá baráttufólki gegn aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku hafi þessar aðferðir verið notaðar, og bendir Thörn á að um lögmæti slíkra aðferða hafi ríkt töluverðar deilur. Snerist umræðan

oft um aðferðir fremur en hugmyndafræði hreyfingarinnar. Þessar nýju hreyfingar spruttu fram í kjölfar aukinnar hnattvæðingar og byggja á tengslum milli fyrsta og þriðja heimsins. Alþjóðavæðing andófs var gerð möguleg með alþjóðlegum fjölmiðlum og auðveldari tengslamyndun, til að mynda með betri samgöngum. Internetið og upplýsingatækni eru einnig oft nefnd sem ástæður þess að þær spruttu fram, en eins og Thörn bendir á þá er ef til vill lögð full mikil áhersla á hlutverk internetsins, þar sem baráttan gegn aðskilnaðarstefnunni var í raun orðin alþjóðleg löngu fyrir tilkomu internetsins. Það sama á við um náttúruverndarbaráttu hér á landi, þar sem liðsinni barst erlendis frá á áttunda áratugnum (Thörn, 2009; Unnur Birna Karlsdóttir, 2010).

Að mörgu leyti má segja að nýjar félagslegar hreyfingar leitist eftir að breyta samfélaginu á hátt sem er ekki ósvipaður því sem talað er um innan þróunarorðræðunnar, þ.e að baráttu þeirra beinist að uppfyllingu grunnþarfa. Aðal munurinn liggur e.t.v í hugmynd þeirra um sjálfræði. Escobar (2005 [1992]) segir að hinar nýju félagslegu hreyfingar hafi reynt að skapa sér visst sjálfstæði frá ríkinu og ráðandi formum þekkingar. Til að mynda hafa fræðimenn litið á hreyfingar í rómönsku Ameríku sem eins konar ný-anarkískar hreyfingar þar sem þær leitist eftir auknu sjálfræði frá ríkinu og hefðbundinni pólitískri skipan. Graeber (2005 [2001]) segir helsta baráttumál þessara hreyfinga vera baráttu gegn nýfrjálshyggju og fyrir auknu, og nýjum tegundum, lýðræðis. Innan þriðja heimsins hafa þær því komið í staðinn fyrir sjálfstæðishreyfingar sem mynduðust á nýlendutímanum. Sjálfstæðishreyfingarnar byggðu baráttu sína fyrst og fremst á pólitískum og efnahagslegum baráttumálum. „Nýju“ hreyfingarnar, aftur á móti, stunda andóf og baráttu einnig á grundvelli menningar Fleiri leiðir til andófs hafa komið fram á undanförunum áratugum, til dæmis eftir kyni og kynhneigð, sem og andóf á grundvelli náttúruverndar (Rajagopal, 2003). Í mörgum tilfellum byggjast hreyfingarnar upp í gegn um lárétta strúktúra, en ekki lóðrétta, og hefðbundin form líkt og ættartengsl eða tengsl meðal þeirra sem deildu sama landsvæði. Þessar hreyfingar eru að mestu óháðar hefðbundinni pólitík, ólíkt þjóðernishreyfingunum sem byggðu að öllu leyti á hefðbundnum pólitískum strúktúrum (Escobar, 2005 [1992]). Andófið spratt meðal annars upp vegna reynslu fólks af þróunarverkefnum, rót vandans var, að þeirra álit, ekki skortur á þróun, heldur einmitt þróunin sjálf. Upp úr 1970 voru margar hreyfingar búnar að gefast upp á

bæði hugmyndinni um þróun og uppbyggingu þjóðríkisins. Þetta viðhorf má meðal annars sjá í ýmsum umhverfisverndarhreyfingum á borð við Chipko hreyfinguna í Indlandi (Rajagopal, 2003).

Hinar „nýju“ félagslegu hreyfingar í þróunarlöndunum komu fram þegar marxismi brást sem frelsishreyfing. Samkvæmt Rajagopal (2003) var það bæði vegna þess að marxismi gerði ráð fyrir vissum félagslegum hópum sem hefðu ávallt sama hlutverk, s.s smábændum og verkamönnum. Aðrir félagslegir hópar sem höfðu ekki beina skírskotun til stéttarstöðu voru ekki teknir með í reikninginn. Marxismi var því óðum að verða baráttumálunum óviðkomandi; s.s þegar kom að baráttu fyrir verndun náttúrunnar, femínískum baráttumálum, og landmissi smábænda. Einnig voru ýmsar félagslegar hreyfingar í þróunarlöndunum mótfallnar hugmyndum marxisma um yfirburði vestrænnar nútíma-væðingar og mikilvægi ríkisins til að ná fram félagslegum breytingum. Þessu var hafnað af ýmsum hreyfingum sem, ólíkt byltingarhreyfingum fyrri tíma, sækjast ekki eftir valdi yfir ríkinu. Þess í stað sækjast þær fremur eftir sjálfræði yfir sínum eigin málum og því að lýðræðisvæða ýmsar stofnanir samfélagsins, s.s vinnustaði, fjölskylduna og samfélagið, hvort sem um er að ræða lítið samfélag, til að mynda eitt hverfi, eða samfélagið í heild. Þannig fóru jafn ólíkar hreyfingar eins og hústökufólk, hreyfingar smábænda, landlausra, femínista og náttúruverndarsinna að sameinast um báraáttumál; frelsi og sjálfræði, á grundvelli sameiginlegs óvinnar; iðnvædds kapítalisma (Rajagopal, 2003).

4. Nauðugur brottflutningur

Vegna tengsla þróunar við iðnvæðingu er orðræða um þróun og framfarir oft nátengt orðræðu um uppbyggingu stóriðju og virkjana. Vatnsaflsvirkjanir eru einn helsti þátturinn í sköpun þróunarflóttamanna (Oliver-Smith, 2002). Þegar rætt er um þróun er sjaldan talað um þær fórnir sem færa þarf í þágu iðnvæðingar og hagvaxtar. Um tíu milljónir manna árlega þurfa að flytjast á brott frá heimilum sínum vegna virkjana og borgvæðingar (Edelman og Haugerud, 2005: 47). Oftast eru það fátækir og valdalitlir hópar fólks sem neyðast til að flytja sig um set til að rýma fyrir þessum verkefnum. Ástæður brottflutnings fólks eru fyrst og fremst efnahagslegar, en þessar efnahagslegu ástæður eru iðulega metnar mikilvægari en

réttindi og þarfir fólks sem verður fyrir áhrifum. Þessi áhersla hefur einnig að gera með það hvernig áhrif eru mæld, þar sem auðveldara er að mæla efnahagsleg áhrif í tölum en félagsleg og menningarleg áhrif. Það sem ekki er hægt að sýna fram á með tölum hefur oft verið álitnið óviðkomandi vandamálinu (Oliver-Smith, 2002).

Rajagopal (2003) bendir á það að indverska ríkið hafi staðið fyrir nauðugum brottflutningi 33 milljóna Indverja vegna „þróunarverkefna,“ þá fyrst og fremst vegna rafmagnsframleiðslu en það hafi litla gagnrýni hlotið og er lítið á þann brottflutning sem „samfélagslegan kostnað“ þróunar. Suzanne Autumn (1996) segir að Alþjóðabankinn líti enn á það sem viðunandi kostnað þróunar að neyða fólk til að flytjast á brott. Samkvæmt Anthony Oliver-Smith (2002) er eitt dæmi um slíkan brottflutning hið umdeilda Narmada verkefni á Indlandi, sem á tímabili stóð til að yrði fjármagnað af Alþjóðabankanum en um var að ræða þróunarverkefni sem sneri að því að nýta vatnsorku Narmanda árinna fyrir raforku, drykkjarvatn og áveitu. Í upphafi átti að gera 30 stórar stíflur, 3.000 litlar stíflur og 135 stíflur sem voru mitt á milli í stærð og kallaði þáverandi forsætisráðherra virkjanirnar „hof þróunar“ (e. temples of development). Stærsta stíflan ein og sér hefði haft áhrif á líf tugi milljóna manna og var gert ráð fyrir að yfir 160 þúsund manns hefðu þurft að flytjast á brott hefði orðið af verkefninu. Mikil andstaða ríkti gegn verkefninu og náðist á endanum að þrýsta á Alþjóðabankann að draga fjármögnun sína til baka (Oliver-Smith, 2002: 97; Rajagopal, 2003: 123).

Samkvæmt rannsókn Oliver-Smith (2002) á aðstæðum þróunarflóttamanna er oft álitnið að fólk sé í raun ekki neytt á brott, þar sem yfirvöld benda gjarnan á að þeim hafi verið boðnar skaðabætur fyrir landmissinn. Þessi sýn felur í sér þá trú að um fjáls markaðsviðskipti sé að ræða. Það gerir þó lítið úr þeim aðstæðum sem fólk er oft sett í, þar sem það hefur lítið annað val en að taka við greiðslu fyrir land sitt. Upplýsingum er iðulega haldið frá þeim, auk þess sem ofbeldi og hótunum er gjarnan beitt sem stundum er gert með vitund og aðstoð viðkomandi stjórnvalda. Sums staðar óttast fólk um líf sitt standi það í vegi framkvæmda og álitur því vænlegra að flytja. Þegar fólk stendur frammi fyrir því að þurfa að yfirgefa heimili sín til þess að rýma fyrir þróunarverkefnum hafa þó æ fleiri tekið upp á því að berjast gegn því að vera neyddir á brott (Oliver-Smith, 2002). Padel og Das (2010) segja að fyrir marga frumbyggja séu tengsl þeirra við landið

mikilvægur þáttur í því að viðhalda trú þeirra og menningu, ekki síður en lífsafkomu þeirra. Þeir lýsa því hvernig þorpsbúar sem höfðu samþykkt brottflutning vegna stórra framkvæmda sáu fljótt eftir því. Í stað þorpsins og matvælaræktunarinnar áttu þau peninga inni á bankabók og steinsteypt hús en það veitti þeim litla lífsfyllingu. Oliver-Smith (2002) segir fjölbreytileika lífshátta á í hættu að tapast, þar sem félagsleg, menningarleg og efnahagsleg sambönd breytist með þróun sem felur í sér kapítalíska iðnvæðingu. Breytingum á lífsháttum fylgja oft gríðarlegar breytingar á menningu fólks, sem og kynja- og valdatengslum.

5. Menning sem andóf

Eins og Rajagopal (2003) vekur athygli á er andófi alltaf skipt í tvo flokka; lögmætt andóf og ólögmætt andóf. Á nýlendutímanum, sér í lagi skömmu áður en nýlenduhyggjan leið undir lok, var hið lögmæta andóf „mild þjóðernishyggja“ sem ekki var álitin ógna stjórnskipan nýlenduveldisins. Eftir sjálfstæði nýlendanna var litið á allt andóf gegn hinu nýstofnaða ríki og þróunarverkefnum þess sem mótfallið þjóðinni og þar með nánast eins og landráð. Á þeim tíma hafa þó komið fram fjöldinn allur af hreyfingum kvenna, smábænda, leiguliða, fátækra borgarbúa, frumbyggja og verkamanna, sem hafa orðið fyrir vonbrigðum með hvaða stefnu lönd þeirra hafa tekið eftir sjálfstæði. Samkvæmt Rajagopal var eingöngu andóf sem féll undir skilgreiningu mannréttindahugtaksins álitid lögmætt eftir nýlendutímam, á meðan aðrar gerðir andófs voru ýmist brotnar niður eða innlimaðar inn í valdastrúktúrinn. Hann segir að með því að takmarka lögmætt andóf við mannréttindahugtakið sé ekki gert ráð fyrir því að pólitísk átök eigi sér stað yfir fleiru en eignum eða auðlindum, s.s. sjálfsmynd, menningu, náttúru eða hugmyndafræði (Rajagopal, 2003).

Eins og Escobar (1995) bendir á þá hafa smábændur og frumbyggjar í þriðja heims löndum ekki bara barist fyrir landi sínu og lífsháttum, heldur hafa þeir einnig barist fyrir því að viðhalda menningu sinni. Everett (1997) segir að grasrótarbarátta háð á menningarlegum forsendum hafi að vissu leyti verið upphafin og verið álitin leið til þess að skapa nýja sjálfsmynd sem nýst gæti sem mótvægi við hinni hegemonísku sýn þróunarorðræðunnar. Þrátt fyrir það snýst andófið ekki síður um að vernda land og heimili fólks frá því að vera tekin yfir, og

Þess að krefjast sanngjarnrar endurgreiðslu fyrir það sem fólk hefur misst. Edelman og Haugerud (2005) tala um að barátta sem byggir á menningu sé oft álitin vera barátta fyrir því að varðveita menningu í óbreyttri mynd. Með því er ekki gert ráð fyrir því að fólk noti þessa aðferð því hún sé þeim möguleg og opin. Þetta viðhorf gerir ennfremur ekki ráð fyrir því að menning sé fljótandi og breytist óhjákvæmilega yfir tíma. Eins er það nátengt því viðhorfi að horfa á menningu sem hindrun fyrir breytingu, nema í þessu tilfelli er um vissa upphafningu á menningu fólks að ræða – þar sem barátta þess er álitin vera barátta fyrir verndun menningar og sögu. Sjaldnar er tekið inn í myndina að fyrir valdalítið fólk er barátta sem byggist á verndun menningar e.t.v eina leiðin sem er þeim fær til að skilgreina baráttu sína, sem í raun snýst þó oft um yfirráð yfir auðlindum og landi, eða til að leiðrétta félagslegt eða efnahagslegt óréttlæti (Edelman og Haugerud, 2005).

Samkvæmt Terence Turner (1995) hafa margar hreyfingar frumbyggja tekið upp á sína arma aðferðir og orðræðu annars staðar frá til þess að hjálpa málstað sínum gegn iðnvæðingu og stóriðju og hafa þá stundum þurft að láta af hluta af þeirra menningarlegu einkennum sínum, líkt og aðferðir til ákvarðanatöku. Einnig ber að hafa í huga að frumbyggjar eru ekki endilega einsleitir hópur fólks sem allur vill hið sama. Padel og Das (2010) hafa bent á það hvernig stór áform um virkjanir eða iðnvæðingu kljúfi gjarnan þau samfélög sem þau hafa áhrif á. Oft er hluti samfélagsins fylgjandi framkvæmdinni en hinn hlutinn andstæður henni. Stundum ríkja mjög mismunandi viðhorf hjá heimamönnum eftir svæðum. Turner (1995) hefur bent á að meðal Kayapo fólks í Mið-Brasilíu hafi ríkt misjöfn viðhorf til þróunar og iðnvæðingar á svæðinu. Kayapo þorpsbúarnir á vesturbakka Xingu árinna börðust gegn tilslökunum við námu- og timburfyrirtæki sem ásældust lönd þeirra í skiptum fyrir loforð um aukna velsæld og lífsgæði. Kayapo þorpsbúar austanmegin árinna leyfðu hins vegar stórfyrirtækjum að fá aðgang að sínu landsvæði. Helsti munurinn á þessum hópum var sá að sá fyrrnefndi hafði hlotið stuðning í formi menntunar og þjónustu frá samtökum um verndun regnskóga, á meðan síðarnefndi hópurinn hafði fengið hvorki fengið stuðning frá slíkum samtökum né brasilíska ríkinu. Innan hópsins sem leyfði námu- og timburvinnslu á sínu landi ríkti þó líka óeining. Þeir sem höfðu farið burt í nám og höfðu þekkingu á portúgölsku og tengsl við yfirvöld, höfðu tilhneigingu til að

verða leiðtogar þorpanna. Í mörgum tilfellum gerðu þeir upp á sitt einsdæmi samninga við utanaðkomandi aðila um að selja eða leigja hluta af landi sínu, sem síðar olli mikilli óánægju meðal annarra þorpsbúa.

Hreyfingar kvenna hafa einnig verið áberandi í andófi gegn þróunarorðræðunni undanfarin ár og hafa sumar þeirra tekið upp mjög róttæka afstöðu í náttúruvernd (Oliver-Smith, 2002). Escobar (1995) bendir á að þróunarverkefni sem leiddu til iðnvæðingar og breytinga á framleiðsluháttum í landbúnaði hafi ekki einungis leitt til þess að staða kvenna sem framleiðenda hafi orðið ósýnileg, heldur hafi þessi verkefni valdið því að staða þeirra versnaði. Konur sýndu víða andstöðu við sérhæfða ræktun (e. monoculture) og markaðsframleiðslu og vildu fremur stunda fjölbreyttari ræktun og rækta bæði fyrir heimilið og sölu sem tryggði betur stöðuga og örugga innkomu. Escobar bendir á það að konur í þróunarlöndunum séu oft sýndar sem passívar, en hann bendir á það að konur hafi oft stundað róttækt andóf, til að mynda Chipko hreyfingin í Indlandi, sem er herská og róttæk náttúruverndarhreyfing kvenna (Escobar, 1995; Rajagopal, 2003). Konur hafa einnig tekið mikinn þátt í andófi gegn ýmsum stóriðjuverkefnum, líkt og í fjallahéruðum Indlands þar sem þær lokuðu vegum upp að námusvæðum fyrir vinnuvélum (Padel og Das, 2010). Rebecca Elmhirst og Bernadette Resurreccion (2008) benda aftur á móti á að þrátt fyrir öflugar hreyfingar kvenna í þriðja heiminum, sem stundi náttúruvernd með beinum aðgerðum, megi þó einnig vara sig á því að líta ekki á það sem hlutverk kvenna sérstaklega að standa vörð um umhverfið. Auk þess geri þessi nálgun ráð fyrir vissri eðlishyggju, líkt og það sé í eðli kvenna að vera náttúruverndarsinnar. Aðrir hafi þó gert ráð fyrir að vegna hlutverks kvenna víðast hvar í heiminum, sem oft beri meiri ábyrgð á uppeldi og fæðuöflun fyrir fjölskylduna, hafi hnignun umhverfis meiri áhrif á þær en karlmenn (Elmhirst og Resurreccion, 2008).

6. Náttúruvernd

Rajagopal (2003) talar um að vegna áherslunnar á hagvöxt og iðnvæðingu sem er ráðandi innan orðræðu þróunar hafi mikið af því andófi sem beint er gegn henni verið byggt á hugsjónum um náttúruvernd. Upp úr 1970 spratt fram öflug grasrótarbylgja sem lagði áherslu á verndun náttúrunnar. Hún hófst í

Bandaríkjunum um miðja tuttugustu öld í kjölfar mótmæla gegn stórum virkjunum um það leyti sem umhverfisáhrif þeirra fóru að koma betur í ljós (Rajagopal, 2003). *International Rivers Network* sem spratt upp úr þessari hreyfingu byrjaði sem náttúruverndarhreyfing en hefur breyst yfir í að snerta á mannréttindabrotum og félagslegum þáttum ásamt náttúruvernd, enda er þetta tvennt oft á tíðum tengt. Hreyfingin hefur beint harðri gagnrýni að Alþjóða-bankanum, sem hún hefur sakað um að skorta gögn til að styðja fullyrðingar sínar (Oliver-Smith, 2002). Náttúruvernd hefur orðið að heitasta deiluefninu milli þróunarstofnanna og almennings í þriðja heiminum, þar sem þær fyrrnefndu eru sakaðar um að stuðla að umhverfisspjöllum í þriðja heims löndum. Náttúruverndarhreyfingar í þriðja heims löndum spruttu fram vegna þessarar óánægju (Rajagopal, 2003).

Hin ráðandi vestræna sýn á náttúruna hefur litið á hana og manninn sem andstæðar fylkingar, en rekja má þessa hugmyndafræði aftur til heimspeki Forn-Grikkja. Hin ráðandi þróunarorðræða endurspeglar að mörgu leyti vestræna náttúrusýn þar sem áherslan er lögð á yfirræð mannsins yfir náttúru og sterka vísinda- og tæknihyggju. Samkvæmt þeim skilningi er verndun náttúrunnar fyrst og fremst hugsuð út frá hagsmunum fólks, svo það geti haldið áfram nýtingu náttúruauðlinda en ekki út frá hagsmunum vistkerfa eða náttúrunnar sjálfrar (Oliver-Smith, 2002; Unnur Birna Karlsdóttir, 2010). Escobar bendir á að sú breyting hafi orðið á undanförunum áratugum, samfara áherslu á iðnvæðingu og hagvöxt, að farið sé að tala um umhverfi í stað náttúru. „Umhverfi,“ að mati Escobar, á við um allt sem ekki er borg. Þetta lýsir sér þá sem breyting frá hugmyndinni um náttúru sem afl sem er yfirsterkara fólki, til þess að líta á hana sem afl sem fólk getur stýrt, stjórnað og mótað. Ásamt raunverulegri hnignun náttúrunnar virðumst við því vera að horfa upp á táknræna hnignun hennar, með því að hætta að hugsa um náttúruna sem lífgefandi afl, en hugsa þess í stað um hana sem umhverfi – stýranlegt af mönnum (Escobar, 1995). Oliver-Smith (2002) segir að hugmyndafræði upplýsingarinnar, sem orðræða þróunar byggir mjög á, feli í sér að þróun mannsins og upplýsing hans sé nátengd yfirræðum og notagildi. Var þar ekki einungis stefnt að því að menn yrðu frjálsir undan trú og harðstjórum, heldur einnig undan „harðstjórn“ náttúrunnar.

Nú, sem þá, er tilteknu fólki skipað inn í flokkinn „náttúra, eftir því

sem þörf krefur. Fólkið, sem lendir í náttúrflokknum verður iðulega að viðföngum þróunaráætlana og -verkefna.[...] Í raun er markmið slíkra verkefna oft að gera þetta „náttúrulega“ fólk félagshæft (lesist: mannlegt) og færa það undir lögsögu þjóðríkisins¹⁷ (Oliver-Smith, 2002: 45).

Þó náttúruvernd og barátta fólks fyrir því að halda landsvæðum sínum fari oft á tíðum saman er ekki alltaf svo. Sem dæmi má nefna baráttu fólks fyrir að búa í regnskógum þar sem tekist er á um friðun skógarins og áframhaldandi búsetu. Í Mexíkó hefur Zapatista uppreisnarhópurinn barist fyrir rétti 22 samfélaga sem búa í Lacandon skóginum, sem er hluti af síðasta regnskógi Norður-Ameríku og er friðaður. Samfélögin í skóginum eru fátæk og flúðu þangað vegna ágangs stórra landeigenda og ofsókna hersins í kjölfar uppreisnar Zapatista hópsins árið 1994. Ríkisstjórnin hefur reynt að fá fólk til að flytja sig um set en það er mjög tortryggið gagnvart þeim tilburðum ríkisins, á grundvelli fyrri samskipta sinna við það. Ríkisstjórnin er svo studd af alþjóðlegum náttúruverndarsamtökum sem álíta að ræktun fólksins á mat með sviðinni ræktun sé skaðleg fyrir umhverfið og skapi hættu á skógareldum. Þessu eru margir þó ósammála og telja að slík ræktun hafi einungis í för með sér minniháttar umhverfisáhrif. Vandamálið snúist þess í stað um það að fólk sé neytt til að búa í skóginum vegna ógnunar stjórnvalda, sem hafi á síðustu þrjátíu árum selt helming af flatarmáli skógarins til olíu- og timburvinnslufyrirtækja. Að auki hafi verið byggðar 43 vatnsaflsvirkjanir í skóginum og trjárækt sem þar er stunduð hafi í raun neikvæð áhrif þar sem einungis sé plantað gúmmítrjám, sítrus og mahóní, dýrum trjátegundum sem sögu til sín gríðarlegt vatn og ógni líffræðilegum fjölbreytileika regnskógarins (Oliver-Smith, 2002). Í þessari deilu endurspeglast átökin um sjálfbæra þróun eins og hún er sett fram í Brundtland skýrslunni, þar sem ágreiningur er um hvort hinir fátæku eða hinir ríku hafi skaðlegri áhrif á umhverfið.

17 e. „Now, as then, certain people get relegated into the 'nature' category as the need arises. Those people put in the nature category frequently become the objects of development strategies and projects. [...] In effect, the goal of such projects is often to 'socialize' (read humanize) these 'natural' people and bring them into the national fold.“

7. Viðbrögð við andófi

Eins og áður var nefnt skilgreina lögin, og þar með ráðandi orðræða, hvernig andóf telst vera lögmætt. Andóf sem álitíð er staðsett „utan ríkisins“ er í flestum tilfellum ekki viðurkennt. Ein leið til að takast á við andóf er því að skilgreina það sem ólögmætt. Það má sjá í því að almennt er lítið talað um náttúruverndarhreyfingar sem hafa sprottið upp í þriðja heiminum. Önnur leið til þess er að skilgreina aðstæður á tilteknu svæði eða landi sem neyðarástand, þannig að lög yfir friðartíma eigi ekki við, né heldur reglur í stríði (Rajagopal, 2003). Andóf gegn þróun setur spurningarmerki við yfirráð ríkisins yfir vissu landsvæði og getur mögulega haft alvarleg áhrif á stefnu þjóðríkja og yfir-þjóðlegra afla. Þar sem nauðugir brottflutningar stafa iðulega af þróunarverkefnum sem stutt eru, eða sköpuð, af ríkinu, er fólk neytt til brottflutnings af verulega valdamiklum öflum (Oliver-Smith, 2002).

Hin öfluga orðræða þróunar, og hugmyndin um andstæðurnar þróun og stöðnun, er einnig notuð til þess að gera lítið úr andófi gegn stóriðju og iðnvæðingu. Þessar hugmyndir endurspeglast í orðum Naveen Patnaik, sem er yfirmaður ríkisisstjórnar Odisha héraðs á Indlandi: „Engum – ég endurtek: engum – verður leyft að standa í vegi fyrir iðnaðarþróun Orissa og framförum fólksins“¹⁸ (Padel og Das, 2010: 12). Oft fær fólk á sig þann stimpil að vera á móti þróun eða framförum, jafnvel að vera afturhaldssamt og á móti breytingum. Sem dæmi um slíkt má sjá að bændur sem mótmæltu virkjun Laxár í Mývatnssveit voru sakaðir um að vera á móti framförum, vera haldnir fortíðarþrá og vera „íklæddir sauðargæru náttúruverndar.“ Á meðan var virkjunin sem þeir mótmæltu álitin táknmynd nútímans, deilan um virkjunina var því álitin árekstur milli fortíðar og nútíðar (Unnur Birna Karlsdóttir, 2010: 103). Á Indlandi á sama orðræða sér stað, þar sem þeir sem ekki tilheyra ættbálkum og búa í borgum sjá uppbyggingu stóriðju sem nauðsynlega fyrir efnahaginn, og stimpla þá sem eru á móti þeim áformum sem á „móti þróun“ (Padel og Das, 2010). Einnig er reynt að ófrægja mótmælendur með því að kalla þá „atvinnumótmælendur,“ líkt og gert var við þá sem börðust gegn aðskilnaðarstefnunni á sínum tíma:

18 e. „No one – I repeat no one – will be allowed to stand in the way of Orissa's industrial development and the people's progress.“

Með því að draga upp mynd af mótmælendum sem atvinnumómælendum, fólki sem hafði ekkert betra að gera (og gefa í skyn að þeir væru annað hvort afvegaleiddir námsmenn eða atvinnulausir), en séu þess í stað að skapa sér frama í mótmælum ... var engu síður áhrifaríkt, þar sem það höfðaði ekki bara til íhaldssamra kjósenda, heldur einnig til breiðs hóps verkamanna¹⁹ (Thörn, 2009: 157).

En það er einnig tekið á þeim sem andæfa þróun með beinni valdbeitingu. Í fjallahéruðum Indlands þar sem reynt er að koma í gegn iðnvæðingarverkefnum í nafni þróunar, er lögregla og her landsins notaður til þess að ógna fólki sem andæft hefur áformunum. Lýsingar fela í sér ofbeldi, mútur, handtökur án ákæru og sífelldar niðurlægingar á þorpsbúum. Skilningsleysi virðist ríkja af hálfu stjórnmalamanna og embættismanna á aðstæðum fólks en þeir virtust samsama sig fullkomlega við hugmyndafræði fyrirtækjanna og héldu því fram að andófið væri bara örfáir þorpsbúar sem væru undir áhrifum frá utanaðkomandi öflum þar sem „ólæsir þorpsbúar“ væru ófærir um slíka skipulagningu (Padel og Das, 2010). Það er þó ekki bara í hinum svokölluðu þriðja heims löndum sem valdi er beint gegn þeim sem andæfa „þróun.“ Fyrirbyggjandi eða handahófskenndar handtökur virðast notaðar í þeim tilgangi á Vesturlöndum. Sem dæmi má nefna að á ráðstefnu um viðskipti sem haldin var í Genf árið 1998 hafði People's Global Action skipulagt hliðarráðstefnu og friðsöm mótmæli. Áður en þau áttu sér stað hafði svissneska lögreglan ráðist inn á ráðstefnu PGA og handtók alla sem þá voru, að sögn sem fyrirbyggjandi aðgerð (Rajagopal, 2003: 158). Andstöðu gegn golfvöllum meðal frumbyggja í Kanada var mætt með hermönnum og skriðdrekum (Oliver-Smith, 2002: 60). Hér á landi var mótmælendum við Kárahnjúka mætt með mikilli valdbeitingu af hálfu lögreglunnar (Padel og Das, 2010: 257). Þegar andóf er barið niður er það venjulega réttlætt með vísan í nauðsyn þess að viðhalda lögum og reglu (Thörn, 2009).

19 e. „Portraying the activists as professional protesters, people who had nothing better to do (implying that they were either misguided students or unemployed) alternatively actually making a protest carrier ... it was no less effective, as it appealed not just to the conservative voters, but to a broad range of working people.“

6. Vettvangurinn

1. Þróunarorðræða á Íslandi

Hér verður rætt um birtingarmyndir þróunarorðræðu á Íslandi en þar er vettvangur rannsóknarinnar að finna. Ísland er raðað nr. 17 á þróunarlista (HDI) Sameinuðu þjóðanna árið 2010, og fellur með því undir „mjög háa“ þróun (e. very high human development) en þarna er mæld innkoma, heilsa og menntunarstig þjóða (UNDP, 2010). Árið 2007 var Ísland hæst á þessum lista, og metið fimmta ríkasta land í heimi (Padel og Das, 2010: 257). Þrátt fyrir að skora hátt á þróunarlista Sameinuðu þjóðanna og teljast almennt til „þróaðra“ landa, á það þó sitthvað sameiginlegt með „þróunarlöndum.“ Landið fékk sjálfstæði frá Dönum á svipuðum tíma og nýlendur heims fengu sjálfstæði frá nýlenduvelðunum og það var hlutfallslega stærsti þiggjandi Marshall aðstoðarinnar, sem er oft álitin hugmyndafræðilegur undanfari þróunaraðstoðar. Eins og frá verður greint hér á eftir er orðræða þróunar hér á landi mjög áberandi alla tuttugustu öldina, ekki síst í tengslum við þróun atvinnulífs í átt frá hefðbundnum hráefnaframleiðslugreinum, fiskveiðum og landbúnaði, til iðnvæddra atvinnuhátta (Valur Ingimundarson, 1996; Padel og Das, 2010; Unnur Birna Karlsdóttir, 2010).

Samkvæmt Ívari Jónssyni (2001) hefur þróun á Íslandi verið framkvæmd í anda kenninga hagfræðingsins David Ricardo. Kenningarnar fela í sér að hagkvæmast sé fyrir hvert svæði fyrir sig að einbeita sér að vörum sem henti til framleiðslu þar. Svæðin geti svo stundað viðskipti sín á milli og var hugmyndin að báðir aðilar myndu hagnast á viðskiptunum. Kenning hans hefur hins vegar verið gagnrýnd fyrir það að iðulega hagnist einungis annað svæðið á meðan hitt tapi á viðskiptunum (Peet og Hartwick, 2009; Porter og Sheppard, 1998). Ísland telst í raun til „jaðarlanda“ en þar er oft lögð áhersla á að þróa nokkrar útflutningstegundir og leggja höfuðáherslu á þær. Hér á landi var atvinnulífið byggt upp á fiski og fiskvinnslu, þar til farið var að selja stóriðnaði raforku á áttunda áratugnum. Fram á sjötta áratuginn, þegar stefna í anda Ricardo var tekin upp, var höfuðáhersla í íslenskri efnahagsþróun lögð á landbúnað og fiskveiðar á smáum skala. Á tíma ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Alþýðuflokks á árunum

1927-1932 var stefna stjórnarinnar að meirihluti þjóðarinnar byggja á landsbyggðinni og að mynduð yrðu fleiri smá býli með því að skipta upp stórum jörðum og ræktun nýrra svæða og að í kring um þorp við sjávarsíðuna hefði fólk möguleika til sjálfsþurftarbúskapar. Þessari stefnu fylgdi mikil uppbygging á samskiptum og vegakerfi, ásamt því sem byggðir voru skólar á landsbyggðinni en á sama tíma var Reykjavík skilin út undan. Þessu tengdist líka þjóðernishyggja en landsbyggðin var álitin hornsteinn Íslenskrar menningar, á meðan höfuðborgin var álitin vera undir dönskum áhrifum (Ívar Jónsson, 2001).

2. Þróun og þjóðernishyggja

Í þessu samhengi er athyglisvert að skoða hversu nátengd hugmyndin um þróun og iðnvæðingu á Íslandi er þjóðernishyggju og umræðu um nauðsyn þess að þróun á Íslandi yrði sambærileg við það sem gerist og gengur í nágrannalöndum okkar. Í doktorsrannsókn Unnar Birnu Karlsdóttur (2010) er fjallað um að þjóðernishyggja sé sterkt leiðarstef þegar kemur að umræðu um virkjanir og stóriðju hér á landi, þar sem þjóðernishyggja sé bæði notuð sem rök þeirra sem vilja iðnvæða og „þróa“ landið og hinna sem vilja vernda náttúru þess.

Í rannsókn Írisar Ellenberger (2007) á ímynd Íslands í kvikmyndum frá fyrri helming tuttugustu aldar kemur fram að framan af tuttugustu öldinni hafi Íslendingar litið á sjálfa sig sem þjóð náttúrubarna og voru þeir lofaðir fyrir einfalt líferni sem veitti mótvægi við „spillingu samtímans.“ Eftir því sem áherslan á virkjavæðingu landsins jókst breyttist sú ímynd sem Íslendingar drógu upp af sjálfum sér. Ímynd landsmanna fór þá að fela í sér að þeir væru náttúrubörn sem hefðu vald yfir náttúrunni. Á fyrri hluta tuttugustu aldar var lögð mikil áhersla á tæknivæðingu og framfarir sem hluta af ímynd Íslands og landkynningu. Nútímavæðing og uppbygging var algengt þema. Í ýmsum tilfellum virðist því sem gerðar sé tilraunir til að fá bæði sleppt og haldið á sama tíma, eins og sjá má í kvikmyndum um ímyndir landsins. Þar er gjarnan lögð áhersla á nútíma-, iðn- og tæknivæðingu landsins, um leið og áherslan er lögð á að Íslendingar séu náttúrubörn, þjóð veiðimanna og bænda, og séu mótaðir af umhverfi sínu í gegn um aldirnar. Svo virðist sem Íslendingar sjálfir hafi upp úr miðri tuttugustu öldinni lagt mikla áherslu á að vera sýndir sem iðnvædd þjóð en samkvæmt Írisi

Ellenberger; „að minnsta kosti féll ímynd hinna frumstæðu Íslendinga í grýttan jarðveg hjá þjóðinni“ (158-9).

Hugmyndin um þróun hér á landi hefur löngum verið tengd við umræðuna um virkjanir og stóriðju, þar sem litið hefur verið svo á að iðnaðarframleiðsla væri undirstaða þróunar og nútímavæðra lífshátta. Hún er einnig nátengd þjóðernishyggju og má að einhverju leyti rekja þetta hugarfar til sjálfstæðisbaráttunnar frá Dönum. Áherslan var lögð á það að nýting fallvatna væri nauðsynleg fyrir nútímalega lifnaðarhætti hér á landi og til að halda sömu lífskjörum eins og í nágrannalöndunum. Umræðan um virkjanir hér á landi hefur frá upphafi borið vitni um hugmyndafræði línulegrar þróunar þar sem áherslan er lögð á nútíma- og iðnvæðingu. Rökin fyrir virkjunum voru þau að þær væru nauðsynlegar fyrir „fram tíð Íslands sem nútímaríkis og iðnaðarlands“ og „fram tíðarþróun íslensks þjóðfélags“ (Unnur Birna Karlsdóttir, 2010: 25).

3. Byggðapróun

Edelman og Haugerud (2005) ræða um kenningar sem settar voru fram um að nýlendustefnan hafi ekki einungis verið fest í sessi milli nýlenduvelðanna og þriðja heimsins, heldur sé einnig um einskona nýlendutengsl að ræða innan landa. Þessi *innri nýlendustefna* ríkti þá á milli borganna og landsbyggðarinnar, þar sem íbúar borganna græddu á umframframleiðslu landsbyggðarinnar. Það hefur löngum ríkt spenna á milli landsbyggðar og borga um hvort halda eigi lágu verði á landbúnaðarvörum til að neytendur í borgum njóti góðs af eða hvort verð eigi að vera hærra svo framleiðendur fái meira fyrir vinnu sína. Þessi togstreita hefur verið deilumál víðast hvar í heiminum, hvort sem það er í kapítalískum eða sósíalískum, „þróuðum“ eða „vanþróuðum“ samfélögum. Sumir fræðimenn hafa haldið því fram að þróun sé haldin vissri „borgarslagsíðu“ og hafi ýtt undir borgvæðingu og lagt megin áherslu á lífskjör í borgum fremur en sveitum. Flest samfélög hafa orðið fyrir hraðri borgvæðingu á undanförunum árum og þá ekki síst lönd í þriðja heiminum (Edelman og Haugerud, 2005).

Í upphafi þróunarorðræðunnar þegar höfuðáherslan var lögð á þróun sem iðnvæðingu, var að sama skapi lögð minni áhersla á landbúnað en hann álitinn eiga að sjá iðnvæddum samfélögum fyrir hraefnum. Þar sem verðmyndun var

ákveðin voru landbúnaðarvörur oft verðlagðar mjög lágt en iðnvæddar vörur að sama skapi hærra. Þegar farið var að leggja áherslu á landbúnað var það gert til að auka framleiðslu fyrir borgarana með því að stækka bú og tæknivæða þau, í stað hins hefðbundna sjálfsþurftarbúskapar (Thorbecke, 2002). Þennan mismun milli hráefnaframleiðslu og iðnaðarframleiðslu má glögglega sjá í þeim valdamismun sem ríkir milli landa, þar sem vestrænir neytendur hagnast á því að verði til framleiðenda sé þrýst niður af stórum verslunarkeðjum, sem hafa gríðarlegt vald í krafti fákeppni sinnar. Smábændur í þróunarlöndunum lenda í auknum mæli í því að missa viðskipti við verslunarkeðjurnar þar sem þeim tekst ekki að halda í við kröfur þeirra. Þessar kröfur miða að því að neytendur á Vesturlöndum fái ferska vöru, á lágu verði, með stuttum afhendingartíma. Á sama tíma kemur krafa frá neytendum að varan eigi að uppfylla viss skilyrði um fæðuöryggi og uppruni hennar eigi að vera rekjanlegur. Smábændur í þróunarlöndunum hafa í flestum tilfellum litla möguleika á að standast þessar kröfur vestrænna neytenda og leggja því upp laupana. Landbúnaður í þróunarlöndunum er því að færast á færri hendur sem afleiðing af valdamismun framleiðenda og neytenda (UNDP, 2005). Everett (1997) fjallar um að innan gagnrýnna kenninga um þróun skorti á greiningu á því hvernig elítur á þeim svæðum sem stendur til að „þróa“ styðji slík verkefni vegna hagsmuna sinna af verkefninu, og annarra sem eru í svipaðri stöðu.

Togstreita milli „hefðbundinna“ og „núttímavæddra“ sviða, sveitar og borgar, er til staðar nánast alls staðar á hnettinum. Aihwa Ong (2005) fjallar um það hvernig fordómar endurspeglir þessa togstreitu, en þeir séu ekki bara til staðar milli landa, heldur einnig innan þeirra. Oft er þó um að ræða samspil jákvæðra og neikvæðra fordóma, þar sem litið sé niður á fólk sem stundar hefðbundna lífnaðarhætti, en á sama tíma litið til þeirra til að skapa og endurskapa þjóðerniseinkenni (Eriksen, 2002). Sem dæmi má nefna að í Malasíu er litið fremur niður á frumbyggja landsins, en þó er þeim á sama tíma hampað þar sem þeir skapi mögulega tekjur í gegn um ferðamannaíðnað. Hins vegar er einnig litið á þá sem hindrun í vegi framfara, bæði verkefna á vegum stjórnvalda og kapítalískrar þróunar. Þó þeir njóti vissra réttinda á pappír séu þau réttindi í raun einungis í gildi ef þeir yfirgefa hefðbundna lífshætti og hefja landbúnaðarframleiðslu. Þeir sem kjósa að viðhalda hefðbundnum lífnaðarháttum verða að gera það að mestu án réttinda og lagalegrar verndar, á sama tíma og búsvæðum þeirra er ógnað af ágangi timburvinnslu-

fyrirtækja á land þeirra. Oft vill ríkisstjórnin losna við þessa íbúa til þess að geta opnað landsvæði þeirra fyrir timburfyrirtækjum, virkjanaframkvæmdum og golfvöllum (Ong, 2005). Eins og sjá má af þessari umræðu eru því viss líkindi til staðar með orðræðu um þróun milli landa og hliðstæðri umræðu innan landa, þar sem löndum er stillt upp sem andstæðupörum þróuð – vanþróuð, eða nútíma-vædd – hefðbundin, og það sama á við um tiltekin landsvæði.

Hugmyndir um þróun hér á landi er gjarnan tengdar umræðu um nauðsyn þess að þróa efnahag og atvinnulíf landsbyggðarinnar en árangur þeirrar þróunar er oft mæld í því hvort íbúum á tilteknum stað fjölgi eða fækki. Gjarnan er talað um flutning fólks úr dreifbýli til þéttbýlis sem alvarlegt vandamál, sem stemma þurfi stigu við. Orsakir þessara flutninga er einna helst að finna í breytingum á landbúnaðarháttum og fiskveiðum. Vélvæðing í landbúnaði veldur því að færri fólk þarf til að vinna á sveitabæjum og býlunum fækkar að sama skapi. Þessi fækkun fólks sem stundar landbúnað hefur nú staðið yfir í rúma öld. Tæknivæðing í fiskveiðum og vinnslu sjávarafurða veldur einnig fækkun á því vinnuafli sem þarf í þær atvinnugreinar, sem veldur því að fólk flytur burt úr sjávarþorpunum. Auk þess er talað um að breytingar á gildismati stuðli að þessu flutningsmynstri fólks, sem og aukningu á störfum í þekkingariðnaði. Þekkingariðnaður hér á landi er fyrst og fremst staðsettur í höfuðborginni en störf í grunnframleiðslu eru fremur staðsett á landsbyggðinni (Bjarki Jóhannesson, 1998; Byggðastofnun, 2009).

Hugmyndina um byggðaþróun út frá kenningum Ricardo má meðal annars sjá í umræðu Vífils Karlssonar (2001) þar sem hann talar um að byggðastefna eigi að miða að sérhæfingu hvers landsvæðis þegar kemur að vissum atvinnugreinum. Stefna eigi að uppbyggingu í atvinnugreinum sem þjóðin hafi nú þegar „samkeppnisforskot“ í. Eins og segir í nýlegu riti Byggðastofnunar (2009) þá er stefna í byggðamálum að færast í átt að svæðabundnum þróunaráætlunum. Þar er stjórnin yfir þróun hvers svæðis færð til Samtaka sveitarfélaga og hinna svokölluðu atvinnuþróunarfélaga sem staðsett eru í hverjum landsfjórðungi. Áhersla stjórnvalda byggist því á að þróa svæði út frá því hvaða sérstöðu þau eru álitin hafa. Í riti byggðastofnunnar segir að „á þessum grundvelli byggist stefna um þróun fyrirtækja og samfélaga í alþjóðlegri samkeppni komandi ára“ (Byggðastofnun, 2009: 39). Þessi áhersla á samkeppni milli svæða og landa, og að svæði þurfi að vera samkeppnisfær, er áberandi stef innan orðræðu þróunar. Unnur

Birna Karlsdóttir (2010) fjallar um þessa hugmynd um að Ísland verði að „ná“ nágrannalöndum sínum og vera „samkeppnisfært“ við þau. Sú hugmynd fól meðal annars í sér að Ísland mætti ekki „sitja hjá“ á meðan aðrar vestrænar þjóðir iðnvæddust“ (86).

4. Virkjanir og stóriðja

Stjórnvöld hér á landi hafa lagt mikla áherslu á þróun og uppbyggingu orkuiðnaðar og tala gjarnan um nauðsyn vatnsorku fyrir efnahagsþróun. Allt frá upphafi umræðu um nýtingu vatnsafls hér á landi hefur verið lögð mikil áhersla á að fá hingað til lands erlenda fjárfestingu og fjármagn til þess að standa undir uppbyggingu iðnaðar (Unnur Birna Karlsdóttir, 2010). Samkvæmt Padel og Das (2010) er ástæða byggingar stórvirkjana iðulega að veita orku til álvera eða annarra málmbæðsla en á heimsvísu fer meirihluti rafmagns frá vatnsaflsvirkjunum til málmaiðnaðarins. Áherslan á virkjanir er oft í þeirri trú að virkjana-stóriðju samstæðan muni leiða af sér aðra þróun á viðkomandi svæði. Það einskorðast ekki við Ísland að líta á virkjanir sem tákni framfara og nútímavæðingu, heldur er litið svo á þær víða um heim. Vatnsaflsvirkjanir voru til að mynda mjög eftirsóttar í nýstofnuðum þjóðríkjum þar sem þær voru álitnar bera vitni um mátt ríkisins. Litið er á vatnsaflsvirkjanir sem hreina orku og því haldið fram að stíflur stuðli að þróun afskekkttra og vanþróaðra svæða (Íris Ellenberger, 2007; Padel og Das, 2010). Þessi umræða hefur einnig átt sér stað á Íslandi og er gjarnan rætt um nauðsyn vatnsaflsvirkjana og stóriðju í þeim tilgangi að halda landinu öllu í byggð og hafa kröfur um atvinnusköpun á landsbyggðinni haft áhrif í þá veru. Þessi áhersla var til að mynda áberandi þegar tekin var ákvörðun um að reisa ætti Kárahnjúkavirkjun og álver á Reyðarfirði. Þó var einnig lögð áhersla á að virkjun fyrir austan hefði áhrif á efnahags- og atvinnuþróun þjóðarinnar allrar (Unnur Birna Karlsdóttir, 2010).

Eins og sjá má á þessari umræðu hefur Ísland því ekki farið varhluta af umræðu um þróun og nývæðingu. Gjarnan hefur verið litið á Reykjavík sem ímynd nývæðingarinnar hér á landi. Í rannsókn Írisar Ellenberger (2007) á ímyndum Íslands í kvikmyndum um landið kemur fram að lögð hafi verið mikil áhersla á nútímavæðingu Reykjavíkur, sem náð hafi verið fram með því valdi sem

Íslendingar hefðu yfir náttúruöflunum, jarðvarma og raforku. Mikil áhersla var lögð á þátt virkjana í ímyndarsköpun landsins, ekki síst þegar kom að því að sýna fram á stöðu Reykjavíkur, sem „tákn framfara, uppbyggingar og nútímavæðingar á Íslandi“ (107). Þegar kemur að ímyndarsköpun landsins er Reykjavík því álitin andstaða sveitanna, þar sem meiri áhersla var lögð á náttúruna og þátt hennar í mótun samfélagsins og sjálfsmyndar íbúanna (Íris Ellenberger, 2007). Í þessum ímyndum er að finna hliðstæður við ráðandi hugmyndir innan orðræðu þróunar, þ.e nauðsyn nútímavæðingar og þess að sveitir „náðu“ borginni, ekki ósvipað því hvernig þróunarlönd eigi að „ná“ Vesturlöndum.

Framkvæmdum í iðnaði fylgja óhjákvæmilega náttúruspjöll en Íslendingar hafa lagt áherslu á að halda sig við ímynd náttúrubarnanna, þrátt fyrir áherslu sína á að teljast til iðnvæddra og vestrænna þjóða (Íris Ellenberger, 2007). Samkvæmt Unni Birnu Karlsdóttur (2010) hefur löngum verið reynt að samræma verndun og nýtingu, hið gamla og hið nýja, þar sem nýting vatnsafls til iðnaðarframleiðslu var ekki álitin vera í mótsögn við verndun þess. Dæmi um það er umræðan um virkjun Gullfoss, en sjaldan var rætt um að sú virkjun myndi hafa nokkur áhrif á ásýnd hans eða aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Þetta viðhorf, um að iðnvæðingu væri hægt að framkvæma án náttúruspjalla má meðal annars sjá í leiðara Morgunblaðsins frá 1970, þar sem talað er um að Íslendingar væru á þröskuldi „nýrrar og stórfenglegrar iðnvæðingar en væru staðráðnir í að hún gerðist án þess að náttúruspjöll hlytust af“ eins og hefði gerst víða annars staðar (Unnur Birna Karlsdóttir, 2010: 87). Þetta viðhorf breyttist þó eftir því sem líða tók á öldina og þarfir iðnaðarins voru álitnar eiga að hafa forgang fram yfir náttúruvernd. Það viðhorf ríkti meðal ráðamanna að: „Mengun væri einfaldlega fylgifyskur iðnaðaruppbyggingar og Íslendingar gætu ekki stöðvað þróun iðnaðar í landinu í þeim tilgangi einum að koma í veg fyrir mengun“ (Unnur Birna Karlsdóttir, 2010: 172).

5. Andóf gegn þróun á Íslandi

Eins og sjá má birtist orðræða um þróun hér á landi fyrst og fremst í umræðum um nýtingu raforku og uppbyggingu stóriðju. Andóf gegn þróun birtist að sama skapi einna helst sem náttúruverndarbarátta, gegn stórfelldri iðnvæðingu; stóriðju- og

virkjanaframkvæmdum hér á landi. Þrátt fyrir að vera fyrst og fremst náttúruverndarbarátta hefur hún þó einnig tekið á sig myndir breiðari baráttu gegn kapitalisma og alþjóðlegum stórfyrirtækjum, þá einna helst í baráttunni gegn byggingu álveranna á Reyðarfirði og í Helguvík, og virkjunum þeim tengdum. Allt frá deilunum um Kárahnjúkavirkjun og álver ALCOA í Reyðarfirði hefur þetta andóf því tekið á sig alþjóðlegan blæ, þar sem áhersla er lögð á að stóriðja á Íslandi hefur einnig áhrif annars staðar í heiminum. Þau áhrif eru bæði umhverfisáhrif og áhrif á líf fólks, annars vegar vegna beinna umhverfisáhrifa og nauðugs brottflutnings, og einnig vegna notkunar áls fyrir vopnaframleiðslu (Padel og Das, 2010; Saving Iceland, 2007). Alþjóðavæðing andófs á borð við þá sem einkennir „nýjar félagslegar hreyfingar“ og frá er greint hér að ofan birtist í náttúruverndarbaráttu hér á landi allt frá sjöunda og áttunda áratugnum. Í þeirri baráttu var undirstrikuð nauðsyn þess að Íslendingar stæðu ekki vörð um náttúruna sjálfra sín vegna, heldur vegna sérstöðu íslenskrar náttúru á heimsvísu. Sem dæmi má nefna að í baráttunni gegn Norðlingaölduveitu og fyrir verndun Þjósárvera, sem hófst í upphafi áttunda áratugar síðustu aldar, létu erlendir náttúruverndarsinnar til sín taka og settu þrýsting á íslenska ríkið að vernda Þjósárver, til að mynda með bréfaskrifum og fundarhöldum erlendis. Ýmsir erlendir fræðimenn tóku mikinn þátt í þeirri baráttu á sínum tíma. Þremur áratugum síðar tóku innlendir og erlendir aktívistar aftur höndum saman í baráttu Saving Iceland gegn Kárahnjúkavirkjun og álveri á Reyðarfirði, þá undir þeim formerkjum að verndun íslenskrar náttúru hefði einnig áhrif á íbúa annarra landa. Andstæðingar Kárahnjúkavirkjunar nutu mikils stuðnings utan landsteinanna (Guðmundur Páll Ólafsson, 2007; Padel og Das, 2010; Unnur Birna Karlsdóttir, 2010).

Þrátt fyrir alþjóðleg einkenni náttúruverndarbaráttu hér á landi verður einnig vart við ýmsar skírskotanir til þjóðernis og ættjarðarinnar í ýmsum táknrænum gjörningum og athöfnum sem stundaðar voru innan hennar. Unnur Birna Karlsdóttir (2010) bendir á að tengsl þjóðerniskenndar og náttúrusýnar eigi sér sögulegar rætur hér á landi og byggist á því að þjóðin og ættjörðin renni saman í hugum margra. Að fórna íslenskri náttúru sé því eins og að fórna menningargersemum. Sem dæmi má nefna að ættjarðarlög voru rifjuð upp og sungin á mótmælum og þjóðsöngurinn var ristur á steina sem fóru undir vatn í Háslóni.

Menningar- og söguleg rök hafa einnig verið notuð í náttúruverndarbaráttu hér á landi og tengslum náttúru og menningar hefur verið hampað í því samhengi (Unnur Birna Karlsdóttir, 2010).

Í sumum tilfellum hafa heimamenn beitt sér mjög gegn áformum um virkjanir og stóriðju. Hefur það verið mest áberandi þegar kom að Laxár- og Þjórsárveradeilunum þar sem mikil samstaða náðist meðal heimamanna gegn virkjunum. Í öðrum tilfellum hafa þeir fremur þrýst á að fá framkvæmdirnar og atvinnuna sem þeim á að fylgja, líkt og í tilfalli Kárahnjúkavirkjunar. Stundum hafa heimamenn skipst í tvær fylkingar, eins og raunin var í deilunum um Blönduvirkjun (Unnur Birna Karlsdóttir, 2010; Guðmundur Páll Ólafsson, 2007). Þar sem heimamenn hafa beitt sér í náttúruverndarbaráttu hefur hún oft verið byggð á hugmyndum bændasamfélagsins um náttúruna, þar sem afkoma fólks byggðist á henni og bændur lifðu með náttúrunni og í henni. Þegar þessi umræða var áberandi var náttúruvernd oft tengd vissri íhaldssemi gegn breytingum, á meðan aðrir álitu að hún væri boðberi nýrra tíma þar sem meiri virðing væri borin fyrir náttúrunni og óspilltum svæðum (Unnur Birna Karlsdóttir, 2010).

7. Aðferðafræði

Markmið rannsóknarinnar er að kanna orðræðu þróunar á Íslandi og í þriðja heims löndum og bera hana saman, auk þess að skoða andóf gegn þessari orðræðu. Við vinnslu rannsóknarinnar notaðist ég við eigindlega (e. qualitative) aðferðafræði. Eigindlegar rannsóknaraðferðir eru að miklu leyti upprunnar innan mannfræðinnar og byggja á rannsóknaraðferðum etnógrafiunnar. Eins og Alan Barnard og Jonathan Spencer (1996) leggja áherslu á er etnógráfia djúpstætt ferli þar sem rannsóknaraðferðum er beitt í bland og í samhengi við tilteknar kenningar. Hlutverk rannsakandans í etnógrafískri rannsókn er fyrst og fremst að hlusta og taka þátt í daglegum athöfnum, en grundvallarmarkmiðið er að öðlast skilning á menningu og lífsháttum þeirra sem rannsakaðir eru. Etnógrafían í sinni algengustu mynd byggir á rannsóknarhefð sem þróuð var á síðari helming nítjándu aldar og birtist fullmótuð í verki Bronislaw Malinowskis frá 1922, *The Argonauts of the Pacific* (Barnard og Spencer, 1996). Rannsóknaraðferðir etnógrafiunnar byggja að miklu leyti á þátttökuathugunum. Þrátt fyrir að þátttökuathugun og viðtöl séu enn stærsti hluti eigindlegra rannsókna hafa fleiri leiðir til að stunda slíkar rannsóknir sprottið fram á undanförunum árum. Má þar nefna greiningu á ýmsum gögnum, svo sem dagblöðum, opinberum gögnum, internetinu og fjölmiðlum (Gupta og Ferguson, 2002). Í eigindlegum rannsóknum er oft fremur notast við hálf-stöðluð eða óformleg viðtöl í stað staðlaðra spurningalista líkt og notast er við í megindegum rannsóknaraðferðum. Wayne Fife (2005) heldur því fram að margbrotin lífsreynsla og afstaða fólks komist betur til skila í hálf-stöðluðu viðtali en í stöðluðum viðtölum.

Etnógráfia er rannsóknaraðferð sem byggir á því að rannsakandinn fari á tiltekinn vettvang og lifi þar og starfi meðal þeirra sem hann rannsakar. Samkvæmt Ulf Hannerz (2010) hafa áhyggjur mannfræðinga af „vettvanginum“ alltaf verið til staðar. Þegar etnógrafían náði fótfestu sem rannsóknaraðferð var áherslan lögð á að fara á vettvang í eitt til tvö ár. Helst átti vettvangurinn að vera afmarkaður staður þar sem mannfræðingurinn hlaut eins konar innvígslu inn í fræðigreininna. Nú til dags spyr mannfræðin hvort það sé einhver vettvangur yfir höfuð, og hvort hann sé í raunveruheiminum eða á internetinu. Gupta og Ferguson

(2002) gagnrýna þá hugmynd að menningarlegur munur felist ávallt í landfræðilegum aðskilnaði. Þeir segja að þessi forsenda sé oft tekin sem gefin innan mannfræðinnar; að því lengra í burtu sem vettvangurinn er, því meiri sé hinn menningarlegi munur. Þetta viðhorf hefur þó breyst að einhverju leyti eftir því sem hinn svokallaði „heimavettvangur“ öðlaðist aukna viðurkenningu. Hannerz (2010) bendir á það að til þess að losna við hlutdræga afstöðu nýlendustefnunnar gagnvart þeim samfélögum sem mannfræðin rannsakaði hafi það verið nauðsynlegt fyrir greinina að vettvangur mannfræðinga yrði einnig „heima.“ Án þess hefði ekki verið trúverðug sú krafa að mannfræði snerist um allt mannkyn en rannsakaði ekki bara fyrrum þegna nýlendanna í gegn um þjóðhverfa linsu.

Við val á viðmælendum og vettvangi skiptir aðgengi töluverðu máli. Ef við lítum á vald og andóf sem tvær hliðar á sama peningi má líta svo á að ein leið til að greina vald sé að rannsaka andóf. Þetta er í samræmi við það sem Abu-Lughod (1990) heldur fram, en hún snýr við staðhæfingu Foucault sem felur í sér að þar sem „er vald, þar er andóf“ og segir þess í stað að „þar sem er andóf, þar er vald“ (42). Til þess að skoða samspil valds og andófs þegar kemur að orðræðu þróunar ákvað ég því að skoða grasrótahreyfingar sem segja mætti að berjast gegn þeirri þróun sem byggir á hagvexti og stóriðju. Þegar kemur að því að rannsaka andóf gegn þessum þáttum er oftast nær litið til starfsemi grasrótahreyfinga og frjálsra félagasamtaka (Rajagopal, 2003).

1. Vettvangur og þátttaka

Eins og Martyn Hammersley og Paul Atkinson (2007) benda á, þá reynist það oft svo að rannsakandinn þurfi að velja sér vettvang sem best hentar rannsóknarspurningunni. Í mínu tilfalli er það svo að vettvanginn má finna nánast alls staðar í heiminum. Sambærilegir atburðir eiga sér stað mjög víða og er í raun athyglisvert að skoða efnið út frá því hversu sameiginlegt það er ólíkum einstaklingum á ólíkum stöðum í heiminum.

Við söfnun gagna gerði ég þátttökuathugun á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í desember 2009 þar sem fram fóru mótmæli gegn iðnvæddum kapítalisma og kapítalískum lausnum á loftslagsvandannum. Þar tók ég

þátt í mótmælum og bjó meðal aktívista um nokkurra daga skeið. Einnig tók ég þátt í nokkrum fundum og einni samkomu á vegum Sólar á Suðurlandi á meðan rannsóknin stóð yfir.

Í raun eru vettvangar rannsóknar minnar þrír, Reykjavík, Suðurland og Kaupmannahöfn. Af þessum þremur vettvöngum má segja að tveir þeirra séu mínir „heimavettvangar.“ Hugmyndin um heimavettvang felur þó einnig í sér spurningarnar hvað er heima og hvenær erum við annars staðar. Þýðir „heima“ í skilningi mannfræðinnar vettvang á Vesturlöndum? Fyrir Hannerz (2010) var rannsókn í fátækrahverfi í Bandaríkjunum álitin rannsókn á heimavettvangi og veltir Hannerz upp þeim spurningum hvort það stafi af því að vettvangurinn hafi verið í borg, en ekki litlum þorpum eins og staðalmynd mannfræðinnar ber að vissu leyti með sér. Á undanförunum árum og áratugum hefur töluvert verið fjallað um fjölvanga etnógrafiur, þar sem vettvangurinn er „hér og þar,“ þar sem mannfræðingurinn rannsakar tiltekinn veruleika á mörgum stöðum (Hannerz, 2010). George Marcus (1999) heldur því fram að etnógrafían verði að takast á við nýjan raunveruleika hnattvæðingarinnar með því að verða að fjölvanga etnógrafíu (e. multi-sided ethnography). Með fleiri en einum vettvangi á hann bæði við um rannsóknir á þverþjóðleika og fólksflutningum og einnig um nauðsyn þess að skoða það hvernig makró-formgerðir hafa áhrif á smá samfélög.

Þar sem markmið rannsóknarinnar er að hluta til að skoða alþjóðleika orðræðu um þróun, og að sama skapi andóf gegn henni, byggir hún á hugmyndum um fjölvanga etnógrafíu. Vettvanginn er fyrst og fremst að finna á Íslandi en einnig í Kaupmannahöfn þar sem ég tók viðtöl við fjóra einstaklinga frá „þriðja heims“ löndum, auk þess að sækja samkomu þar sem þau og fleiri aktívistar víðs vegar að úr heiminum lýstu viðhorfum sínum til efnahagsþróunar eins og hún hefur verið framkvæmd undanfarin ár og afleiðingum hennar. Þess má geta að viðmælendur mínir koma frá sjö mismunandi löndum og margir þeirra sem eru fæddir hér á landi hafa að auki ferðast víða og kynnst andófi og iðnvæðingu annars staðar í heiminum. Viðhorf þeirra og afstaða endurspeglar því þann veruleika sem ekki bundinn einni staðsetningu.

2. Viðtöl og greining gagna

Niðurstöður rannsóknarinnar byggja fyrst og fremst á tíu hálf-stöðluðum viðtölum sem tekin voru frá mars 2010 til mars 2011. Að auki byggja niðurstöðurnar á fjórum styttri²⁰ viðtölum sem tekin voru í desember 2009, þátttökuathugunum höfundar og tíu óformlegum samtölum.

Formlegu viðtölin voru tekin við sex konur og sex karla sem öll höfðu verið virk í samtökum, eða starfað með hreyfingum, sem eru andvíg stóriðju og virkjunum eða berjast fyrir landréttindum heimamanna. Tíu viðtöl voru tekin á Íslandi en fjögur í Kaupmannahöfn og voru viðmælendur fæddir í sjö löndum. Tíu viðtöl voru tekin með upptökutæki, eitt var handskrifað og þrjú voru kvikmynduð með aðstoð þriðja aðila. Níu af þessum viðtölum voru tekin á íslensku, fjögur á ensku og eitt á spænsku með aðstoð túlks. Viðtölin fóru ýmist fram heima hjá viðmælendum (5), heima hjá mér (2), heima hjá sameiginlegum kunningja (1), í Háskóla Íslands (1) eða úti undir beru lofti (1). Viðtölin fjögur sem voru tekin í Kaupmannahöfn áttu sér öll stað fyrir utan samkomusal þar sem viðmælendur mínir höfðu haldið erindi um stöðu þeirra hópa sem þeir börðust fyrir. Þeir viðmælendur mínir sem ég tók viðtal við hér á landi höfðu annað hvort starfað með, eða verið tengdir, tveimur grasrótarhreyfingum sem berjast gegn stóriðju- og virkjanaframkvæmdum hér á landi; Sól á Suðurlandi og Saving Iceland. Þeir sem ég tók viðtal við í Danmörku höfðu starfað með mismunandi samtökum sem lögðu áherslu á landréttindi, ásamt baráttu gegn stóriðju, virkjunum og iðnvæðingu.

Ég átti einnig í nokkrum óformlegum samtölum við fólk sem starfað hefur með Saving Iceland og Sól á Suðurlandi. Samtölin áttu sér bæði stað við þá sem síðar urðu viðmælendur mínir og um tíu aðra einstaklinga. Þau áttu sér stað á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn 2009 og við undirbúning fundar á vegum Sólar á Suðurlandi. Þessi samtöl voru til þess fallin að kynnast betur hugmyndafræði hreyfinganna tveggja.

Samkvæmt Hannerz (2010) byggja fjölvanga rannsóknir venjulega á skoðunum á afmörkuðum hlutum lífsins, eða einstaklinga, á meðan aðrir hlutar þess eru ekki skoðaðir sérstaklega. Ekki eru skoðaðir allir hlutar félagsgerðar

20 Um 5-10 mínútur að lengd.

samfélags eins og fyrri etnógrafiur snerust oft um. Í þessu samhengi má benda á að í rannsókn minni beini ég sjónum mínum fyrst og fremst að ákveðnum þætti í lífi og lífsskoðun viðmælenda minna, þ.e. upplifun þeirra af því að vera „aktívisti“ og náttúruverndarsinni. Með því er ákveðin hætta á því að margbreytileiki einstaklinga komi lítið fram.

Greining rannsóknargagnanna byggir að grunni til á aðferðum grundaðrar kenningar. Í slíku ferli eru í raun engin sérstök skil milli gagnasöfnunar og greiningar og fer greiningin í raun fram allt rannsóknarferlið (Suddaby, 2006). Í upphafi greiningarferlisins notaðist ég við opna kóðun. Með opinni kóðun er átt við að afbyggja viðtalið, eða brjóta það upp í minni búta. Þessir bútar eru svo skoðaðir í samhengi hver við annan og greint hvaða þeir eiga sameiginlegt og, að sama skapi, hvað er ólíkt með þeim (Priest, Roberts og Woods, 2003). Með þessu móti mynda bútarnir smám saman þemu. Eftir því sem þemun urðu skýrari var hægt að flokka þau saman í yfirflokk. Þegar gagnasöfnun var lokið voru gögnin metin á ný með tilliti til flokkanna og út frá þeim voru niðurstöðurnar mótaðar.

3. Siðferðileg álitamál

Álitamál er að hve miklu leyti rannsakandinn á að taka afstöðu, ekki síst í rannsóknum þar sem kannað er samspil valds og andófs. Með auknum áhrifum frá femínisma og póst-kenningum innan mannfræðinnar og annarra fræðigreina varð gagnrýni á valdatengsl rannsakanda og þeirra sem rannsóknin beindist að meira áberandi en áður hafði verið (Hammersley og Atkinson, 2007). Í kjölfar þeirra breytinga var möguleikinn á hlutlausum rannsóknum dreginn í efa þar sem allar rannsóknir annað hvort gagnrýni ríkjandi ástand eða styðji það (Barnard og Spencer, 1996). Þess má geta að Nancy Scheper-Hughes (1995) hefur haldið því fram að það sé skylda mannfræðinnar að taka afstöðu og standa með þeim sem hún rannsakar, þar sem oft á tíðum sé hagsmuna þeirra ekki gætt af neinum öðrum. Hammersley og Atkinson (2007) segja þó að rannsakandinn verði að vara sig á því að vegna þeirra tengsla sem oft myndast milli rannsakanda og þeirra sem rannsakaðir eru geti hann óafvitandi farið að vinna rannsóknina á þann hátt að það komi þeim sem best. Þegar öllu er á botninn hvolft er markmið rannsóknarinnar ávallt sköpun þekkingar og því er æskilegt að reyna að takmarka þau áhrif sem

skoðanir höfundar hafa á rannsóknina.

Í þessari rannsókn, þar sem leitast er við að greina samspil valds og andófs, er hlutleysis ekki gætt með því að taka ekki afstöðu. Því hef ég staðsett mig meðal viðmælenda minna í rannsókninni og reyni að láta raddir þeirra heyrast. Á sama tíma er hið andstæða viðhorf ekki, eða lítið, til staðar í rannsókninni. Þessi afstaða er tekin í anda Scheper-Hughes (1995) og út frá þeirri forsendu að raddir viðmælenda minna séu í raun mótvægi við hina ráðandi orðræðu (e. counter-hegemonic). Þó hef ég reynt að vinna rannsóknina með það í huga reyna að hafa ekki óafvitandi áhrif á niðurstöðurnar með því að draga taum viðmælenda minna, né vinna skaða á málstað þeirra. Í gegn um rannsóknarferlið kynntist ég viðmælendum mínum vel og suma þeirra þekkti ég áður. Í einu tilfalli var ég beðin um að koma fram á opinberum fundi fyrir hönd virkjanaandstæðinga og varð ég við þeirri beiðni. Stóriðju- og virkjanaframkvæmdir, þróun og framfarir, hafa löngum reynst viðkvæmt deilumál á Íslandi, sem og víðar í heiminum (Unnur Birna Karlsdóttir, 2010, Padel og Das, 2010). Því hef ég reynt að dylja nöfn og persónueinkenni viðmælenda minna eftir því sem unnt er.

8. Niðurstöður

Hér verður fjallað um þau þemu sem komu fram í viðtölunum og niðurstöður sem greindar eru út frá þeim. Niðurstöðurnar eru unnar úr fjórtán viðtölum sem tekin voru frá desember 2009 til mars 2011 en byggja líka á vettvangsathugunum og óformlegum samtölum. Viðmælendur mínir eiga það sameiginlegt að hafa starfað með grasrótarsamtökum. Reynt er að láta raddir viðmælenda njóta sín í textanum. Af þeim tíu viðtölum sem ég tók á Íslandi voru fimm við einstaklinga sem höfðu verið virkir með náttúruverndarhreyfingunni Saving Iceland en þrjú viðtöl voru tekin við fólk sem starfað hafði með Sól á Suðurlandi. Tveir til viðbótar höfðu starfað með náttúruverndarhreyfingum í sínum heimalöndum og höfðu tengsl við Saving Iceland hér á landi. Til viðbótar við þessi viðtöl tók ég fjögur viðtöl í Kaupmannahöfn við fólk sem starfað hafði með grasrótahreyfingum í sínum heimalöndum. Viðmælendum mínum má gróflega skipta í tvennt; annar hópurinn er mjög gagnrýnn á kapítalisma og valdakerfið sem við búum við. Hinn hópurinn skilgreinir sig til vinstri í stjórnmálum en virðist hafa trú á því kerfi sem við búum við. Flestir í fyrrnefnda hópnum eru á þrítugsaldri og hafa unnið með Saving Iceland. Í hinum síðarnefnda voru viðmælendur mínir á fimmtugs- og sextugsaldri og höfðu unnið með Sól á Suðurlandi. Inn í þessa skiptingu tel ég ekki styttri viðtölin.

Af þessum tveimur hreyfingum er Saving Iceland róttækari í nálgun sinni til náttúruverndar. Þar er um að ræða alþjóðlega grasrótahreyfingu sem berst bæði með hefðbundnum leiðum, s.s greinaskrifum og miðlun upplýsinga, sem og með beinum aðgerðum og borgaralegri óhlýðni. Hreyfingin hefur enga eiginlega meðlimi heldur leggur fólk sitt af mörkum til baráttunnar eftir því sem það getur. Saving Iceland hefur lýst yfir stuðningi við samskonar hreyfingar annars staðar í heiminum og leggur áherslu á að náttúruverndarbarátta þurfi ekki að vera afmörkuð með landamærum. Hugmyndafræði hreyfingarinnar byggir ennfremur á lárétu valdi og ákvarðanatöku. Í anda slíkrar hugmyndafræði er algengt að fólk hylji andlit sitt við mótmælaaðgerðir og að hreyfingin hafi engan ákveðinn talsmann eða foringja, heldur skiptist fólk á að koma fram fyrir þeirra hönd.

Sól á Suðurlandi afmarkar sín baráttumál fyrir verndun Þjórsár. Hún sprettur að einhverju leyti upp úr eldri baráttu heimamanna gegn Norðlingaölduveitu en í henni er þó fólk úr fleiri sveitarfélögum. Sól á Suðurlandi er af sama meiði og önnur „sólar-samtök“ sem eru grasrótarsamtök um náttúruvernd á vissum landsvæðum. Í Sól á Suðurlandi er ekkert félagatal, heldur eru þau lausbeisluð samtök. Þar eru þó forystumenn, þó óformlegir séu að einhverju leyti, sem halda utan um verkefni og koma fram fyrir hönd samtakanna. Starfsemi samtakanna felst fyrst og fremst í fundarhöldum, fréttatilkynningum og táknrænum athöfnum.

1. Hugmyndir um þróun

Viðmælendur mínir létu í ljós mismunandi hugmyndir um hugtakið þróun. Nokkrir viðmælendur mínir ræddu um þróun út frá orðabókarskilgreiningunni, þ.e. sem breytingu eða ferli; „það er náttúrulega eitthvað sem er að breytast í gegn um tíma“ sagði einn þeirra. Þrír kvenkyns viðmælendur mínir höfðu fremur hlutlausa sýn á þróun sem slíka. Allar létu þær í ljós hugmyndir um að þróun geti bæði verið neikvæð og jákvæð. Ein af þeim talaði um að þróun væri eitthvað sem væri yfirleitt talið til jákvæðra breytinga, eða eðlilegra breytinga, líkt og ferli eða líf manneskju.

Mörgum fannst hugmyndin um þróun eins og hún birtist í samfélaginu vera samofin hugtakinu framfarir. Ein kvennanna talaði um að framfarir væru oft tengdar því að eignast eða safna að sér gæðum. Önnur talaði um að þó hugtökin tvö væru oft tengd í hugum fólks þyrftu þau ekki endilega að fara saman, stundum þróist hlutir farsællega og stundum ekki. Ein af viðmælendum mínum lýsti því yfir að henni fyndist hugmyndin um framfarir eins og hún sé notuð á Vesturlöndum vera neikvætt fyrirbæri. Tveir karlkyns viðmælendur mínir töluðu um að fyrstu viðbrögð við hugtakinu væru jákvæð hjá flestum og jafnvel væru þeirra eigin viðbrögð á þann veg, þrátt fyrir að vera mjög gagnrýnir á þróun. Annar þeirra talaði sérstaklega um mótandi áhrif orðræðunnar: „Náttúrulega af því að tungumálið mótar okkur öll, og ... maður hugsar alltaf, en „þróun“ það er gott, það er eitthvað jákvætt, maður er sjálfur svo fokked í þessu.“ Báðir töluðu þeir sérstaklega um línulaga þróun og að fólk almennt líti svo á að: „Þróun sé eitthvað svona línulaga, geðveikt einfalt fyrirbæri sem ... stefnir, sko, hérna frá vinstri til

hægri og upp á við.“ Ein kona lét sérstaklega í ljós mjög jákvætt viðhorf til línulegrar þróunar, sem má segja að einkennist af meiri bjartsýni en sjá mátti hjá hinum viðmælendunum. Hún sagðist mjög sannfærð um að mannkynið væri í ferli þar sem það væri að þroskast og þróast, maðurinn væri ekki eins og hann hefði verið fyrir fimm hundruð árum. Hennar skilningur á þróun virtist þó vera að álíta félagslegar hreyfingar og grasrótastarf vera leiðina til að byggja upp betra samfélag:

Ég finn það einhvern veginn að það eru núna að ske alveg rosalega spennandi hlutir, þessvegna er svo spennandi að lifa núna, það er út um allan heim er eins og maðurinn er að vakna upp ... það eru svo mjög spennandi tímar fram undan. Það er mjög mikil vinna framundan því þau sem hafa verið á undan hafa náð að eyðileggja bara á mjög stuttum tíma alveg hrikalegir hlutir.

Hún sagði ennfremur að ef maður líti svona á hlutina geti maður fremur horft bjartsýnn fram á veginn. Það sé því leið til að horfa jákvætt á hlutina og þó það hafi ekki verið mikið um það hingað til þá sé það nú ljóst að fólk láti ekki bjóða sér vissa hluti lengur.

Viðmælandi minn frá Filippseyjum, sem hafði unnið með grasrótarsamtökum sem sneri að því að „þróa“ getu heimamanna til að takast á við fyrirtæki og ríkisstjórnina, notaðist við orðið þróun til að útskýra vinnu samtakanna, en setti samt sem áður fyrirvara við hugtakið: „Þetta er í raun ekki að þróa, þú veist, vegna þess að þeir hafa sitt eigið, þeir hafa eigin þekkingu, hve hrokafullt af okkur að segja að við komum þangað til að þróa.“²¹ Karlmaður frá Indlandi talaði um að það væri nauðsynlegt að skoða hver það væri sem talar um þróun, hvort það séu manneskjur sem lifa ósjálfbærum lífsstíl. Hann vildi meina að nauðsynlegt væri að horfa á þróun „neðan frá,“ hvernig fólk sæi þróun sem væri á hinum enda lífsstílsins. Vandamálið sé að upplýsingarnar komi alltaf frá þeim sem hafi völdin, það séu þeir sem geti skilgreint þróun eftir þeirra höfði. Annar viðmælandi minn lýsti svipaðri skoðun, að henni fyndist þróun vera neikvæð því hún snerist of oft um að þróa einhvern annan án þess að fram fari samræður um hvernig við sjáum lífið og tilveruna, og hvort þróun geti verið

21 e. „It is not really to develop, you know, because they have their own, they have indigenous knowledge, how arrogant of us to say we come there to develop.“

misjöfn.

Nokkrir af viðmælendum mínum settu annað hvort mikinn fyrirvara við hugtakið þróun, eða töldu það beinlínis neikvætt og lýsa hroka og yfirgangi Vesturlanda og tengdu þróun við arðrán á auðlindum og landi. Ein þeirra talaði um að fólk væri álitid vanþróað ef það væri ekki að fullnýta landið sitt. Ættbálkasamfélög sem hafi lifað í samræmi við jörðina og umhverfi sitt í þúsundir ára, og aldrei gengið á náttúruna lendi í því að vera svipt tengingunni við náttúru sína og menningu „og þetta er einhvern veginn svona framþróun, og svo er smá hópur af liði sem græðir.“ Annar viðmælandi minn talaði um svipaða hluti:

Eins og maðurinn, þegar hann er að þróast, hann er alltaf teiknaður frá einhverjum svona litlum krypplingi, einhverjum litlum apa, einhverjum simpansa, í einvern svona kryppling en hann svona hægt og hægt réttir úr sér og verður alltaf glæsilegri og glæsilegri og betri og betri ... og apakrypplingurinn er þá væntanlega verri og þannig er litið á samfélög manna líka.

Hann bætti við að litið væri á samfélög í þriðja heiminum eins og þau væru á „einhverju svona cro-magnon stigi“ og að vestrið þurfi að hjálpa þeim til að verða nákvæmlega eins og „við,“ annars yrðu þau bara fátæk, veik og óhamingjusöm. Hann sagði að hins vegar væri ekkert spád í ástæðurnar fyrir því að þau séu fátæk, veik og óhamingjusöm, sem hann sagði stafa fremur af því að land og auðlindir séu tekin af fólki fremur en af skorti á tækniþróun. Annar viðmælandi minn talaði um að í heimildarmyndum virðist samfélög frumbyggja líta út fyrir að vera mun heilsteyptari en þau samfélög sem finnast hér á landi, jafnvel í smæstu þorpum. Þó setti hann fyrirvara um að ef til vill sé þeirra líf sýnt í of jákvæðu ljósi í þessum þáttum. Þriðji viðmælandinn talaði um hagsmunaárekstra innan landa, á milli hærri stétta landanna og fátækari íbúa þeirra, þegar kemur að þróun og framförum:

Það er litið til Vesturlanda, af því að Vesturlönd gátu öðlast þessi lífsgæði, þá er talað um að þróunarlöndin geti það líka en þau fatta ekki að þessi leið var farin með ofbeldi, kúgun, og niðurníðslu og arðráni á þróunarlöndunum, þannig að, þegar þau ætla sjálf að gera

Þetta að þá eru, borgirnar, eða millistéttin í Indlandi, hún græðir á þessu, en frumbyggjarnir fara í fökk, skilurðu? Þannig að þegar stóru ríkin fóru í þetta, þá var bara farið eitt skref fyrir neðan.

Nokkrir viðmælendur mínir gerðu tengingar á milli þróunar, framfara og ofbeldis. Viðmælandi minn frá Indlandi gekk einna lengst í því að tengja saman þróun og ofbeldi: „Að skoða þróun og framfarir er í raun að skoða ofbeldi.“²² Aðspurður að skoðun hans á hugtakinu þróun vísaði hann í kunningja sinn sem líkti því við hryðjuverk: „Eitt af því sem hann sagði ... var að þróun væri hryðjuverk.“²³ Einn viðmælanda minna líkti áherslunni á framfarir við menningarmorð vegna þess að fólk missti lífþráuð sitt en það endi með ósköpum. Hún tiltók sem dæmi að það hefði gerst á Grænlandi, Indlandi og Suður-Ameríku. Annar viðmælandi minn frá Indlandi sagði að það séu margar hreyfingar þar í landi sem séu mjög gagnrýnar á þróun:

Það eru svo margar félagslegar hreyfingar í Indlandi sem eru að berjast á móti námuvinnslu, sem eru að berjast á móti viðskiptum með auðlindir, sem eru að berjast á móti nýfrjálshyggju, og allar þessar félagslegu hreyfingar efast um þróun²⁴.

2. Þróun sem nývæðing

Í máli viðmælanda minna mátti oft greina gagnrýna sýn á nývæðingu og tæknina sem henni fylgir. Ein þeirra talaði til dæmis um að það vanti framsýni í nývæðinguna, sífellt sé sköpuð ný tækni án þess að hugsa um hvað gerist næst og hvað komi á eftir þessu tiltekna tæki eða tækninýjung. Hún tiltók sem dæmi hvernig vopn séu framleidd í sífellu, sem leiði til vopnasöfnunar. Annar talaði um að tækni framfarir hafi verið normalíseraðar og mikil áhersla sé lögð á jákvæðnina við tækniþróun:

Tækni framfarir eru svo augljóst vopn til að viðhalda gróða, til þeir sem eru að græða núna haldi áfram að græða þá eru sífellt kynnt til

22 e. „The study of development and the study of progress is actually a study of violence.“

23 e. „One of the things he said ... was that development is terrorism.“

24 e. „There are so many social movements in India who are fighting against mining, who are fighting against resource trading, who are fighting against neo-liberalism, and all these social movements are questioning development.“

sögunnar ný módel, eitt og eitt í einu. Það er kannski erfitt að gagnrýna þetta út frá félagslegu sjónarhorni því það er augljóst að það hefur tekist að kenna okkur að þetta sé rétt, en út frá vistfræði er þetta mjög basic, sko, að sífelldar framfarir gangi á náttúruna.

Ein af viðmælendum mínum talaði um að síðan amma hennar fæddist hafi orðið gríðarleg þróun í mannlífi og tækni. Það þurfi samt að taka tillit til þess að það feli í sér bæði jákvæða og neikvæða þætti. Það sé nauðsynlegt að horfa á heildarmyndina, á hlutina eins og þeir eru, og taka tillit til þeirra hliðarverkana sem óhjákvæmilega fylgi framförum. Svipað viðhorf mátti finna hjá öðrum viðmælenda sem sagði nauðsynlegt að vera svolítið gagnrýnin á það hvort við þurfum á ákveðinni tækni eða iðnvæðingu að halda, og hvaða áhrif það hafi annars staðar á hnettinum. Fleiri viðmælendur mínir voru einnig á því að tæknin leysi ekki vandamál heimsins og töluðu um nauðsyn þess að verða ekki þrælar tækninnar.

Nokkrir viðmælenda minna bentu á að andstaða við virkjanir þyrfti ekki að fela í sér afturför eins og margir héldu. Einn þeirra ræddi meðal annars um að fyrir einhverjum árum hefði hann orðið reiður ef einhver hefði sagt að hann væri á móti framförum og þróun og vildi bara tína fjallagrös. Hann sagði að núna væri hann þó að komast á þá línu að það væri ekkert svo slæmt. Að hans sögn eru rökin um að andstæðingar virkjana og stóriðju sé mótfallið þróun mjög sterk og þeim er mikið beitt í umræðunni. Virkjanaandstæðingum sé kennt um að vera á móti framförum og færa Ísland í verra horf eða aftur til fortíðar. Þessi viðmælandi minn hélt því þó fram að mest framfarasinnaða fólk hafi fremur verið ábyrgt fyrir því að færa landið í verra horf. Annar viðmælandi benti á að það sé hægt að skipuleggja samfélagið á annan hátt, færri vinnustundir og meiri frítími gæti þýtt að allir gætu haft atvinnu. Á móti komi hins vegar að fólk vilji vinna til að geta aukið lífsgæði sín. Annar viðmælandi minn talaði líka um áherslu fólks á að viðhalda lífsgæðum sínum, sem í raun sé skiljanlegt miðað við hvernig samfélagi það elst upp í:

Ég get alveg skilið hvers vegna fólk sem er alið upp í nútímasamfélagi sé hrætt við afturför og hrætt við það að lífsgæði þess minnki. Þetta snýst náttúrulega um þægindi, að hafa það gott,

ég skil hvaðan hræðslan kemur. En ef hugmyndin væri að vera á móti því að fara til baka en ekki endilega að fara áfram.

Einn viðmælandi kom með líkingu um að við sem samfélag stefnum í átt til glötunar, flestir vilji stefna í sömu átt þó sumir vilji fara aðeins hægar yfir, í stað þess að bara keyra út í skurð og labba upp á næsta fjall til að njóta útsýnisins. Annar viðmælandi sagði þörfina fyrir rafmagn ekki eins mikla og þegar verið var að kveikja á eldavélunum í fyrsta sinn en þeir sem hafi andstæð sjónarmið taki umræðuna oft á það stig og spyrji gjarnan hvort náttúruverndarsinnar vilji búa í torfkofum. Hún sagði að það væri hins vegar ekki raunin, enda væri mikill munur á. Til að mynda væri auðvelt fyrir venjulegt fólk að spara rafmagn. Sami viðmælandi benti líka á að hversu auðvelt það sé að virkja í meira hafi í raun komið í veg fyrir ákveðnar framfarir, svo sem að finna aðrar leiðir: „Það er bara ekkert verið að leita að þeim á meðan það er svona auðvelt, skilurðu?“

3. Þróun sem iðnvæðing

Eins og fram hefur komið hér að ofan eru stóriðju- og virkjanaframkvæmdir oft tengdar við hugmyndirnar um þróun og framfarir. Viðmælendur mínir voru spurðir út í viðhorfið til stóriðju- og virkjanaframkvæmda, og hvort þeir sæju einhverja alþjóðlega tengingu varðandi það hvernig slíkar framkvæmdir og orðræðan í kring um þær væru. Ein þeirra líkti því við trúarbrögð að líta á stóriðju sem lausn við öllum vandamálum: „Ég myndi svara þessu að þetta eru bara trúarbrögð, annað hvort trúir þú á, hérna, stóriðju, eða þú trúir ekki á stóriðju.“ Annar viðmælandi minn talaði um að fólk sé eigi að „iðnvæða“ sé oft ekki haft með í ráðum. Viðmælendur mínir frá Kanada og Ekvador sögðu að stjórnvöld vilji hrekja frumbyggja á brott til þess að öðlast yfirráð yfir landssvæðum þeirra. „Yfirvöld vilja ... losna við okkur og vilja líka vinna olú úr jörðinni,“²⁵ sagði kona frá Ekvador. Hún bætti við að þetta hafi nú þegar gerst hjá nágrennum hennar og landið þeirra væri orðið mengað. Viðmælandi minn frá Kanada tók í sama streng: „Ég meina, það ætti að setja bann á frekari olú- og námuvinnslu sem er að sjúga lífið úr móður okkar, Jörðinni, og drepa öll börn hennar.“²⁶

25 s. „El gobierno quiere ... termina los indigenas, y tambien quiere sacar los petroleos.“

26 e. „I mean, there should be a moratorium on oil and extractive industries toward sucking the life out of our mother, the Earth, and killing all her children.“

Flestir þeirra sem ég talaði við tengja saman stóriðjuframkvæmdir á Íslandi og baxítgröft annars staðar í heiminum og eyðileggingunni sem honum fylgir. Einn þeirra talaði meðal annars um að fjárfestingar í áli á Íslandi gætu ekki átt sér stað ef fólk væri ekki drepð í Gíneu, Víetnam og Indlandi, og stórir landshlutar eyðilagðir í Ástralíu. Með þessu var hann að vísa til þess að baxítvinnslan valdi þessu. Viðmælendur mínir tengdu baxítgröft og álvinnslu við það hve orkan á Íslandi sé seld ódýrt til að laða að stóriðju. „Það að flytja súralið svona langt norður í haf, af hverju erum við að því? Það er náttúrulega bara af því að við seldum rafmagnið fáránlega ódýrt“ sagði einn viðmælandi og bætti við:

Mér finnst það mjög gagnrýnivert, sko, að hérna, við séum alltaf að bæta við iðnað sem er á svona margvíslegan hátt, sko, ó-sjálfbær, eins og það að vera að sækja hráefni annars staðar í heiminum sem ... spillir náttúrunni þar og flytja hann svo alla þessa leið með skipum og svo aftur til baka eitthvert út í heim.

Annar viðmælandi talaði um að yfirvöldum takist að gabba fólk inn í alls konar vitleysu, eins og að vilja álver, með hræðsluáróðri, til að mynda um fátækt og atvinnuleysi sem hljótist af því að fá fyrirtækið ekki á svæðið. Fyrirtæki hafi svo nægilegt fjármagn til þess að útbúa herferðir til þess að ná fólki á sitt band. Álverið gefi síðan „hoppukastala og ís og rosa stuð, allir sáttir – með krabbamein.“

Viðmælandi minn frá Indlandi gagnrýndi einnig stórfyrirtæki og sagði að samfélagsábyrgð fyrirtækja (e. corporate social responsibility) sé goðsögn, því það sé svo auðvelt fyrir þau að flytja sig frá einum stað til annars. Aðrir tveir viðmælendur voruðu við því að fá inn stór fyrirtæki í lítil bæjarfélög þar sem hættan sé á að samfélögin verði háð fyrirtækjunum. Annar þeirra staðhæfði:

Það eru mörg dæmi til um þetta úti í heimi, að stór fyrirtæki komi inn í lítil samfélög og eiginlega eyðileggi innviðina í samfélaginu og svo fara þau á hausinn eða eitthvað gerist hjá þeim og þau fara í burtu ... er innfrastrúktur samfélagsins hruninn líka ... Það átti eiginlega allt þarna og svo þegar það fer þá er bara fólkið orðið ósjálfbjarga, það bara man ekkert hvernig það á að fara að þessu að

standa á eigin fótum.

4. Þróun sem hagvöxtur

Viðmælendur mínir lýstu flestir yfir efasemdum um nauðsyn hagvaxtar og töluðu gjarnan um að náttúrulegar aðstæður settu skorður á hagvöxt. Enginn þeirra virtist líta á hagvöxt sem nauðsynlegan til að takast á við fátækt, og mátti greina það viðhorf að peningar væru ekki lausnin við raunverulegum skorti. Ein þeirra benti á að við séum búin að skapa samfélag þar sem fólki er gert ómögulegt að lifa án peninga, og því sé fátækt í raun valdleysi:

Allir eru einhvern veginn, í okkar samfélagi, neyddir til þess að nota peninga, þúveist, þú getur ekki fengið að borða nema þú notir pening ... allir þurfa peninga, en samt eru peningar tákmynd valdsins og þú hefur vald ef þú hefur mikla peninga og þú ert valdlaus, valdlausari og kannski valdlausastur ef þú átt enga peninga.

Annar viðmælandi talaði líka um það hvernig valdhafar og fyrirtæki notfæri sér fjármagn sitt gegn þeim sem fátækari eru og standi í vegi fyrir þeim: „Vegna þess að þau eru fátæk og valdalaus eru fyrirtæki að nota þennan leik.“²⁷ Að hans mati reyna fyrirtækin að borga eins lítið og þau geti til samfélagsins og allur gróðinn fari til eigenda fyrirtækjanna í stað þess að minnka fátækt á svæðunum þar sem fyrirtækin starfa. Þetta sagði hann endurpepla verðmætamat fyrirtækjanna.

Viðmælandi minn frá Filippseyjum gagnrýndi nútímahagkerfi og hvernig það bitnar á íbúum þriðja heimsins, sem geri þá mun viðkvæmari fyrir náttúrufarsbreytingum en áður var og gagnist allra síst þeim fátækustu. Hún sagði efnahagskerfi okkar ýta undir það að þriðja heims ríki séu misnotuð og notuð sem ruslahaugar fyrir vörur frá iðnvæddum löndum. Eins notfæri iðnvæddu löndin sér þriðja heims lönd vegna ódýrs vinnuafls, og setji þar upp spilltan iðnað. Hún sagði að á Filippseyjum sé tekið land af fólki í þeim tilgangi að skapa hagvöxt og laða að erlenda fjárfesta, sem skilji fátækt fólk eftir í mjög viðkvæmum aðstæðum. Þeir taki yfir landið og breyti því í golfvelli, lóðir og fin hús fyrir ríka fólkið. Þessa

27 „Because they are poor and powerless, corporates are using this game.“

stefnu ríkisins sagði hún vera mótfallna fátæku fólki (e. anti-poor) og mótfallið almenningi (e. anti-people). Viðmælandi frá Íslandi talaði um að sér virðist sem það sé erfiðara fyrir fólk sem býr í samfélögum þar sem mikið er af óþarfa að geta ekki leyft sér eitthvað sem þá langar í, heldur en fyrir fólk sem býr í samfélögum þar sem ríkir raunverulegur skortur. Hann sagði þetta þó ekki eiga þegar fólk sé komið að hungurmörkum.

Nokkrir af viðmælendum mínum voru gagnrýnir á hagvöxt án þess að ganga eins langt og þeir hér að ofan. Ein þeirra talaði um að það gleymist oft að peningar séu bara verkfæri sem við notum. Hún sagði að það væri ennþá alltaf verið að hugsa um hagvöxt og spurði hvort fólk væri ekki búið að fá nóg af því. Hún talaði líka um að það þurfi meiri siðfræði inn í peningamálafræðina, því þegar upp er staðið snúist hún um manninn. Önnur talaði um að hún setji spurningarmerki við að það sé eitthvað sjálfkrafa æskilegt að hafa mikinn hagvöxt, en hins vegar þurfi líka að hafa í huga að setja ekki öll egginn í sömu körfuna þegar kemur að því að skapa verðmæti. Þau töluðu líka um að náttúran setji skorður við hagvöxt:

Þurfum við hagvöxt, af því ef að það er eitthvað sem er alltaf að vaxa, í lífríkinu þá er ekkert hægt að vaxa endalaust, allavega þarftu alltaf að miða vöxtinn við hvaða jarðvegur er til staðar, eða næringarefni eða eitthvað slíkt ... Ég veit ekki hvort það er æskilegt að vaxa endalaust, það er einhvern veginn mjög ónáttúrulegt.

Ein af viðmælendum mínum talaði um að það ríki viss lögmál í náttúrunni, það sé ekki hægt að ganga á höfuðstól náttúrunnar og „ef við göngum á gæði náttúrunnar þá leiðir það til falls fyrr eða síðar.“ Annar viðmælandi sagði að vandamálið við kapítalisma í heild sinni væri að hann geri ekki ráð fyrir því að náttúran setji honum skorður: „Í dag er náttúrulegt auðmagn ekki í samhengi við efnahagslegt auðmagn, það er rót kapítalismans, það er vandamálið við kapítalisma. Þú getur ekki látið peninga vaxa af peningum ... en þannig höfum við skapað þetta kerfi.“²⁸

28 e. „Today the natural capital is not aligned with the economic capital, that's the root of the capitalism, that is the problem with the capitalism, you can't grow money out of money ... but that is how we have made the system to work.“

5. Sjálfbær þróun

Sýn viðmælenda minna á sjálfbæra þróun var nokkuð misjöfn. Tveir þeirra töluðu á jákvæðan hátt um sjálfbærni og að hana þyrfti að hafa að leiðarljósi. Önnur þeirra ræddi um að það séu viss lögmál í lífinu og eitt þeirra væri að ganga ekki á gæði náttúrunnar. Ef ekki er hægt að nýta náttúruna á sjálfbæran hátt þá megi ekki gera það vegna þess að þá er verið að ganga á höfuðstól og það gangi ekki til lengri tíma. Hún benti þó á að það sé hægt að misnota hugtakið sjálfbærni og að græn orka sé ekki alltaf eins sjálfbær eins og talið er, þegar grónu landi sé sökkt geti tekið þúsundir ára fyrir jarðveg og gróður að ná sér á ný:

Þannig að þarna er búið að ganga á höfuðstól náttúrunnar og þetta er ósjálfbær nýting og það er ekki rétt að vatnsaflsvirkjun sem býr til lón sem sekkur grónu landi og jarðvegi, sé sjálfbær nýting, það er bara ekki rétt.

Annar viðmælenda minna frá Indlandi skilur hins vegar hugmyndina um sjálfbæra þróun á þann hátt að hún eigi í raun fyrst og fremst við um hvernig hægt sé að viðhalda hagvexti með takmörkuðum náttúrugæðum: „Það er ekkert til sem heitir sjálfbær þróun, þú getur fellt tré, þú getur ræktað tré og það vex á vissum hraða á hverjum ári. Það getur ekki vaxið eins og fjármagn.“²⁹ Að hans mati eru þróun og kapítalismi nátengd hvoru öðru og sagði hann þróun hafa verið yfirtekna af kapítalisma. Orðræðan sem eigi sér stað í kring um annars konar þróun gefi einungis rými fyrir „vistvænan“ grænan kapítalisma. Viðmælandi minn frá Kanada tók í sama streng og sagði að lausnirnar sem séu boðaðar á umhverfisvandannum séu falskar og verið sé að nota orðræðuna um sjálfbæra þróun til að ásælast lönd frumbyggja: „Ég er hræddur um að umhverfisvernd hafi verið yfirtekin af hagsmunum fyrirtækja og hagsmunum ríkisins.“³⁰

29 e. „There is no such thing called sustainable development, you can cut a tree, you can grow a tree and it can grow every year at a certain rate, it cannot grow like the capital.“

30 e. „I am afraid that environmentalism is being hijacked by corporate interests and government interests.“

6. Byggðastefna

Eins og frá var greint hér að ofan hefur byggðaðróun á Íslandi gjarnan verið tengd við atvinnuuppbyggingu í formi virkjana og stóriðjuframkvæmda. Viðmælendur mínir voru spurðir út í skoðanir sínar á byggðastefnu. Sumir viðmælenda minna lýstu yfir efasemdum um hversu nauðsynlegt eða æskilegt það sé að stunda einhverja sérstaka byggðastefnu og allir eru þeir mótfallnir stórfelldum lausnum í formi iðnvæðingar og stóriðju. Ein þeirra talaði um að það sé bæði ýmislegt jákvætt og annað neikvætt við það hvernig byggðastefnu hefur verið framfylgt. Hún var jákvæð út í að flytja minni stofnanir út á land, sem hvort sem er framkvæmi flest af sinni starfsemi í gegn um tölvur og pósthjónustu. Þrír viðmælendur til viðbótar töluðu um kosti fjölbreytni og smærri fyrirtækja fremur en hinna stærri og að leyfa fólkinu að nota sitt hugmyndaafli og þekkingu. Ein þeirra talaði einnig um nauðsyn þess að skapa langtímahugsun „sem gengur alveg niður til dæmis í menntun, í skólakerfinu, að við séum að undirbúa fólk undir að lifa í samfélagi þar sem það getur sjálft bara, til dæmis, skapað sér sína eigin atvinnu.“ Tveir viðmælendur töluðu um það hvernig stórfyrirtæki taka yfir umræðuna í litlum samfélögum og stýri henni í eigin þágu en fólk kaupir lofordin sem þeim séu gefin. Kona, sem sjálf býr í litlu samfélagi, talaði um að það sé engin þörf fyrir þær virkjanir sem eru á teikniborðinu, þessar áætlanir skilji lítið eftir sig. Önnur talaði um að stór fyrirtæki komi í veg fyrir frumkvæði frá fólkinu sjálfu.

Það viðhorf kom einnig fram hjá viðmælendum mínum að fólk eigi að hafa frelsi til að ákveða hvar það býi, það sé ekkert sjálfsagt við það að ríki eða stórfyrirtæki séu að hlutast til um það. Ein þeirra spurði hvort það sé endilega slæmt ef fólk vill flytja burt:

Og ég veit ekki, sko, auðvitað er gott að hafa byggð í landinu en stundum er það kannski bara ómögulegt, ef fólk vill halda þessum lífistandard. Þú getur eflaust búið þarna einhvers staðar ef þú bara sættir þig við að hafa ekki alla þjónustu sem menn vilja í dag.

Annar sagði að rökin á bak við stóriðju á landsbyggðinni séu þau að hún muni endurheimta ungt fólk sem hafi flutt burtu. Hann sagðist hins vegar halda að það

sé misskilningur, ungt fólk flytji í burtu því þeim finnst að sér þrengt í litlu samfélagi. Síðar meir flytji það hugsanlega aftur heim, þegar það er búið að eignast börn og koma sér upp fjölskyldu.

Nokkrir viðmælenda minna voru á því að umræðan um atvinnusköpun og hin algenga spurning: „Hvað viltu fá í staðinn?“ sem andstæðingar stóriðju fái oft, sé aðferð til að afvegaleiða umræðuna. Ein sagði að á meðan athygli fólks beinist fyrst og fremst að störfum fái aðrar hliðar umræðunnar enga athygli. Annar talaði um að þessi spurning gangi út frá því að það að byggja álver í litlu bæjarfélagi sé hið rétta og með því sé búið að normalisera það. Honum fannst að þeir sem eru á móti tilteknum framkvæmdum bæru ekki ábyrgð á því að finna störf fyrir aðra. Ein kona talaði um þessa umræðu sem taktík til að koma framkvæmdunum í gegn. Önnur líkti þessu við átrúnað: „Ef þú trúir á álver og ef þú trúir á stóriðju þá er mjög erfitt að snúa því við en það kemur alltaf þetta, já, hvað viltu þá í staðinn?“ Nokkur þeirra spyrja á móti „í staðinn fyrir hvað?“ og neita með því að taka þátt í normaliseringu stóriðjunnar.

7. Hvernig byrjaði andófið?

Mörg viðmælenda minna röktu baráttuvilja sinn aftur til barnæsku eða unglingsára. Nokkur þeirra töluðu um að uppeldi þeirra eða ytra umhverfi hafi spilað inn í. Annars vegar töluðu þau um að baráttuvilji sinn hafi byrjað sem sterk tilfinning fyrir því hvað er rétt og rangt, og sumir ræddu um hann sem uppreisn eða frelsisbaráttu. Ein þeirra sagði til að mynda að hún hafi trúlega fæðst sem náttúruverndarsinni en hún taldi þó baráttuviljann líka hafa komið í gegn um uppeldið: „Reyndar fékk ég þetta líka svolítið í uppeldinu vegna þess að mér var kennt að ganga vel um náttúruna þegar ég var lítil.“ Fleiri töluðu um viljann til að vernda náttúruna sem nánast meðfædda hvöt.

Nokkur þeirra töluðu einnig um að baráttuvilji þeirra stafaði af tilfinningu um að eitthvað væri ekki rétt í samfélaginu og þá út frá því hversu mikið nútímasamfélag gengi á náttúruna. Ein sagðist til að mynda ekki hafa filað umhverfið sem hún var að alast upp í frá því hún var mjög lítil. Annar sagðist lengi hafa verið meðvitaður um að það væri eitthvað rangt við það hvernig

samfélagið virkaði: „ég var alltaf bara meðvitaður um að þetta væri ekki í lagi, eitthvað væri að klikka, það gæti ekki alveg fúnkerað eins og það á að vera.“ Fleiri viðmælendur töluðu um þessa tilfinningu fyrir því að samfélagið stefndi í ranga átt, og að sú tilfinning hafi byrjað áður en þau gerðu sér grein fyrir því hvað væri í raun að. Nokkur þeirra töluðu einnig um að uppeldið skipti líka máli: „ég var alinn upp í gagnrýnni hugsun, eða svona, í því að gagnrýna hluti í kringum mig.“ Ein þeirra minntist á að það séu mismunandi ástæður fyrir því hvernig stóð á því að hún leiddist út í náttúruverndarbaráttu: „svona karakter og umhverfi, aðstæður, og líka þessi mótþrói, ég gat ekki trúað því að þau skilaboð sem var verið að gefa okkur, að þetta væri rétt.“ Önnur ræddi um að umhverfi og menning hafi skipt máli, að þegar hún hafi flust upp í sveit hafi síast í hana ákveðin menning þaðan sem byggði á virðingu fyrir landinu.

Líkt og sjá má töluðu mörg þeirra um að baráttu þeirra stafi af djúpri sannfæringu eða tilfinningu. Fyrir mörgum þeirra snýst baráttan um meira en bara náttúruvernd. Sum þeirra töluðu um baráttuna sem eins konar lífsviðhorf og að þeim finnist þau þurfa að lifa samkvæmt því: „Ein af hugmyndunum sem er mjög gegnumgangandi er að ... lifa í baráttu og ... að daglegt líf er ekki aðskilið við baráttuna jafnvel á þeim tímamökum þar sem það er ekki baráttu í sjálfu sér.“ Annar talaði um svipaða hluti og sagði það vera hluta af því að vera byltingarsinni að yfirfæra hugmyndafræðina yfir á eigin samskipti, svo sem eins og hugmyndina um jafnrétti. Mörg þeirra sem fóru í mótmælabúðir á Kárahnjúkum töluðu um það sem reynslu sem hafi breytt mjög miklu í þeirra lífi. Þannig talaði einn þeirra um að það sem hafi byrjað sem frekar grunn umhverfisvernd hafi þróast út í að verða lífsviðhorf: „Eitthvað sem byrjar sem, sem svoleiðis pólitík þróast út í að verða ... svona upplifun sem að breytir allri sýn manns eftir það á lífið og samskipti og mótar mann samkvæmt því.“ Annar viðmælandi sagði líka að eftir að hafa verið á Kárahnjúkum hafi hún verið búin að finna það sem hún hafi verið að leita að „og það er ekki möguleiki fyrir mig að ignora það.“

Mörg þeirra ræddu um að hafa tekið baráttuna inn á sig. Ein sagði að hún hafi átt mjög erfitt með að þola það þegar fólk fór rangt með: „það kom oft fólk sem vissi svo lítið og sagði bara vitleysur og ég átti mjög erfitt með að þola það.“ Önnur talaði líka um að hún hafi stundum gengið full langt í því að álíta að hún þyrfti að bjarga heiminum. Undanfarið hafi hún verið að átta sig á að hún þyrfti

ekki að gera allt í þessu lífi. Hún talaði um að á sínum yngri árum hafi hún haft mjög ríka ábyrgðartilfinningu: „Ég var mjög fanatísk og ég hélt ég hefði alla ábyrgð heims á mínum herðum.“ Ein talaði um að það sé nauðsynlegt að taka lítil skref og átta sig á að maður getur ekki breytt öllu í einu. Annar viðmælandi minn ræddi líka um að það sé oft sem fólk álíti að aktívismi þýði að maður þurfi alltaf að vera eins konar ofurmenni: „Fólk heldur að þeir sem eru aktívistar þurfi að þjást og færa fórnir og, þú veist, allt það sem er varpað fram um að þeir þurfi að vera ofurmenni.“³¹ Eins og aðrar slíkar ályktanir séu þessar mjög skemmandi og komi í veg fyrir að fólk taki þátt.

8. Baráttumál og hugmyndafræði

Gróflega má skipta viðmælendum mínum í tvo hópa; þá sem hafa starfað með eða tengst Saving Iceland, og þá sem hafa starfað með Sól á Suðurlandi. Baráttuaðferðir þessara hópa endurspeglar mismunandi hugmyndafræði innan þeirra. Saving Iceland byggir fyrst og fremst á beinum aðgerðum sem ætlað er að hafa bein áhrif á fyrirtækin sem um ræðir. Miðlun upplýsinga skipar þó stóran sess: „Á þeim tíma sem heimasíða Saving Iceland var tiltölulega virk var hún suðupunktur andófs gegn álverum í heiminum,“ sagði einn þeirra sem hefur starfað með hreyfingunni. Kona sem einnig hefur starfað með hreyfingunni talaði um að þau hafi kynnt nýja taktík inn í mótmælahefð á Íslandi. Einnig hefur verið um að ræða táknrænar aðgerðir og ýmsar aðferðir notaðar til að vekja athygli á málstaðnum. Einn viðmælandi talaði um að hafa gert ýmsar táknrænar aðgerðir en segist þó hafa fundið sig meira í beinum aðgerðum: „Það sem ég var alltaf mest spenntur fyrir þegar ég fór að kynnast beinum aðgerðum, var að ... hafa, var beint ígríp.“ Annar karlmaður talaði um að Saving Iceland hafi ekki beitt ofbeldi þó fólk haldi það oft. Hann talaði um að baráttuaðferðir hverju sinni fari alltaf eftir nauðsyn, og Saving Iceland gangi eins langt og henti fyrir það.

Viðmælendur mínir frá Sól á Suðurlandi hafa skipulagt fundi, talað við fjölmiðla, samið tilkynningar, gert athugasemdir við skipulag, tekið þátt í táknrænum athöfnum og fengið þingmenn til að koma á svæðið. Allt eru þetta baráttuaðferðir sem falla „innan kerfisins“ og miða helst að því að hafa áhrif á

31 e. „People think that those people who are activists have to suffer and sacrifice and you know, all these kind of things being projected that they have to be super human beings.“

almenningsálitið og ráðamenn. Ein þeirra talaði um nauðsyn þess að koma upplýsingum á framfæri: „Þannig að þetta er fræðsla, hvernig sem við getum komið því til almennings, ef þú getur ekki tekið ákvörðun á þekkingu eða upplýsta ákvörðun þá geturðu ekki tekið góða ákvörðun.“

Viðhorf viðmælenda minna endurspegluðu þannig þessar tvær hreyfingar. Margir þeirra sem starfað höfðu með Saving Iceland töluðu um að hafa verið hrifnir af and-kaþalískum og anarkískum hugmyndum áður en þeir gerðust virkir með hreyfingunni. Aðrir fóru hina leiðina, byrjuðu sem náttúruverndarsinnar en fóru að hafa meiri áhuga á hugmyndafræðinni eftir að hafa kynnst henni hjá Saving Iceland. Ein af viðmælendum mínum, sem alin er upp í Evrópu, talaði til að mynda um að hafa kynnst anarkisma hér á landi í gegn um Saving Iceland og síðar gerst virk í sambærilegum samtökum í sínu heimalandi. Karlmaður sem hefur starfað með Saving Iceland ræddi um muninn á hugtökunum náttúru og umhverfi til að útskýra sína hugmyndafræði: „Þróunin innan anarkistasenunnar, eða innan róttækrar umhverfisverndar, er í átt að náttúruverndarsinum.“ Annar viðmælandi notaði orðið umhverfisvernd um sama hlut: „Umhverfisverndin sem Saving Iceland predikar er ekki bara að vernda umhverfið og ekki bara að vernda þann hluta umhverfisins sem að kemur mönnum við, heldur, hérna, heldur að umhverfi hafi, þúveist, að sínu leyti réttindi.“ Einn þeirra talaði um að náttúruvernd á borð við þá sem Saving Iceland boði sé álitin öfgafull þrátt fyrir að boða hugmyndir sem flestir gætu sætt sig við:

Hvað er það sem gerir fólk öfgafullt? Mikið af þessari grænu, róttæku umhverfismenningu byggir aðallega á þrennu; það er sjálfbærni, það er hérna, horizontalism, eða svona láréttni, og hérna engin kúgun. Hvað er svona öfgafullt við þetta?

Annar talaði um það að hann hafi ekki kunnað að meta hefðbundna pólítík vegna þess hvernig hún væri skipulögð: „Ég trúði á lárétta forystu.“³² Ein af viðmælendum mínum ræddi um að allt kerfið byggist á stigveldi og því að það sé hvorki samstaða í samfélaginu né inni á heimilum: „og þannig virkar bara kerfið, þúveist, einhvern veginn, það virkar á hárarkíu og hárarkían þarf að vera alls staðar.“ Eins og áður sagði kynntist ein af viðmælendum mínum anarkisma í gegn um Saving Iceland en þegar hún fór aftur til síns heimalands segist hún hafa

32 e. „I was believing in horizontal leadership.“

kynnst fleiri slíkum hópum, og þeir hafi verið þeir einu sem hjálpuðu heimilislausum fjölskyldum þar: „Bara anarkistar sem voru að hjálpa fólk sem áttu ekki neitt annað.“ Annar viðmælandi minn segist hafa skilgreint sig sem kommúnista á unglingsárunum en svo kynnst anarkisma þegar hann var fimmtán ára: „Þetta tvennt, sem sagt, anarkismi, frelsishugsjónin í rauninni og sameignarstefna er sem rauður þráður í öllu því sem ég geri eftir það.“ Margir af þessum viðmælendum leiddust út í náttúruverndarbaráttu eftir að hafa áður tekið þátt í annars konar baráttu, svo sem friðar-, mannréttinda- eða kvenréttindabaráttu eða baráttu gegn kapitalisma.

Fólkið sem ég talaði við í Kaupmannahöfn vann fyrst og fremst að baráttu fyrir landréttindum fólks. Kona frá Filippseyjum talaði um að samtökin sem hún starfar með berjast gegn því að bændur missi lönd sín í hendur erlendra fjárfesta. Karlmaður frá Kanada ræddi um að það væri endalaus barátta gegn því að yfirvöld tækju yfir lönd frumbyggja. Hann sagði yfirvöld ásælast landið, jafnvel undir þeim formerkjum að berjast gegn loftslagsvandinum: „Fyrir mér eru þeir að ræða um lönd og landsvæði frumbyggja líkt og venjulega og hvernig hægt sé að nálgast þessar auðlindir, nú ætla þeir að gera það í nafni umhverfisins“³³. Kona frá Ekvador talaði um svipaða hluti, að samfélag hennar sé að missa landið í hendur yfirvalda, sem vilji losna við frumbyggjana af því. Einn viðmælandi sagði að þaðan sem hann kemur í norð-austur Indlandi eigi að reisa 200 stíflur. Það valdi því að bændur á svæðinu muni þurfa að yfirgefa landsvæði sín vegna virkjanalónanna og mikil andstaða ríki við verkefnið.

Aðrir viðmælendur mínir töluðu líka um það hvernig iðnvæðing og stóriðjuframkvæmdir valda því að fólk missi lönd sín og lífibrauð. Viðmælandi minn frá Indlandi orðaði það svo: „Þegar þú sviptir fólk lífstíl sínum ertu ekki bara að svipta það heimili sínu, þú veist, þú ert að svipta þeim lífsstíl sínum og troða upp á þau öðrum lífsstíl.“³⁴ Hann ræddi um landmissi sem menningarmorð: „Við notum í rauninni orðið menningarmorð yfir það sem er að gerast, þetta er hægfara dauði.“³⁵ Viðmælandi minn frá Íslandi tók í svipaðan streng og sagði að yfirtaka á landi sé: „genocide á, einhvern veginn, menningu þeirra“ og sagði að

33 e. „To me they are discussing the lands and territories of indigenous peoples like usual and how to get those resources they are going to do it now in the name of the environment.“

34 e. „When you dispossess someone from a lifestyle it's not just dispossessing their home, you know, you are dispossessing a lifestyle and implementing another lifestyle.“

35 e. „We use actually cultural genocide about what is happening, it's a slow death.“

þar sem fólk sé hrakið burt frá landi sínu missi það tenginguna við landið og menningu sína, sem valdi félagslegum vandamálum: „Fólk er svipt tengingunni við allt, þú veist, menningu sína, allt, náttúruna og allt þetta og inn kemur bara atvinnuleysi, alkóhólismi, þunglyndi og sjálfsmorð.“ Annar viðmælandi minn frá Íslandi gerði svipaða tengingu og sagði að millistéttin í þessum löndum græði á þessu á meðan frumbyggjarnir „fara í fokk.“

9. Hnattrænt eða staðbundið andóf

En hvernig líta viðmælendur mínir á náttúruverndarbaráttu sína? Tengist hún fyrst og fremst því að vernda ósnortin svæði landsins eða er þetta alþjóðleg barátta? Að einhverju leyti mætti ætla að þessi viðhorf endurspegli hugmyndafræði hreyfinganna sem þau hafa starfað með, það er að fólk sem starfað hefur með Sól á Suðurlandi líti fremur á sína baráttu sem afmarkaða en þeir sem starfað hafa með Saving Iceland sem alþjóðlega. Í viðtölum mínum kom það hins vegar ekki fram og var ekki annað að greina en að sólar-fólk liti á sína baráttu sem hluta af stærri heild:

Í umræðunni hefur þetta verið dálítið mikið tengt Íslandi þó að sumir hafi verið að reyna að benda á að þetta sé í rauninni alþjóðlegt, og þannig held ég að eigi að líta á þetta ... sem hluta af jörðinni, sko og náttúrulega alveg hrikalegt að heyra þetta að við lifum hér á landi að það þyrfti einhverja tugi jarða til þess að bera slíka lifnaðarhætti, ég meina, þá kemur allri veröldinni það við.

Önnur kona sem hefur tengst samtökunum segist upplifa sig sem hluta af alþjóðlegri náttúruverndarbaráttu en hins vegar var hún fremur gagnrýnin á hnattvæðingu fjármagns og flutnings á vörum milli svæða.

Þeir sem hafa tengst Saving Iceland virðist þó leggja mun meiri áherslu á nauðsyn þessara alþjóðlegu tengsla. Einn þeirra talaði um nauðsyn þess að gera grasrótarbaráttu alþjóðlega og sameina fólk. Vandamálið sé hins vegar að okkur vanti tilfinninguna fyrir þessum alþjóðlegu tengslum: „Við finnum ekki tengslin, það er vandamálið.“³⁶ Fólk vanti upplýsingar um hvað sé að gerast í heiminum og hvernig þeir atburðir tengist. Hann sagði það vera nauðsynlegt að skilja eftir sína

36 e. „But we don't feel the link, that is the problem.“

eigin sérhagsmuni og horfa yfir landamæri á það hvernig heimurinn virki. Það sé hins vegar ekki að gerast. Annar viðmælandi sem hefur starfað með Saving Iceland talaði um að hann upplifi sig sem hluta af alþjóðlegri hreyfingu, hnattvæddu andófi: „Ef ég var einhvers staðar innvígður þá var það þar.“ Margir þeirra sem hafa tengst Saving Iceland voru líka gagnrýnir á hugmyndina um þjóðríkið:

Mér finnst bara, þúveist, það er bara partur af því að, þúveist, að vera í einhverri frelsisbaráttu, þúveist, og hafa frelsisþrá, ... að afnema þessar hugmyndir, einhvern veginn, að landamæri séu eitthvað sem skipti máli.

Karlmaður sem starfað hefur með hreyfingunni talaði um að sumar eldri mótmælahreyfingar hafi byrjað á nokkuð þjóðernislegan hátt: „Næstum því bara með þjóðrembu á köflum.“ Hann bætti þó við að það sé ef til vill skiljanlegt þegar landið var nýbúið að hljóta sjálfstæði. Tveir viðmælendur mínir sem einnig hafa starfað með hreyfingunni ræddu um þá gagnrýni sem erlendir aktívistar hafa hlotið eftir að hafa komið til Íslands og barist fyrir náttúru landsins. Annar þeirra talaði um að útlendingarnir sem hafi komið til að berjast gegn Kárahnjúkavirkjun hafi í raun skilið áhrif virkjunarinnar mun betur en þeir sem sátu heima á Íslandi. Hinn viðmælandinn tengdi þessa umræðu við þjóðernishyggju:

Það er hugsað að þetta kemur okkur ekki við af því þetta gerist ekki ... í okkar bakgarði eða þúveist; verið ekki að skipta ykkur af, þið eruð ekki, þúveist, þið búið ekki hérna ... Ég meina, þetta er bara einhver nationalismi, þjóðernisremba.

10. Fjölmiðlar

Ein leið til að greina orðræðu er að kanna umfjöllun í fjölmiðlum. Ég spurði viðmælendur mína út í viðhorf þeirra til fjölmiðla og hvernig þeim fyndist fjallað um þróun og framfarir í fjölmiðlum. Þeim finnst flestum orðræðan um atvinnusköpun fá mun meira vægi í fjölmiðlum en umræða um náttúruvernd. Nokkrir þeirra töluðu um að erfitt sé að koma sjónarmiðum á framfæri í fjölmiðlum og að talað sé minna við náttúruverndarfólk nú en áður, eða eins og ein þeirra orðaði það: „Mér finnst vera, sko, halli í þessari umræðu, alltaf.“ Ein

talaði um að umfjöllun sé bæði takmörkuð og lituð, og hafi versnað. Oft komi upp fullyrðingar sem reynist svo rangar en eyðileggi mjög mikið. Viðmælandi minn frá Indlandi talaði einnig um það að öll umfjöllun um þriðja heiminn fari í gegn um vestræna fjölmiðla:

Það sem við höfum eru AP, Reuters og Bloomberg, þú veist, svokallaðar fjölmiðlasamsteypur, og það eru í raun þær sem flytja fréttir frá þriðja heims löndum og þær eru allar frá kjarna heimsveldanna, þannig að þetta er nýlenduvæðing fjölmiðlanna.³⁷

Flest þeirra voru á því að fjölmiðlaumræða væri yfirborðskennd og snerist ekki um að koma upplýsingum til fólks, mikil tilhneiging sé til yfirborðsmennsku, líkt og ein sagði: „Almennt þá er þetta svolítið mikið svona einhvern veginn upphrópanir og svona fréttir af einhverju ... einhverju sem er svona æsifréttalegt.“ Hún hélt áfram og sagði að þrátt fyrir að sumir fjölmiðlar reyni að kafa aðeins dýpra þá sé samt dálítið í land með það að fólk fái heildstæða mynd af málum á borð við virkjanamál, hvað er í húfi og hvaða mögulegu skaðar verði til lengri og skemmri tíma. Önnur kona talaði um að til að fá fjölmiðla á svæðið þurfi sífellt að finna einhverjar nýjungar. Sú þriðja ræddi um að umfjöllun fjölmiðla virðist ekki snúast um að veita upplýsingar. Þeir fjalli um mál „án þess að kanna neitt á bak við þannig að við sitjum enn sem sko, neytendur að þessum fréttum og við vitum ekkert hvað er í raun og veru á bak við þetta.“ Einn viðmælandi minn sagði að fjölmiðlar virki í raun forheimskandi, að það sem sé í gangi í fjölmiðlum í dag sé að telja fólki trú um að það þurfi ekki að hugsa. Þannig séu innihaldslausir skemmtiþættir í raun áhrifameiri fjölmiðill en fréttaskýringarþáttur sem tekur sig alvarlega:

Ég held að fréttaskýringarþáttur sem tekur sig alvarlega og reynir að heilindum að vera hlutlaus og reynir að heilindum að varpa ljósi á hlutina eða eitthvað svoleiðis, hann sé ... miklu áhrifaminni fjölmiðill heldur en Sveppi og Auddi, sko, einhverjir svona idjótar, hérna ... með eitthvað svona auglýsingafargan fyrir aftan sig.

Annar viðmælandi minn talaði um að vera hans í Palestínu hafi breytt viðhorfi

37 e. „What we have in place is AP, Reuters and Bloomberg, you know, called news corp, and these are the ones that are actually bringing news from the Third World countries and they are all from the imperial centers, so this is the colonization of media.“

hans til fjölmiðla: „Allt í einu fór ég bara einhvern veginn að finna ógeðslega vel eitthvað hvað var satt í fjölmiðlum og hvað ekki, einhvern veginn, finnst mér, sjá betur í gegn um það.“ Hann sagði einnig að það séu ekki til neinir hlutlausir fjölmiðlar: „Svo sá ég bara hvað þetta var einhvern veginn yfirborðskennt og hvað þetta var hliðhollt, alveg, vissum öflum.“ Annar talaði um að eftir að honum hafi verið bent á hlutverk fjölmiðla í mótun orðræðu hafi hann farið að taka betur eftir því hvernig fjölmiðlar bjuggu til skúbb og beindu með því athygli fólks í vissa átt og burt frá öðru. Aðrir viðmælendur mínir tóku í svipaðan streng.

Viðmælandi minn frá Indlandi talaði um að Financial Times hafi birt rangar upplýsingar um námuvinnslu þar í landi. Hann hafi sjálfur reynslu af því að vinna á fjölmiðlum, þar sem fjölmargar af umfjöllunum hans voru þaggaðar niður. Hann tengir þetta við vald fjármagns yfir fjölmiðlunum og bendir á það hvernig fyrirtæki kaupi sér ímynd með upplýsingafulltrúum og -fyrirtækjum sem hafi mikla reynslu af fjölmiðlun og viti hvernig eigi að segja frá, eða þagga niður mál, svo þau komi sem best út fyrir fyrirtækin: „Þannig að markaðurinn sér um allt, og það er ástæðan fyrir því að fjölmiðlar hafa mjög lítið rými fyrir hina röddina, gagnrýnu röddina.“³⁸ Þrátt fyrir að fjölmiðlar birti sögur frá þriðja heims löndum séu þær sjaldnast greindar á nokkurn hátt: „Fjölmiðlar tala um þrælakistur, fjölmiðlar tala um þessa hluti en fjölmiðlar eru ekki að veita nægilega greiningu á því sjónarmiði hvernig, hvers vegna og hvernig þessir hlutir eru að gerast.“³⁹ Fleiri töluðu um það hvernig þeir sem hafi yfir miklu fjármagni að ráða hafi mun breiðari rödd í fjölmiðlum en grasrótahópar:

Við segjum semsagt að lýðræðið sé þannig að við eigum að fá tækifæri til þess að láta í ljós allskonar sjónarmið og reyna að vinna þeim fylgi ef okkur finnst þau mikilvæg en þetta er svo rosalega ójafn leikur, þúveist, Landsvirkjun hefur nóga peninga, hefur fjölmiðlafulltrúa, hefur alls konar, við erum að gera þetta í frítíma og flest okkar höfum lítið af honum og jafnvel þó við höfum mikinn, brennandi áhuga á þessu, þá er þetta bara algjör aukavinna.

38 e. „So market is taking care of everything, so this is why the media also has got very little avenue for the other voice, the critical voice.“

39 e. „Media talks about sweatshops, media talks about these things but media is not actually giving enough analysis of the perspectives of how, why and how those things are happening.“

11. Viðbrögð við andófi

Viðbrögð fólks við andófinu virðast vera töluvert mismunandi. Sumir brugðust við því á jákvæðan hátt og álitu að einhverju leyti göfugt að stunda andóf á meðan aðrir brugðust við á mun neikvæðari hátt. Einn viðmælanda orðaði það svo:

Viðbrögðin 2007 voru á þá leið að það væri eitthvað brenglað við það að fólk væri ekki annað hvort að vinna eða njóta sumarfrísins, það væri eitthvað afbrigðilegt við það hvað Saving Iceland væri að gera við tíma sinn.

Hann talaði um að fólk bregðist á mismunandi hátt við upplýsingaandófi og beinum aðgerðum. „En fólk bregst ágætlega við greinaskrifum og upplýsingaandófi,“ sagði hann og hélt áfram: „Jafnvel fékk maður þau viðbrögð frá fólki sem var algjörlega ósammála okkur að við værum svo hevíti dugleg.“ Nokkrir töluðu þó um að þau upplifi að fólk hlusti lítið á það sem þau hafi að segja og hinsi það jafnvel. Ein þeirra talaði til að mynda um upplifun sína af fundum með fólki sem stendur utan náttúruverndarhreyfingarinnar: „Mér hefur fundist erfitt að standa upp á fundum þar sem menn bara ranghvolfa augum þegar ég opna munninn.“ Önnur kona talaði um að henni hafi fundist fólk hafa vissa fordóma gagnvart sér. Erlendir viðmælendur ræddu líka um að oft sé reynt að sverta þá sem berjast fyrir náttúrunni og réttindum sínum, eins og viðmælandi frá Filippseyjum lýsti:

Þegar fólk talar fyrir réttindum sínum eru þau kölluð kommúnistar, svo það er mikið af neikvæðri umræðu í gangi. Ríkisstjórnin er að reyna að afvegaleiða fjölmiðla og fólkið til að halda að ef þú ferð út og talar um réttindi þín ertu kommúnisti. Þetta virkar mjög vel fyrir fyrirtækin því ríkisstjórnir okkar eru mjög spilltar og ólýðræðislegar og þær vinna með og hagnast af fyrirtækjunum.⁴⁰

Annar viðmælandi minn frá Indlandi talaði á sambærilegan hátt um það hvernig fyrirtæki bregðist við andófi gegn þeim og reyni að hafa áhrif á almenningsálitið: „Þau skapa almenningsálit sem er þeim í vil í gegn um ýmsar aðferðir, faldar og

40 e. „When people speak up for their rights they call them communists, so there is a lot of negative publicity going around, the government is just trying to mislead the media, the people, into thinking you know, if you go out there and speak about your rights you are a communist, so that works very well with the corporations because our governments are very corrupt and undemocratic and they work and benefit from the corporations.“

fágaðar aðferðir.⁴¹ Hann sagði þau nýta sér þróunarstofnanir, frjáls félagasamtök og orðræðuna um þróun og framfarir í sína þágu. Hann taldi að samningar og loforð á borð við Business Partners for Development (BP) sé einnig leið til þess að þagga niður í mótmælaröddum:

BP reynir að sannfæra auðlindarík lönd um að þau geti haft sterka samningsstöðu með þessu framtaki, þar sem stjórnvöld vinna með fyrirtækjum og frjálsum félagasamtökum. Og fyrirtæki nota þetta, fyrirtæki setja á stofn sín eigin félagasamtök, þau nota líka, bak við tjöldin, óljósar aðferðir til að fá félagasamtök til liðs við sig og reyna að grafa undan hreyfingunni, félagslegum hreyfingum í þriðja heims löndum.⁴²

Viðmælandi minn frá Kanada tók í sama streng og talaði um hræsni fyrirtækja, sem reyni að kaupa sér velvild með því að „grænka“ ímynd sína en án þess að gera raunverulegar breytingar: „Við fáum stuðning í orði, þú veist, fyrirtæki reyna alltaf að snúa hlutunum á haus, allir eru með grænan merkimiða núna, allir eru að gera góða hluti.“⁴³

Einn af viðmælendum mínum vildi meina um að innkoma fyrirtækja í lítil samfélög kljúfi samfélögin í tvennt: „Þú getur séð fyrirtækin, þegar þau koma inn á svæði þá kljúfa þau samfélagið, þau skipta fólki í þá sem eru fylgjandi þeim og þá sem eru mótfallnir þeim og reyna svo að einangra þá sem eru mótfallnir þeim.“

⁴⁴ Annar viðmælandi minn, sem býr í litlu samfélagi, talaði um það að hún upplifi undirliggjandi spennu í samfélaginu og það sé ekki mikið rætt um fyrirhugaðar framkvæmdir „allavega ekki svona opinberlega og upphátt.“ Hún sagðist þó vita til þess að einstakir menn hafi lent í aðkasti vegna skoðana sinna á virkjunum og bætti við: „Ég held að það sé félagslegt böf, þessi áform sem valda þessum deilum.“ Annar viðmælandi hélt að í sinni sveit hafi margir gleypst við því að

41 e. „They create a public opinion, in favor of them, through many methods, hidden and sophisticated methods.“

42 e. „The BP was trying to convince the whole resource rich countries that you can have, you can have good bargaining power through this initiative where the governments can work with the corporates along with NGOs. And companies use that, companies float their own NGOs, companies also, behind the deal they use subtle mechanism to co-opt NGOs and try to subvert the movement, social movements in the Third World countries.“

43 e. „We get a lot of lip service, you know, corporations always try to twist things into ...every one has a green tag now, everyone is doing good things.“

44 e. „You can see the companies, when they enter into an area they divide society, they divide into in favor of them and against them, those who are against them, they try to marginalize them.“

framkvæmdir á svæðinu muni skila samfélaginu miklu en í raun verði uppbyggingin mjög takmörkuð á endanum.

12. Viðbrögð við beinum aðgerðum

En hvernig eru viðbrögð við andófi sem byggist á beinum aðgerðum og borgaralegri óhlýðni? Einn viðmælandi minn, sem unnið hefur með Saving Iceland, talaði um að fólk bregðist á allt annan hátt við löglegu andófi en ólöglegu, þrátt fyrir að hið siðarnefnda setji engan í hættu:

Í rauninni eru viðbrögðin skrítin miðað við hversu friðsamar aðgerðir Saving Iceland hafa alltaf verið ... Hjá Saving Iceland hafa aðgerðirnar alltaf verið eitthvað líkt og að hlekkja sig við vinnuvélar, klifra upp í krana eða stöðva umferð og aldrei lagt neinn í hættu nema sjálfan sig.

Hann talaði um að þessi viðbrögð hafi líka komið frá fólki sem var þeim að miklu leyti sammála í skoðunum og var á því að lögin væru óréttlát. Viðbrögð margra hafi verið einhvers konar hystería sem litaðist af fjölmiðlum og yfirlýsingum lögreglu. Annar viðmælandi talaði um að þrátt fyrir að Saving Iceland hafi einungis gengið einu skrefi lengra í baráttuaðferðum sínum en var venja að gera hér á landi hafi viðbrögðin verið mjög hörð: „Um leið og þú færir einu skrefi lengra, þó það væri ýkt lítið skref, að hérna, þá bara frikaði allt út og rosalega, einhvern veginn, furðuleg viðbrögð.“ Hún sagði að komið hafi verið fram við þau eins og brjáláðan skæruliðahóp, þrátt fyrir að þau hafi verið „ógeðslega lítil ógn.“ Fleiri viðmælendur mínir sem höfðu starfað með Saving Iceland töluðu um svipaða hluti, að viðbrögð lögreglu og yfirvalda gegn þeim hafi verið mjög hörð alveg frá byrjun: „Síðan fór ég að sjá viðbrögð löggunnar gagnvart okkur, sem voru alveg geðveikt svona hörð, svona heiftarleg, einhvern veginn.“ Ein viðmælendanna talaði um að þessi hörðu viðbrögð hafi stafað af því að stjórnvöld hafi verið búin að leggja allt undir til að virkjunin og álverið myndu rísa:

Mér fannst það bara geðveikt lýsandi, það var bara; já, auðvitað bregst löggan svona við út af því að yfirvöld hafa ... geðveikt mikið undir í þessu og ... það má ekki hrófla við yfirvöldum, það

má ekki hrófla við sannleiknum.

Annar viðmælandi ræðir um að á Íslandi hafi lögregla tekið mjög harkalega á mótmælendum:

Þetta var bara straight fram hrottaskapur, fólk sem hlekkjaði sig við vinnuvélar var í hættu þegar það var losað. Þetta var ábyggilega bara út af vankunnáttu. Fjölmíðlar tóku líka öðruvísi á málum hér en erlendis. Erlendis var að minnsta kosti ekki logið, jafnvel þó maður væri ósáttur við það hvernig lögreglan hafði gengið fram þá kannaðist maður þó við atburðina þegar maður heyrði þeim list í fjölmiðlum. Hérna er oft ekki heil brú í því sem við heyrum frá lögreglunni, það er allt ýkt.

Hann bætti því við að þessar aðfarir hafi ef til vill ekki bara stafað af vankunnáttu heldur hafi verið reynt að hræða fólk frá því að stunda andóf með beinum aðgerðum: „En þetta er líka til þess að sverta og hræða fólk frá því að taka þátt, ef til vill vegna þess að þetta er nýtt á Íslandi.“ Annar viðmælandi tók í sama streng og sagði að það hafi átt að gera út við þessa hugmyndafræði og þessar aðferðir strax: „Við áttum ekkert að komast upp með það ... að innleiða þessa hugmyndafræði eða þessar aðferðir inn í íslenskt samfélag. Það átti að krimínalisera okkur, gera út af við okkur, strax.“

Aðspurður sagði viðmælandi minn frá Indlandi að leiðir fyrirtækja og yfirvalda til að taka á andófi gegn stóriðju séu misjafnar á Vesturlöndum og í þriðja heiminum. Í þriðja heiminum sé algengara að notað sé beint ofbeldi til þess að bæla niður andóf: „Aðferðirnar eru ólíkar. Hér er það yfirtaka hugans, þar er það beint ofbeldi.“⁴⁵ Þessum aðferðum lýsti hann sem bæði mútum og ofbeldi. Að hans sögn komast dráp á fólki sem mótmælir framkvæmdum ekki einu sinni í fréttirnar vegna þess að þeir sem ráði yfir fjármagni hafi völd til að þagga niður slík mál. Hann tók dæmi um fyrirtæki sem hafi drepið þrettán manns en hafi náð að þagga málið niður: „Það drap árið 2006, 2. janúar, þrettán manns, og það kom hvergi fram í alþjóðlegum miðlum.“⁴⁶ Fyrirtækið hafi ráðið upplýsingafulltrúa sem hafi náð að þagga málið niður, en þetta sagði hann vera algengt. Annar

45 e. „The methods are different. Here it is mind-colonization, there it is direct violence.“

46 e. „It killed in 2006, 2nd January, thirteen people, and that was not reported anywhere in the international media.“

viðmælandi frá Indlandi talaði um svipaða hluti: „Ríkisstjórnin er nú að vinna að því að hervæða stíflusvæðið, þannig að það mun vera mikið af hermönnum og svo eru einnig leynileg morð að eiga sér stað á svæðinu.“⁴⁷ Aðspurður um hverja sé verið að myrða svaraði hann því að ríkisstjórnin sé að láta drepa aktívista og heimamenn sem eru andsnúnir virkjanaframkvæmdum: „Herinn er líka viðriðinn drápin og lögreglan er líka viðriðin drápin.“⁴⁸ Aðrir viðmælendur mínir frá þriðja heims ríkjum vitnuðu líka um ofbeldi lögreglu og yfirvalda gegn aktívistum: „Viðbrögðin hafa að mestu verið ofbeldi gegn fólki sem mótmælir og ver réttindi sín“⁴⁹ sagði viðmælandi minn frá Filippseyjum. Annar viðmælandi frá Ekvador talaði um svipaða hluti: „Ég hef lent í vandræðum með yfirvöld, þau sendu lögreglumann til að berja mig. Ég gat ekki varið mig því þeir eru stórir karlmenn. Mér var hjálpað á spítalann. Nú á ég erfitt með að nota á mér höndina. Þetta er það sem gerist fyrir þá sem eru á móti yfirvöldum.“⁵⁰

13. Samantekt

Hér má sjá að viðmælendur mínir hafa ólíkar skoðanir á hugtakinu þróun en eiga það þó sameiginlegt að líta ekki á þróun sem einvörðungu jákvæðan hlut. Allir eru þeir gagnrýnir á þróun sem byggir fyrst og fremst á nývæðingu og iðnvæðingu. Viðmælendur mínir rekja upphaf náttúruverndarbaráttu sinnar til nánast meðfæddrar tilfinningar og sterkrar réttlætiskenndar. Þeir höfðu ólíka hugmyndafræði og baráttuaðferðir eftir því hvaða hópum þeir höfðu starfað með en þó áttu þeir sameiginlegt að líta á baráttu sína sem alþjóðlega og einskorða hana ekki bara við náttúruvernd.

47 e. „So the government is now in the process of militarizing the dam area, so that will be lot of military and then secret killings also are taking place in that area.“

48 e. „The army is also involved in the killing and the police is also involved in the killing.“

49 e. „The response has mostly been violence against the people who are protesting and defending their rights.“

50 s. „Los gobiernos yo tengo una problema. Mandaron un policia a pegarme a mi. Me pegó, bueno, no podía defendarme porque son varones fuertes. El Ryan me ayudo al hospital y todo eso. Mi brazo no funciona, eso es estar contra el gobierno.“

9. Umræður

Hér verður fjallað um niðurstöður rannsóknar minnar og þær settar í samhengi við kenningar um þróun, vald og andóf. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að rannsaka samspil valds og andófs þegar kemur að orðræðu þróunar og alþjóðleika þessarar orðræðu. Til þess að athuga samspil valds og andófs er viðhorf þeirra sem hafa barist gegn stóriðju og virkjanaframkvæmdum kannað. Eins og áður sagði byggja niðurstöður rannsóknarinnar á eigindlegum rannsóknaraðferðum þar sem beitt var hálf-stöðluðum viðtölum, þátttökuathugunum og óformlegum samræðum. Niðurstöður rannsóknarinnar verða hér settar í samhengi við kenningar Foucault (1980, 1991[1978]) um orðræðu og stjórnvísu, hugmyndir Ferguson og Gupta (2002) um alþjóðlega stjórnvísu og kenningar Thörn (2009) og Escobar (2005 [1992]) um andóf og grasrótahreyfingar.

1. Hugmyndir um þróun

Viðmælendur mínir höfðu ólík viðhorf til þróunar og töluðu sumir um mismun milli merkingar orðsins og hvernig það væri notað í orðræðu samfélagsins. Þeir viðmælendur sem voru jákvæðir eða hlutlausir í garð hugtaksins virtust líta á þróun sem nokkurs konar ósjálfrátt ferli, eitthvað sem á sér stað án þess að vera endilega skipulagt og fyrirfram ákveðið. Sem slík gæti þróun því bæði verið neikvæð og jákvæð. Það er í samræmi við orðabókarskilgreiningu hugtaksins. Viðmælendur mínir ræddu hins vegar líka um það að hugtakið væri notað á hlutdrægan hátt í umræðunni og væri þá notað fyrst og fremst yfir línulega þróun í anda Vesturlanda sem einkenndist af áherslu á efnahagsþróun og tæknihyggju. Escobar (1995), Porter og Sheppard (1998), Banuri (1990a) og Rajagopal (2003) hafa á svipuðum forsendum gagnrýnt

hugmyndina um þróun þar sem gert sé ráð fyrir því að þróun feli í sér að þriðja heims lönd þurfi að fylgja eftir fordæmi Vesturlanda. Nokkrir viðmælendur mínir lýstu yfir andstöðu við hugmyndina um línulega þróun og gagnrýndu hugtakið fyrir að vera álitid einfalt fyrirbæri. Einn þeirra fjallaði um að litið sé á samfélög manna á svipaðan hátt og þróun mannkynsins, þar sem sum samfélög séu álitin „frumstæðari“ en önnur. Rajagopal (2003) talar um svipaða hluti þar sem hann segir tvíhyggju ráðandi innan þróunarorðræðu, þar sem fólki sé skipt í þróaða og vanþróaða. Þessi tvíhyggja segir hann að sé afurð nýlenduhyggjunnar þar sem fólki var skipt í siðmenntaða og frumstæða.

Sá viðmælandi sem var hvað jákvæðastur gagnvart þróun og setti nær enga fyrirvara við hugtakið eða notkun þess virtist líta svo á að þróun ætti sér stað í gegn um grasrótina. Hennar skilningur á þróun var í ætt við hugmyndir Escobar (2005 [1992]) um að í stað þróunar eins og hún hefur verið skilgreind af þróunarstofnunum, væru félagslegar hreyfingar og grasrótastarf leiðin til að byggja upp samfélagið. Fleiri viðmælendur töluðu um að þróun eigi að vera stýrt neðan frá og upp, eða eins og einn viðmælandi orðaði það; „frá hinum enda lífstílsins.“ Einnig talaði hann um nauðsyn þess að upplýsingar flæði á láréttan hátt. Nokkrir viðmælendur töluðu einnig um að það sé rangt að tala um það að „þróá“ annað fólk. Ferguson (1994) hefur fjallað um nauðsyn þess að hætta að líta á þróun sem eina heild sem stjórnað er af stórum alþjóðastofnunum. Viðmælendur mínir virðast sammála þessu viðhorfi þar sem enginn þeirra talaði um að það sé nauðsynlegt að stunda þróun „ofan frá og niður“ þar sem helstu ákvarðanirnar eru teknar af stórum stofnunum og þeim komið í framkvæmd á tilteknum svæðum. Þess í stað töluðu þeir ýmist um þróun sem eitthvað sem gerist ýmist sjálfkrafa eða eigi að vera skipulögð „neðan frá.“

2. Þróun sem nývæðing

Eins og fram hefur komið er hugmyndin um þróun sem nývæðingu enn stór hluti af þróunarorðræðunni. Þar er lögð áhersla á tæknivæddar lausnir sem leið til að bjarga fólki frá fátækt og bæta lífsgæði (Escobar, 1995). Samkvæmt Ferguson (1994) hefur áherslan á tæknivæðingu þá ímynd að um sé að ræða ó-pólítísk verkefni, þó í raun séu þau þess eðlis að umbreyta samfélögum, sem í eðli sínu hlyti að teljast mjög pólitískt ferli. Viðmælendur mínir voru flestir gagnrýnir á nývæðinguna og þá tæknivæðingu sem henni fylgir. Þar var tæknivæðingin meðal annars talin leið til að viðhalda gróða, með sífelldum nýjungum sem kynntar væru á markað. Rætt var um að í tæknivæðinguna vanti framsýni, hún sé þess í stað keyrð áfram án þess að hugsað sé út í mögulegar afleiðingar. Aðrir viðmælendur mínir minntust á að tækni framfarir fælu í sér bæði neikvæða og jákvæða þætti, nauðsynlegt væri að horfa á heildarmyndina og möguleg áhrif tæknivæðingarinnar annars staðar í heiminum. Nokkur þeirra töluðu líka um að lífsgæði séu gjarnan mæld í nýjustu tækni, en flest fólk væri hrætt við að missa lífsgæði sín.

Innleiðing nýrrar tækni getur falið í sér umbreytingu á þekkingu heimamanna, sem oft eru álitnir þjáast af „afturhaldshugsun“ vilji þeir ekki taka upp þá tækni sem kynnt er inn í samfélög þeirra (Ferguson, 1994; Nygren, 1999). Að mati Rajagopal (2003) er það almennt talið að andstaða við breytingar stafi af skorti á upplýsingum, en ekki því að fólk hafi tekið upplýsta ákvörðun og sé þrátt fyrir það mótfallið tilteknum verkefnum. Unnur Birna Karlsdóttir (2010) segir fólk sem mótmælir vissum framkvæmdum fá á sig þann stimpil að vera á móti framförum, afturhaldssamt og mótfallið breytingum. Á sama tíma væru framkvæmdirnar sem þau mótmæltu álitnar tákmynd nútímans og því litið á deilurnar um þær sem árekstur milli fortíðar og nútíðar. Umræðurnar um stóriðjuframkvæmdir endurspeglar áhersluna á þróun sem nývæðingu. Það má einnig sjá í máli viðmælenda minna sem

töluðu um að því væri oft haldið fram að andstaða við virkjanir og stóriðju fæli í sér stöðnun eða afturhaldshugsun. Þau vildu hins vegar meina að það að vilja ekki vissar framkvæmdir þyrfti ekki að fela í sér afturför. Þess í stað gætu tiltekna framkvæmdir í raun hamlað framförum, og í raun hafi „framfarasinnaðasta“ fólkið fært Ísland í verra horf. Eins ræddu viðmælendur mínir um nauðsyn þess að hlusta á raddir þeirra sem eru ekki hluti af hinum neyslumiðaða lífstíl.

3. Þróun sem iðnvæðing

Eins og fram hefur komið hér að ofan eru stóriðju- og virkjanaframkvæmdir oft tengdar við hugmyndirnar um þróun og framfarir, bæði á Íslandi og annars staðar í heiminum. Stíflur eru gjarnan álitnar tákni um nútímavæðingu og mátt ríkisins (Padel og Das, 2010). Samkvæmt Unni Birnu Karlsdóttur hefur verið litið svo á að iðnaðarframleiðsla sé nauðsynlegur þáttur í þróun og nútímavæðingu Íslands. Því má sjá hugmyndafræði línulegrar þróunar í umfjöllun um stóriðju og virkjanaframkvæmdir. Viðmælendur mínir tala aftur á móti um áhersluna á virkjanir og stóriðju sem trúarbrögð og skammsýni, sem hindrun á vegi raunverulegra framfara, og sem blekkingar og hræðsluáróður.

Í rannsókn sinni á innleiðingu stjórnvísku í nýlendunum á sínum tíma fjallar Scott (2005) um það hvernig íbúar nýlendanna höfðu litið annað val en að samþykka viðtekna þekkingu nýlenduherranna og gangast undir agatækni stjórnvískunnar. Samkvæmt Foucault (1980) er stjórnvískan nátengd kapítalískum framleiðsluháttum og fer innleiðing hennar saman við útbreiðslu kapítalisma. Eins og Porter og Sheppard (1998) tala um þá fela marxískar kenningar í sér að kapítalískt hagkerfi byggist á arðráni á auðlindum og vinnuaflri þriðja heims ríkja. Þar sem slíkt hagkerfi krefst stanslauss hagvaxtar neyðist það til að leggja undir sig sífellt meira landsvæði í leit að hráefnum. Að öðrum kosti myndi

hið kapítalíska kerfi hrynja. Nokkrir af viðmælendum mínum tengdu hugtakið þróun við útbreiðslu hins kapítalíska hagkerfis og sögðu þróun vera samofna kapítalísmanum. Í anda kenninga um stjórnvísu og orðræðu þróunar gerðu þessir viðmælendur mínir einnig tengingar milli þróunar og hroka og yfirgangs Vesturlanda á þriðja heims löndum.

Eins og kemur fram í kenningum Ferguson og Gupta (2002) um alþjóðlega stjórnvísu hefur bilið milli stjórnvalda, stórfyrirtækja og alþjóðlegra stofnanna færst saman. Markaðsöfl og fjölþjóðafyrirtæki eru hluti af hinni alþjóðlegu stjórnvísu. Escobar (1995) segir þróunarstofnanir, þá sér í lagi Alþjóðabankann, úthluta fjármagni til þróunarverkefna á þann hátt að stórfyrirtæki græði oft gríðarlega á þeim. Viðmælendur mínir voru almennt séð tortryggir í garð stórfyrirtækja. Einn þeirra talaði um hvernig fyrirtæki nýti sér orðræðu um þróun og framfarir í eigin þágu, og notfæri sér í þeim tilgangi þróunarstofnanir. Aðrir viðmælendur mínir töluðu um að stórfyrirtæki hafi mikil völd í litlum samfélögum, nái valdi yfir orðræðunni þar með hræðsluáróðri og kljúfi gjarnan almenningsálitið. Eins töluðu nokkrir þeirra um að hætta sé á að samfélögin verði háð fyrirtækjunum.

Alþjóðabankinn hefur gjarnan styrkt eða lánað til framkvæmda í orkuiðnaði og samgöngum (Ferguson, 1994). Sem dæmi má nefna að bankinn lánaði til virkjanaframkvæmda fyrir álver hér á landi undir formerkjum þróunaraðstoðar (Landsvirkjun, 2009). Samkvæmt Padel og Das (2010) eru flestar virkjanir byggðar til að veita orku til stóriðju, svo sem málmbraeðslu. Oft eru virkjanirnar og stóriðjan álitin eiga að leiða af sér annars konar þróun á tilteknu svæði, svo sem aukna atvinnu en að sögn Padel og Das leiðir stóriðjuþróun oft af sér fátækt og atvinnuleysi þar sem fólk stundaði áður sjálfsþurftarbúskap. Viðmælendur mínir fjölluðu allir um þessa tengingu milli virkjana og stóriðju og töluðu margir þeirra um eyðileggjandi áhrif baxítgraftar og álframleiðslu á vistkerfi annars staðar í heiminum. Nokkur þeirra töluðu

ennfremur um mannréttindabrot sem eigi sér stað í samhengi við bákítvinnsluna, þar sem fólk sé jafnvel drepð standi það í vegi fyrir framkvæmdum. Flestir viðmælendur mínir gerðu það að umtalsefni sínu að álvinnslan sé gerð möguleg með því að selja orku framleidda á Íslandi á lágu verði.

Oliver-Smith (2002) fjallar um svokallaða þróunarflóttamenn, sem er fólk sem þurft hefur að yfirgefa heimili sín og landsvæði í þeim tilgangi að rýma fyrir þróunarverkefnum, svo sem iðnvæðingar- eða virkjanaframkvæmdum. Alla jafna er það fátækt og valdalítið fólk sem neyðist til að yfirgefa heimili sín. Nokkrir viðmælendur mínir ræddu um þessi mál. Fjórir þeirra hafa starfað með samtökum sem berjast fyrir rétti fólks til að búa áfram á landi sínu. Þau töluðu öll um að ríkisstjórnir og fyrirtæki ásælist lönd fólks undir iðnaðarframkvæmdir og borgvæðingu, svo sem olíu- og námuvinnslu, vatnsaflsvirkjanir, golfvelli og íbúðarhverfi. Aðrir viðmælendur ræddu líka um þetta; að virkjanaframkvæmdir hér á landi hafi áhrif á að fólk annars staðar í heiminum tapi landi sínu vegna bákítvinnslu. Samkvæmt Padel og Das (2010) lendir fólk sem missir landsvæði sín oft í mikilli fátækt og því virki þessi verkefni í raun öfugt við það sem tilgangur þeirra er sagður vera; að þau valdi fátækt og auki valdaleysi í stað þess að stuðla að „þróun.“

Orðræða um þróun á Íslandi snýr fyrst og fremst að þróun efnahags og atvinnu, sem og byggðapróun. Umræða um virkjanir og stóriðju er oft tengd við byggðapróun og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni, enda eru stóriðja og virkjanir álitnar stuðla að þróun afskekktara svæða (Unnur Birna Karlsdóttir, 2010; Padel og Das, 2010). Tilgangur byggðapróunar er fyrst og fremst að stuðla að því að landið sé allt í byggð og talað er um að það þurfi að stemma stigu við flutningi fólks frá dreifbýli í þéttbýli (Bjarki Jóhannesson, 1998). Þegar kemur að byggðastefnu voru viðmælendur mínir mótfallnir lausnum í formi

iðnvæðingar og stóriðju en nokkrir þeirra töluðu þess í stað um kosti fjölbreytni og smárra fyrirtækja. Einnig töluðu þeir um að fólkið þurfi að nota sitt eigið hugmyndaafli fremur en að ætlast til stórfelldra lausna frá ríkinu.

4. Þróun sem hagvöxtur

Því er oft haldið fram að þróun eigi fyrst og fremst við um afnám fátæktar, en eins og Hickey (2008) talar um er skilgreining á fátækt erfiðleikum bundin og gerir ráð fyrir að á einhverjum punkti séu til staðar skil á milli fátækra og þeirra sem ekki eru fátækir. Hann segir að margar slíkar skilgreiningar láti fátækt líta út fyrir að stafa af ópólitískum þáttum.

Lausnin við fátækt er gjarnan álitin vera aukinn hagvöxtur (Ferguson, 1994; Rajagopal, 2003). Hjá viðmælendum mínum má greina tvö viðhorf til hagvaxtar; annars vegar álíta þeir hagvöxt ekki vera lausnina á fátækt þar sem peningakerfið geri fólk í raun háð mörkuðum, og hins vegar það að náttúran setji skorður við vöxt. Bæði viðhorfin lýsa efasemdum um nauðsyn hagvaxtar og hve æskilegur hann sé. Nokkur þeirra töluðu um fátækt sem valdleysi fremur en skort á fjármagni og álíta ekki að vöxtur peningahagkerfisins leiði til afnáms fátæktar. Fremur má greina viðhorf í anda marxískra kenninga, þar sem kapítalískt kerfi er álitið undirrót fátæktar. Í kapítalísku framleiðslu-hagkerfi er aðgangur að landi bundinn því að eiga yfir fjármagni að ráða og því eru hinir landlausu háðir auðmagnseigendum og neyðast til að selja þeim vinnuafli sitt, eða svelta ella (Peet og Hartwick, 2009). Í máli viðmælenda minna kom fram að þetta ylli miklum valdamun milli fólks, og það væri undirrót fátæktar. Lausnina við raunverulegum skorti væri hins vegar ekki að finna í formi peninga. Þetta er í samræmi við það sem Lappé, Collins og Rosset (1998 [1986]) halda fram, að fátækt sé í raun einkenni valdaleysis og til að afnema hana þurfi að umbylta

valdaformgerðum. Hitt viðhorfið til hagvaxtar, það að náttúran setji skorður við vöxt vegna þess að hráefni væru takmörkuð, var ríkjandi meðal viðmælanda minna. Sú hugmynd er í samhengi við ályktanir Stokkhólmsráðstefnunnar frá 1972 þar sem kveðið var úr um að hagvöxtur gæti ekki verið óendanlegur vegna takmarkaðra náttúrugæða. Þetta var kveikjan að hugtakinu sjálfbær þróun (Rajagopal, 2003).

5. Sjálfbær þróun

Ágengni á umhverfið er óhjákvæmilegur fylgifiskur hagvaxtar og iðnvæðingar. Að sögn Rajagopal (2003) bitna umhverfisvandamál einna helst á fátæku fólki í þriðja heiminum, þá sér í lagi á fólki sem býr í dreifbýli. Sökum þessa hefur harðasta gagnrýnin á þróun komið frá náttúruverndarsinum, sem og smábændum og landlausum í þriðja heims löndum. Til þess að koma til móts við þá gagnrýni að hagvöxtur gæti ekki verið óendanlegur vegna ágengni á auðlindir sem honum fylgir, var sett fram hugtakið sjálfbær þróun (Rajagopal, 2003). Í skýrslu *World Commission on Economic Development* var sjálfbær þróun skilgreind svo: „Sjálfbær þróun er þróun sem mætir þörfum nútímans án þess að setja í hættu möguleika komandi kynslóða á að mæta sínum eigin þörfum“ (WCED, 1987). Nokkrir af viðmælendum mínum voru jákvæðir í garð sjálfbærrar þróunar, og litu svo á að hana beri að hafa að leiðarljósi. Þar virðast þeir leggja höfuðáherslu á að sjálfbærni merki að ekki sé gengið á „höfuðstól náttúrunnar“ eins og einn viðmælandi minn orðaði það. Þeir bentu einnig á að hægt sé að misnota hugtakið. Einn viðmælandi sagði orðræðu umhverfisverndar jafnvel vera nýtt af fyrirtækjum í þeim tilgangi að ásælast landsvæði, allir séu nú orðnir „grænir“ þó ef til vill sé það aðeins í orði kveðnu. Þetta er í samhengi við það sem Everett (1997) heldur fram, að sjálfbær þróun sé fremur óljóst hugtak, sem stundum sé einungis notað í þeim tilgangi að koma tilteknum verkefnum í gegn. Einn viðmælandi minn

skildi til að mynda hugmyndina um sjálfbæra þróun á svipaðan hátt og Escobar (1995) og Rajagopal (2003), þ.e að sjálfbær þróun eigi í raun við um hvernig hægt sé að viðhalda hagvexti með takmörkuðum náttúrugæðum fremur en um verndun náttúrunnar.

6. Andóf gegn þróun

Samkvæmt skilgreiningu Thörn (2009) telst Saving Iceland til hinna svokölluðu nýju, félagslegu hreyfinga þar sem einkenni þeirra er að vinna bæði innan og utan kerfisins og beita ýmsum aðferðum, þar á meðal beinum aðgerðum og borgaralegri óhlýðni. Sól á Suðurlandi er hins vegar öllu hefðbundnari í sínu andófi, þar sem aðal áherslan er lögð á miðlun upplýsinga og vekja athygli á málstaðnum, en hreyfingin starfar að öllu leyti innan „kerfis.“

Hinar nýju, félagslegu hreyfingar leggja ekki mikla áherslu á að ná fram málum í gegn um hefðbundna, pólitíska strúktúra, heldur reyna fremur að öðlast sjálfræði frá þeim eða hafa áhrif með beinum aðgerðum, til að mynda gegn fyrirtækjum og alþjóðlegum stofnunum. Samkvæmt Graeber (2004) beinist baráttan meðal annars gegn alþjóðlegum stofnunum á borð við Bretton-Woods stofnanirnar og Alþjóðaviðskiptastofnunina. Einnig hefur hún beinst gegn fjölmörgum alþjóðlegum fyrirtækjum. Ef hugmynd Gupta og Ferguson (2002) um alþjóðlega stjórnvísu er skoðuð í þessu samhengi má líta svo á að hinar nýju, félagslegu hreyfingar hafi sprottið fram sem andóf gegn alþjóðlegri stjórnvísu sem birtist ekki síst í starfsemi alþjóðastofnana og alþjóðlegra fyrirtækja. Ef við notumst við hugmynd Abu-Lughod (1990) um andóf sem leið til að greina vald má sjá hvernig valdastrúktúrar hinnar alþjóðlegu stjórnvísu liggja út frá því hvernig andóf er stundað gegn þeim.

Samkvæmt Escobar (2005 [1992]) hafa hinar nýju, félagslegu

hreyfingar reynt að skapa sér sjálfræði frá ríkinu og mætti skilgreina þær sem ný-anarkískar hreyfingar. Þessar hreyfingar byggja oftast á láréttum valdastrúktúrum þar sem ákvarðanir eru teknar með upplýstu samþykki allra þeirra sem að þeim koma. Rajagopal (2003) segir að innan þessara hreyfinga sameinist fólk úr ólíkum sviðum samfélagsins gegn kapítalísku valdakerfi og fyrir frelsi og sjálfræði. Er þar um að ræða mjög ólíkar hreyfingar, líkt og hústökufólk, smábændur, femínista og náttúruverndarsinna. Þetta kemur heim og saman við það sem kom fram í viðtölum mínum við fólk sem starfað hafði með Saving Iceland. Þau töluðu ýmist um sína baráttu sem anarkíska eða and-kapítalíska, eða bæði. Það endurspeglast í því að fæst þeirra einangra baráttu sína við náttúruvernd, heldur hafa verið virk í annars konar baráttu einnig. Einn viðmælenda minna talaði t.d um að það sé lögð áhersla á að lifa í baráttu og að daglegt líf sé ekki aðskilið frá henni. Annar ræddi um nauðsyn þess að yfirfæra hugsjónir sínar yfir á eigin samskipti, til að mynda jafnréttishugsjónina. Frelsi og lárétt vald eru gegnumgangandi hugmyndir í viðtölunum. Viðmælendur frá Sól á Suðurlandi töluðu líka um önnur baráttumál sín, svo sem fyrir friði og jafnrétti. Þeir lögðu þó minni áherslu á algjöra umbyltingu samfélagsins og nauðsyn þess að lifa í baráttu. Allir viðmælendur mínir röktu þó upphaf baráttu sinnar til sterkar tilfinningar um hvað sé rétt og rangt. Margir þeirra töluðu einnig um frelsishugsjón sem stóran þátt í því.

7. Hnatrænt eða staðbundið andóf

Annað einkenni á hinum nýju, félagslegu hreyfingum, samkvæmt Thörn (2009) er alþjóðleiki þeirra, en þessar hreyfingar spretta fram í kjölfar hnattvæðingarinnar og byggja gjarnan á tengslum milli Vesturlanda og þriðja heimsins. Þetta á einnig við um Saving Iceland, sem hefur frá upphafi sótt mikið af sínum fylgismönnum erlendis frá, fengið stuðning þaðan og einnig stutt aðrar hreyfingar erlendis. Þetta

endurspegladist í máli þeirra sem starfað höfðu með hreyfingunni, en þar kom meðal annars fram að hugmyndin um landamæri samræmdist ekki frelsishugsjóninni. Sól á Suðurlandi stundar staðbundnari baráttu en þrátt fyrir það fjölluðu viðmælendur mínir sem starfað höfðu með samtökunum um sín baráttumál sem hluta af stærri heild. Þeir höfðu þó fyrst og fremst beitt sér fyrir verndun náttúru á sínu heimasvæði. Þessir viðmælendur litu á náttúruverndarbaráttu sem hluta af menningu sveitar sinnar. Eins og Padel og Das (2010) tala um geta menningarleg tengsl fólks við land sitt verið stór þáttur í vilja þeirra til að vernda náttúruna. Þrátt fyrir að fjalla um að menning hafi áhrif á sýn þeirra og virðingu fyrir náttúrunni töluðu viðmælendur mínir ekki um að hafa notast við menningu í sinni eigin baráttu. Því er ekki um að ræða að menning sé notuð sem baráttuaðferð, eins og Rajagopal (2003) og Everett (1997) fjalla um að sé ein þeirra leiða sem fólki standi opin til að stunda andóf. Unnur Birna Karlsdóttir (2010) segir þjóðernistákn hafi verið notuð í náttúruverndarbaráttu hér á landi en enginn viðmælenda minna talaði um að hafa nýtt sér þau í sinni eigin baráttu.

8. Fjölmiðlar

Kenningar Marx og Engels (1983 [1932]) og Gramsci (1971 [1951]) gera ráð fyrir því að valdastéttin hafi vald yfir framsetningu menningar í krafti auðmagns síns. Þannig eru ríkjandi hugmyndir hvers tíma í raun hugmyndir ríkjandi stéttar. Þessa hugmynd má sjá í viðhorfi viðmælenda minna til fjölmiðla, þar sem flestum fannst umfjöllun um stóriðju og atvinnusköpun fá mun meira vægi en náttúruvernd, svo eitthvað sé nefnt. Ennfremur nefndu nokkrir þeirra að aðgangur að fjármagni hefði þarna sitt að segja, þar sem áhugafólk sem notaði frítíma sinn í að koma vissum sjónarmiðum á framfæri væru að leika ójafnan leik við aðila og fyrirtæki sem hefðu upplýsingafulltrúa í fullri vinnu við að koma upplýsingum á framfæri. Þar sem fréttastofum væri

stýrt af markaðsöflum væri ekkert pláss fyrir gagnrýna umræðu á stóru fjölmiðlunum.

Said (1978) heldur því fram að þessi valdamunur í framsetningu eigi sér einnig stað á milli mismunandi heimshluta, þar sem Vesturlönd móti orðræðu um Austurlönd sem að miklu leyti byggji á ímyndun hinna fyrrnefndu. Escobar (1995) og Rajagopal (2003) nefna að hið sama gildi um framsetningu Vesturlanda á þriðja heiminum. Einn af viðmælendum mínum fjallar einnig um þetta, og segir allar stærstu fjölmiðlasamsteypur heims staðsettar á Vesturlöndum og þó þær flyttu fréttir frá þriðja heims löndum væri það út frá vestrænu sjónarhorni þar sem skorti á að hlutir séu settir í samhengi.

9. Viðbrögð við andófi

Viðbrögð við andófi lýsa sér oft í ófrægingu þeirra sem stunda það, en einnig í beinum líkamsmeiðingum, hótunum og jafnvel morðum. Ófrægingin felst meðal annars í því að stimpla þá sem berjast gegn tilteknum framkvæmdum sem „á móti þróun“ eða „atvinnu-mótmælendur“ og reyna með því að skapa ímynd af þeim sem auðnuleysingjum í augum vinnandi fólks (Padel og Das, 2010, Thörn, 2009). Viðmælendur mínir töluðu um að viðbrögð fólks við andófi þeirra hafi verið á þessa leið, þeir hafi fengið stimpil á sig um að vera á móti þróun og framförum og mætt skilningsleysi almennings á því að nokkur sé tilbúinn til að eyða sumarfríinu sínu í andóf gegn stóriðju. Viðmælandi minn frá Filippseyjum talaði um að neikvæð orðræða um kommúnisma sé notuð gegn þeim sem berjast fyrir landréttindum. Annar viðmælandi frá Indlandi talaði um að þeir sem berjast gegn virkjanaframkvæmdum og námuvinnslu séu sagðir á móti þróun og jafnvel kallaðir þróunar-hryðjuverkamenn (e. development terrorist). Viðmælendur mínir ræddu þó einnig um jákvæð viðbrögð frá almenningi og að þau fái hrós fyrir að vera dugleg og staðföst.

Viðbrögð stjórnvalda og fyrirtækja gagnvart þeim sem mótmæla tilteknum framkvæmdum virðast oft fela í sér beina valdbeitingu. Padel og Das (2010) fjalla um það hvernig lögregla og her landsins séu notuð í þeim tilgangi að berja niður andóf gegn stóriðjuframkvæmdum og tala þeir um að yfirvöld taki algera afstöðu með fyrirtækjunum í þessum deilum. Oliver-Smith (2002) talar um að slíkt hið sama hafi átt sér stað víða þar sem fólk hafi þurft að yfirgefa heimili sín eða landsvæði vegna framkvæmda. Viðmælendur mínir frá þriðja heims löndum ræddu allir um ofbeldi sem beint sé gegn aktívistum og tveir þeirra töluðu um að aktívistar séu myrtir eða látnir hverfa. Ofbeldið sé stundað af hálfu stjórnvalda í þeim tilgangi að auðvelda fyrirtækjum að hefja framkvæmdir á svæðunum. Tveir viðmælendur mínir töluðu um mun á þriðja heims löndum og Vesturlöndum þegar kemur að viðbrögðum yfirvalda við andófi. Á Vesturlöndum sé meira um það að fyrirtæki reyni að halda ímynd sinni jákvæðri og reyni því fremur að þagga niður í andófi, eða samþykkja kröfur þess í orði. Einn viðmælenda minna talaði um þetta sem yfirtöku hugans (e. mind colonization). Viðbrögð yfirvalda við andófi á Vesturlöndum virðast einnig fela í sér valdbeitingu, svo sem „fyrirbyggjandi“ handtökur (Rajagopal, 2003), ógnun með vopnavaldi (Oliver-Smith, 2002) og harðræði lögreglu (Padel og Das, 2010). Viðmælendur mínir sem höfðu starfað með Saving Iceland töluðu allir um harðræði lögreglunnar í sinn garð frá upphafi og að það hafi greinilega verið tilgangurinn að reyna að kæfa andófið í fæðingu. Þau fjölluðu öll um að viðbrögðin hafi ekki verið í samræmi við það hve friðsöm mótmælin hafi verið í raun.

10. Samantekt

Eins og sjá má í niðurstöðunum eru flestir viðmælendur mínir gagnrýnir á línulega þróun og þróun í skilningnum nývæðing og iðnvæðing. Viðhorf þeirra til hugtaksins þróun eru þó ólík og fela í sér að þeir líti

bæði á þróun sem jákvæðan og neikvæðan hlut. Athyglisvert er að skoða niðurstöðurnar í ljósi kenninga Foucault um orðræðu og stjórnvísu en með því móti má greina vald þróunar. Orðræðuna má sjá í því að margir viðmælendur mínir álitu þróun hafa yfir sér nokkuð jákvætt yfirbragð, þrátt fyrir að þeir væru gagnrýnir á suma þætti hennar. Alþjóðleiki þessarar orðræðu er sýnilegur í því að viðmælendur mínir frá þriðja heims löndum tala um sambærilega hluti og þeir sem eru frá Vesturlöndum. Stjórnvísu þróunar má aftur á móti sjá í því valdi sem þróunarstofnanir og markaðsöfl hafa yfir framkvæmd þróunarverkefna. Enda eru það þessir þættir sem andóf viðmælenda minna beinist gegn fremur en þjóðríkið sem slíkt, en þá fyrst og fremst er því beint gegn alþjóðlegum stórfyrirtækjum. Vald ríkisins og fyrirtækja er hins vegar sýnilegt í viðbrögðum við andófinu.

10. Lokaorð

Hér hefur verið fjallað um orðræðu þróunar og andóf gegn henni út frá þeirri kenningu Foucault að vald og andóf standi sem andstæður hvort við annað. Markmið rannsóknarinnar var að hluta til að draga fram alþjóðleika þróunarorðræðunnar og því ræddi ég við fólk víðs vegar að úr heiminum sem eiga það sameiginlegt að hafa stundað andóf af einhverjum toga gegn „þróunarverkefnum,“ þá einna helst þeim sem miðuðu að uppbyggingu stóriðju. Viðmælendur mínir tala um svipaða hluti, hvort sem þeir eru fæddir og uppaldir á Íslandi eða í þriðja heims löndum, sem ber vitni um þær alþjóðlegu tengingar sem hér er að finna. Því er ekki annað að sjá en að orðræða þróunar á Íslandi sé að einhverju leyti sambærileg við þá orðræðu sem á sér stað í þriðja heims löndum, þrátt fyrir að Ísland teljist til „þróaðra“ landa.

Eitt af markmiðunum með þessari rannsókn var að kanna viðhorf til þróunar meðal þeirra sem andæfa verkefnum sem þróunarorðræðan birtist meðal annars í. Viðmælendur mínir höfðu bæði jákvæða og neikvæða sýn á þróun enda er hugtakið bæði flókið og umdeilt. Greina mátti meðal þeirra gagnrýna sýn á þróun sem nývæðingu og þróun sem iðnvæðingu. Upphaf náttúruverndarbaráttu þeirra má rekja til uppvaxtar flestra og réttlætistilfinningar. Þau eru öll gagnrýnin á þróun sem byggir á stóriðjuframkvæmdum og mikilli áherslu á hagvöxt. Á Íslandi er áherslan gjarnan lögð á byggðaðþróun en enginn viðmælenda minna var á því að stórtækar lausnir með áherslu á stóriðju væri nauðsynlegur eða æskilegur þáttur þegar kæmi að atvinnuþróun landsbyggðarinnar.

Baráttumál og hugmyndafræði þeirra sem unnið hafa með Saving Iceland eru í anda hinna nýju, félagslegu hreyfinga að því leyti að aðgerðir hreyfingarinnar beinast að miklu leyti gegn fyrirtækjum og hugmyndafræði hreyfingarinnar felur í sér sjálfræði frá ríkinu í stað

Þess að reyna að ná fram breytingum í gegn um stofnanir ríkisins. Þetta er ólíkt Sól á Suðurlandi sem reynir fyrst og fremst að ná fram breytingum með því að hafa áhrif á kjörna fulltrúa. Meðal viðmælenda minna kom fram að hnattrænar tengingar skipti miklu máli fyrir framkvæmd andófs. Því er alþjóðleika þróunarorðræðunnar ekki einungis að finna meðal valdamikilla stofnanna og markaðsafla, heldur einnig í andófi gegn þróun og endurspeglast í tengingum og samvinnu milli grasrótahreyfinga frá ólíkum stöðum í heiminum.

Eins og áður sagði var markmið rannsóknarinnar fyrst og fremst að kanna samspil valds og andófs innan orðræðu og framkvæmdar þróunar. Kenningar Ferguson og Gupta um alþjóðlega stjórnvísu voru notaðar til þess að greina vald yfir framkvæmd þróunar víða um heim. Eins og þeir tala um eru stórfyrirtæki og markaðsöfl einnig hluti hinnar alþjóðlegu stjórnvísu en barátta viðmælenda minna snýr ekki síst að fyrirtækjum. Stýringu og vald stjórnvísunnar má sjá í viðbrögðum við andófinu en þau fela ýmist í sér ófrægingu þeirra sem standa í vegi fyrir þeim eða beina valdbeitingu gegn þeim.

11. Heimildir

- Abu-Lughod, L. (1990). The Romance of Resistance: Tracing Transformations of Power Through Bedouin Women. *American Ethnologist*, 17(1), 41-55.
- Amnesty International (2000). *Global Trade, Labour and Human Rights*. London: Amnesty International.
- Appadurai, A. (1990). Technology and the Reproduction of Values in North-Eastern India. Í F. Apffel Marglin og S.A. Marglin (ritstj.), *Dominating Knowledge: Development, Culture and Resistance* (bls. 183-216). Oxford: Claredon Press.
- Autumn, S. (1996). Anthropologists, Development and Situated Truth. *Human Organization*, 55(4), 480-484.
- Árni Böðvarsson (ritstj.) (1983). Íslensk orðabók (2. útgáfa). Reykjavík: Bókaútgáfa menningarsjóðs.
- Banerjee, S. (1999). Who Sustains Whose Development? Sustainable Development and the Reinvention of Nature. *Organization Studies*, 24(1), 143-180.
- Banuri, T. (1990a). Development and the Politics of Knowledge: A Critical Interpretation of the Social Role of Modernization Theories in the Development of the Third World. Í F. Apffel Marglin og S.A. Marglin (ritstj.), *Dominating Knowledge: Development, Culture and Resistance* (bls. 29-72). Oxford: Claredon Press.
- Banuri, T. (1990b). Modernization and its Discontents: A Cultural Perspective on the Theories of Development. Í F. Apffel Marglin og

S.A. Marglin (ritstj.), *Dominating Knowledge: Development, Culture and Resistance* (bls. 73-101). Oxford: Claredon Press.

Barnard, A. og Spencer, J. (ritstj.) (1996). *Encyclopedia of Social and Cultural Anthropology*. London/New York: Routledge.

Barnett, T. og Whiteside, A. (2006). *AIDS in the Twenty First Century: Disease and Globalization*. New York: Palgrave Macmillan.

Barry, A., Osborne, T. og Rose, N. (1996). *Foucault and Political Reason: Liberalism, Neo-liberalism, and Rationalities of Government*. London: UCL Press.

Bennett, T. (1986). Popular Culture and the Turn to Gramsci. Í T. Bennett, C. Mercer og J. Woollacott (ritstj.), *Popular Culture and Social Relations* (bls. 217-223). Philadelphia: Open University Press.

Bjarki Jóhannesson (1998). *Breyttir atvinnuhættir og byggðapróun*. Sótt á vef Byggðastofnunar, 2. mars 2011. Slóð:
http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/breyttir_atvh.pdf.

Boughton, J.M. (2001). *Silent Revolution: The International Monetary Fund 1979-1989*. Washington: International Monetary Fund.

Bourdieu, P. (1977 [1972]). *Outline of a Theory of Practice*. (Richard Nice þýddi úr frönsku). Cambridge: Cambridge University Press.

Brock, K. og Pettit, J. (2007). *Springs of Participation: Creating and Evolving Methods for Participatory Development*. Brighton: Institute of Development Studies.

Brysk, A. (2005). *Human Rights and Private Wrongs: Constructing Global Civil Society*. New York/London: Routledge.

- Burnside, C. og Dollar, D. (2000). Aid, Policies and Growth. *The American Economic Review*, 90(4), 847-868.
- Byggðastofnun (2009). *Byggðaðpróun: Ástand og horfur. Fylgirit með tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun.
- Bøås, M. og McNeill, D. (2003). *Multilateral Institutions: A Critical Introduction*. London: Pluto Press.
- Carlsen, L. (2008). Armoring NAFTA: The Battleground for Mexico. *NACLA Report on the Americas*, 41(5), 17-24.
- Cody, F. (2009). Inscribing Subjects to Citizenship: Petitions, Literary Activism, and the Performativity of Signature in Rural Tamil India. *Cultural Anthropology*, 24(3), 347-380.
- Crewe, E. og Harrison, E. (2005 [1998]). Seeing Culture as a Barrier. Í M. Edelman og A. Haugerud (ritstj.), *The Anthropology of Development and Globalization: From Classical Political Economy to Contemporary Neoliberalism* (bls. 232-234). Oxford: Blackwell Publishing.
- Dean, M. (1996). Foucault, Government and the Enfolding of Authority. Í A. Barry, T. Osborne og N. Rose (ritstj.), *Foucault and Political Reason: Liberalism, Neo-liberalism, and Rationalities of Government* (bls. 211-224). London: UCL Press.
- Desmarais, A. (2003). *'The WTO... will meet somewhere, sometime. And we will be there!'* Ottawa: The North-South Institute.
- Elmhirst, R. og Resurreccion, B. (2008). *Gender and Natural Resource Management: Livelihoods, Mobility and Interventions*. London: Earthscan.

- Eriksen, T. H. (2002). *Ethnicity and Nationalism: Anthropological Perspectives*. London: Pluto Press.
- Escobar, A. (1995). *Encountering Development: The Making and Unmaking of the Third World*. Princeton: Princeton University Press.
- Escobar, A. (2005 [1992]). Imagining a Post-Development Era. Í M. Edelman og A. Haugerud (ritstj.), *The Anthropology of Development and Globalization: From Classical Political Economy to Contemporary Neoliberalism* (bls. 341-351). Oxford: Blackwell Publishing.
- Everett, M. (1997). The Ghost in the Machine: Agency in Poststructural Critiques of Development. *Anthropological Quarterly*, 70(3), 137-151.
- Ferguson, J. (1994). *The Anti-Politics Machine: 'Development', Depoliticization, and Bureaucratic Power in Lesotho*. Minneapolis/London: University of Minnesota Press.
- Ferguson, J. og Gupta, A. (2002). Spatializing States: Toward and Ethnography of Neoliberal Governmentality. *American Ethnologist*, 29(4), 981-1002.
- Fife, W. (2005). *Doing Fieldwork: Ethnographic Methods for Research in Developing Countries and Beyond*. London: Palgrave MacMillan.
- Foucault, M. (1977). Truth and Power. Í C. Gordon (ritstj.), *Power/Knowledge: Selected Interviews and Other Writings 1972-1977* (bls. 109-133). (C. Gordon, L. Marshall, J. Mepham og K. Soper þýddu úr frönsku). Brighton: The Harvester Press.
- Foucault, M. (1980). *The Will to Knowledge: The History of Sexuality. Volume 1*. (R. Hurley þýddi úr frönsku). London: Penguin Books.

Foucault, M. (1991 [1978]). Governmentality. Í G. Burchell, C. Gordon og P. Miller (ritstj.), *The Foucault Effect, Studies in Governmentality* (bls. 87-105). (R. Braidotti þýddi úr frönsku). Chicago: University of Chicago Press.

Freeman, R.B. (2003). *Trade Wars: The Exaggerated Impact of Trade in Economic Debate. Research Paper 2003/42*. Sótt af vef University of Nottingham, 15. mars 2009. Slóð:
http://www.nottingham.ac.uk/economics/leverhulme/research_papers/03_42.pdf.

Friedrichs, D.O. (2007). White Collar Crime in a Postmodern, Globalized World. Í H.N. Pontell og G. Geis (ritstj.), *International Handbook of White-Collar and Corporate Crime* (bls. 163-184). New York: Springer.

Ghosh, K. (2006). Between Global Flows and Local Dams: Indigenusness, Locality, and the Transnational Sphere in Jharkhand, India. *Cultural Anthropology*, 21(4), 501-534.

Gledhill, J. (2005 [2001]). 'Disappearing the Poor?' A Critique of the New Wisdoms of Social Democracy in an Age of Globalization. Í M. Edelman og A. Haugerud (ritstj.), *The Anthropology of Development and Globalization: From Classical Political Economy to Contemporary Neoliberalism* (bls. 382-390). Oxford: Blackwell Publishing.

Graeber, D. (2004). *Fragments of an Anarchist Anthropology*. Chicago: Prickly Paradigm Press.

Graeber, D. (2005 [2001]). The Globalization Movement: Some Points of Clarification. Í M. Edelman og A. Haugerud (ritstj.), *The Anthropology of Development and Globalization: From Classical*

Political Economy to Contemporary Neoliberalism (bls. 169-172).
Oxford: Blackwell Publishing.

Gramsci, A. (1971 [1951]). *Selection from Prison Notebooks*. (G. Hoare og G. Nowell-Smith þýddu úr ítölsku). London: Lawrence & Wishart.

Guðmundur Páll Ólafsson (2007). *Þjórsárver*. Reykjavík: Mál og menning.

Hammersley, M. og Atkinson, P. (2007). *Ethnography: Principles in Practice*. New York: Routledge.

Hannerz, U. (2010). *Anthropology's World: Life in a Twenty-First Century Discipline*. London/New York: Pluto Press.

Hickey, S. (2008). The Return of Politics in Development Studies I: Getting Lost Within the Poverty Agenda? *Progress in Development Studies*, 8(4), 349–358.

Hickey, S. (2009). The Return of Politics in Development Studies II: Capturing the Political? *Progress in Development Studies*, 9(2), 141–52.

Howell, J. og Pearce, J. (2003). The Concept of Civil Society. Í B. Pratt (ritstj.), *Changing Expectations? The Concept and Practice of Civil Society in International Development* (bls. 11-42). Oxford: INTRAC Publication.

ICFTU (2002). *The Social Dimensions of Globalisation*. Sótt á vef ICFTU, 16. mars 2009. Slóð: <http://www.icftu.org/displaydocument.asp?Index=991215023&Language=EN>.

Inda, J. X. (2005). *Anthropology of Modernity: Foucault, Governmentality and Life Politics*. Oxford: Blackwell Publishing.

- Íris Ellenberger (2007). *Íslandskvikmyndir 1916-1966: Ímyndir, sjálfsmynd og vald*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Ívar Jónsson (2001). Societal Paradigms and Rural Development: A Theoretical Framework for Comparative Studies. Í L. Granberg, I. Kovách og H. Tovey (ritstj.), *Europe's Green Ring* (bls. 330-356). Sydney: Ashgate.
- Jónína Einarsdóttir (2007). Partnership and Post War Guinea-Bissau. *African Journal of International Affairs*, 10(1-2), 93-112.
- Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir (2007). *Afríka sunnan Sahara í brennidepli*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Afríka 20:20.
- Kaufmann, D. (2004). Corruption Matters: Evidence-Based Challenge to Orthodoxy. *Journal of Development Policy and Practice*, 1(1), 1-25.
- Klein, N. (2007). *The Shock Doctrine*. London: Penguin Books.
- Kristín Loftsdóttir (2007). Furðulönd í fjarska: Ímyndir Afríku á Íslandi. Í Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir (ritstj.), *Afríka sunnan Sahara í brennidepli* (bls. 259-279). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Afríka 20:20.
- Landsvirkjun (2009). *Skýrsla um samfélagsábyrgð: Grunnur að nútíma lífsgæðum*. Sótt á vef Landsvirkjunar 20. mars 2011. Slóð: <http://www.landsvirkjun.is/media/um-landsvirkjun/Samfelagsabyrgd7.pdf>.
- Lappé, F.M., Collins, J. og Rosset, P. (1998 [1986]). *World Hunger: 12 Myths*. New York: Grove Press.
- Marcus, G.E. (1999). What is at Stake – and is not – in the Idea and Practice of Multi-sited Ethnography. *Canberra Anthropology*, 22(2),

618-621.

Marx, K. og Engels, F. (1983 [1932]). *Þýska hugmyndafræðin: Feuerbach, Andstæður efnishyggju og hughyggju*. (Gestur Guðmundsson þýddi úr þýsku). Reykjavík: Mál og Menning.

McCord, G., Sachs, J. og Woo, W.T. (2005). Understanding African Poverty: Beyond the Washington Consensus to the Millennium Development Goals Approach. Í J.J. Teunissen og A. Akkerman (ritstj.), *Africa in the World Economy: The National, Regional and International Challenges* (bls. 23-43). The Hague: Fondad.

McNay, L. (1992). *Foucault and Feminism*. Cambridge: Polity Press.

Nelson, N. og Wright, S. (ritstj.) (1995). *Power and Participatory Development: Theory and Practice*. London: Intermediate Technology Publications.

Newell, P. (2000). Environmental NGOs and Globalization: The Governance of TNCs. Í R. Cohen og S.M. Rai (ritstj.), *Global Social Movements* (bls. 117-133). London/New Brunswick: Athlone Press.

Nordström, A., Edejer, I. og Evans, D. (2007). What Will it Cost to Attain the Health MDGs? *Bulletin of the World Health Organization*, 85(4), 246.

Nygren, A. (1999). Local Knowledge in the Environment Development Discourse: From Dichotomies to Situated Knowledges. *Critique of Anthropology*, 19, 267-288.

Oliver-Smith, A. (2001). *Displacement, Resistance and the Critique of Development: From the Grass Roots to the Global*. Oxford: Refugee Studies Centre.

- Padel, F. og Das, S. (2010). *Out of this Earth: East India Adivasis and the Aluminium Cartel*. Hyderabad: Orient Black Swan.
- Pearson, R. (2005). The Rise and Rise of Gender and Development. Í U. Kothari (ritstj.), *A Radical History of Development Studies: Individuals, Institutions and Ideologies* (bls. 157-179). London/New York: Zed Books.
- Peet, R. og Hartwick, E. (2009). *Theories of Development: Contentions, Arguments, Alternatives*. New York/London: The Guilford Press.
- Porter, P.W. og Sheppard, E.S. (1998). *A World of Difference: Society, Nature, Development*. New York/London: The Guilford Press.
- Priest, H., Roberts, P. og Woods, L. (2003). An Overview of Three Different Approaches to the Interpretation of Qualitative Data. *Nurse Researcher*, 10(1), 30-41.
- Rajagopal, B. (2003). *International Law from Below: Development, Social Movements and Third World Resistance*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Redfield, P. (2005). Foucault in the Tropics: Displacing the Panopticon. Í J.X. Inda (ritstj.), *Anthropology of Modernity: Foucault, Governmentality and Life Politics* (bls. 50-79). Oxford: Blackwell Publishing.
- Riddell, R.C. (2007). *Does Foreign Aid Really Work?* Oxford: Oxford University Press.
- Robb, C. (2004). Changing Power Relations in the History of Aid. Í L. Groves og R. Hinton (ritstj.), *Inclusive Aid: Changing Power and Relationships in International Development* (bls. 21-41). London: Earthscan.

- Rofel, L. (2001). Rethinking Modernity: Space and Factory Discipline in China. Í A. Gupta og J. Ferguson (ritstj.), *Culture, Power, Place: Explorations in Critical Anthropology* (bls. 155-178). Durham/London: Duke University Press.
- Rogerson, A., Hewitt, A. og Waldenberg, D. (2004). *The International Aid System 2005-2010: Forces For and Against Change. Working Paper* 235. Sótt á vef Overseas Development Institute (ODI), 20. janúar 2010. Slóð: <http://www.odi.org.uk/resources/download/1375.pdf>.
- Rose, N. (1996). Governing 'Advanced' Liberal Democracies. Í A. Barry, T. Osborne og N. Rose (ritstj.), *Foucault and Political Reason: Liberalism, Neo-liberalism, and Rationalities of Government* (bls. 37-49). London: UCL Press.
- Rothe, D. og Mullins, C.W. (2009). Toward a Criminology of International Criminal Law: An Integrated Theory of International Criminal Violations. *International Journal of Comparative and Applied Criminal Justice*, 33(1), 97-116.
- Sachs, J. (2005). *The End of Poverty: Economic Possibilities for Our Time*. London: Penguin Books.
- Said, E. (1978). *Orientalism*. London: Penguin Books.
- Saving Iceland (2007). *SI Conference Declaration*. Sótt af vef Saving Iceland, 25. mars 2011. Slóð: <http://www.savingiceland.org/about/declaration2007/>.
- Scheper-Hughes, N. (1995). The Primacy of the Ethical: Propositions for a Militant Anthropology. *Current Anthropology*, 36(3), 415-20, 438-40.
- Schwegler, T.A. (2008). Take it from the Top (Down)? Rethinking

Neoliberalism and Political Hierarchy in Mexico. *American Ethnologist*, 35(4), 682-700.

Scott, D. (2005). Colonial Governmentality. Í J.X. Inda (ritstj.), *Anthropology of Modernity: Foucault, Governmentality and Life Politics* (bls. 23-49). Oxford: Blackwell Publishing.

Sharma, A. (2006). Crossbreeding Institutions, Breeding Struggle: Women's Empowerment, Neoliberal Governmentality, and State (Re)Formation in India. *Cultural Anthropology*, 21(1), 60-95.

Silvey, R. (2010). Development Geography: Politics and 'the State' Under Crisis. *Progress in Human Geography*, 34(6), 828-834.

Singh, S. (2009). Global Food Crisis: Magnitude, Causes and Policy Measures. *International Journal of Social Economics*, 36 (1-2), 23-36.

Steinunn Hrafnisdóttir (2008). Stefna Íslands gagnvart alþjóðlegum frjálsum félagasamtökum. Í Valur Ingimundarson (ritstj.), *Uppbrot hugmyndakerfis: Endurmótun íslenskrar utanríkisstefnu 1991-2007* (bls. 373-390). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Stiglitz, J. (2002). *Globalisation and its Discontents*. London: Penguin Books.

Suddaby, R. (2006). What Grounded Theory is Not. *Academy of Management Journal*, 49(4), 633-642.

Taussig, M.T. (1980). *The Devil and Commodity Fetishism in South-America*. Chapel Hill: The University of North Carolina Press.

Thorbecke, E. (2002). The Evolution of the Development Doctrine and the Role of Foreign Aid, 1950-2000. Í F. Tarp (ritstj.), *Foreign Aid and*

Development. Lessons Learnt and Directions for the Future (bls. 17-47). London: Routledge.

Thörn, H. (2009). *Anti-Apartheid and the Emergence of a Global Civil Society*. London: Palgrave MacMillan.

Turner, T. (1995). An Indigenous People's Struggle for Socially Equitable and Ecologically Sustainable Production: The Kayapo Revolt Against Extractivism. *Journal of Latin American Anthropology*, 1(1), 98-121.

Tvedt, T. (1998). *Angels of Mercy or Development Diplomats? NGOs and Foreign Aid*. Asmara: Africa World Press.

UNDP (2005). *Human Development Report 2005. International Cooperation at a Crossroads: Aid, Trade and Security in an Unequal World*. Sótt af vef UNDP, 16. mars 2009. Slóð: <http://hdr.undp.org/en/reports/global/hdr2005/>.

UNDP (2010). *Human Development Reports*. Sótt af vef UNDP, 6. mars 2011. Slóð: <http://hdr.undp.org/en/statistics/>.

Unnur Birna Karlsdóttir (2010). *Þar sem fossarnir falla: Náttúrusýn og nýting fallvatna á Íslandi 1900-2008*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Valur Ingimundarson (1996). *Í eldlínu kalda stríðsins. Samskipti Íslands og Bandaríkjanna 1945-1960*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.

Vífill Karlsson (2001). *Byggðamál, vangaveltur um aðgerðir og aðgerðaleyfi*. Borgarnes: Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Atvinnuráðgjöf Vesturlands. Sótt á vef Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, 3. febrúar 2011. Slóð: http://www.ssv.is/files/Skra_0005172.pdf.

WCED (1987). *Our Common Future*. New York: Oxford University Press.

Williamson, J. (2005). The Strange History of the Washington Consensus.
Journal of Post Keynesian Economics, 27(2), 195-206.